



Fjölbrautaskólinn í Garðabæ

Sjálfsmatsskýrsla

Fjölbrautaskólans

í Garðabæ

Skýrsla um

Sjálfsmat FG

2005 - 2007

Unnin haustið 2007

af Kristni Þorsteinssyni aðstoðarskólameistara

-rafræn útgáfa-

Efnisyfirlit:

1.	Inngangur	4
1.1	Stutt lýsing á starfsemi skólans í tengslum við markmiðssetningu	4
1.2	Um sjálfssmatsskýrsluna	4
2.	Mat á skólastarfi	6
2.1	Sjálfsmat	6
2.2	Viðmið fyrir sjálfsmat	6
2.3	Ytra mat	7
3.	Sjálfmatsáætlun FG fyrir 2006-2007	8
3.1	Inngangur	8
3.2	Hvað á að meta?	8
3.2.1	Kennsla og námsárangur	8
3.2.2	Samskipti starfsmanna og starfsandi	9
3.2.3	Gæðahópar innan FG	9
3.3	Hverjir meta?	10
3.4	Hjálpartæki við matið	10
3.5	Tímaáætlun	10
3.6	Fjárhagsáætlun sjálfsmats árin 2006 - 2007	10
3.7	Birting sjálfsmats	10
3.8	Hvernig verður matið nýtt?	10
3.9	Umfang vinnu	11
4.	Stefnuskrá Fjölbrotaskólans í Garðabæ	12
4.1	Hlutverk	12
4.2	Markmið	12
4.3	Leiðir	12
5.	Deilimarkmið og framkvæmdaáætlanir 2005-2007	19
5.1	Deilimarkmið á árunum 2004 og 2006	19
5.2	Framkvæmdaáætlun árið 2006	20
5.3	Framkvæmdaáætlun árið 2007	21
5.4	Framkvæmdaáætlun árið 2008	22
6.	Skólanámskrá FG	24
7.	Starfslýsingar í FG	24
7.1	Skólameistari	25
7.2	Aðstoðarskólameistari	25
7.3	Áfangastjóri	25
7.4	Stallari	26
7.5	Kennslustjórar námsgreina	26
7.6	Kennslustjóri almennrar brautar	27
7.7	Kennslustjóri fjarnáms	27
7.8	Kennslustjórastarfsbrautar 2	27
7.9	Námsráðgjafi	28
7.10	Félagsráðunautur	28
7.11	Forvarnarfulltrúi	28
7.12	Umsjónarkennarar	29
7.13	Umsjónarkennari HG-hóps	29
7.14	Kennarar	29
7.15	Stuðningsfulltrúi	30
7.16	Fjármálastjóri	30
7.17	Kerfisstjóri	30
7.18	Forstöðumaður bókasafns	30
7.19	Bókasafnsfræðingar	30
7.20	Húsvörður	31
7.21	Skrifstofustjóri	31
7.22	Skólafulltrúi	31
7.23	Skólalæknir	31
7.24	Hjúkrunarfræðingur	31

7.25	Skólaliði	31
7.26	Matráður	31
7.27	Skólanefnd	32
7.28	Skólaráð	32
7.29	Kennarafundur	32
7.30	Gæðaráð	33
7.31	Nemendaráð	33
8.	Gæðavinna í FG skólaárið 2003-2004	34
8.1	Gæðahópar	34
8.2	Gæðaráð	34
8.3	Skýrslur gæðahópa frá starfsárunum 2005-2007	34
8.3.1	Greinargerð um störf gæðahóps 1	35
8.3.2	Skýrsla um starf gæðahóps 2 2006-2007	36
8.3.3	Skýrsla námsnetsnefndar	36
8.3.4	Skýrsla hóps um bætt félagslíf	37
8.3.5	Skýrsla gæðahóps 5	37
9.	Kennslukannanir meðal nemenda 2005-2007	47
9.1	Niðurstöður í dagskóla og fjarnámi 2005-2007	47
9.2	Samburður á meðaltölum frá vor 2003 til vorannar 2007	50
9.3	Helstu niðurstöður	50
10.	Sjálfsmat starfsmanna FG	52
10.1	Um niðurstöður viðhorfskönnunar starfsmanna FG 2006	52
10.2	Könnun HRM á starfsánægju starfsmanna FG	54
11.	Skýrsla stallara 2004 -2007	83
11.1	Í hverju er starfið fólgið?	83
11.2	Reglur um skólasókn	84
11.3	Hvernig gekk?	84
11.4	Viðhorf nemenda og kennara til starfs stallara	85
11.5	Á að styðja við bakið á ráðvilltum unglungum?	86
12.	Úrvinnsla gagna varðandi kennsluna	87
12.1	Námsárangur í einstökum greinum frá 2004 til 2007	87
12.2	Helstu niðurstöður	91
13.	Viðhorf nemenda	93
13.1	Opinn fundur nóv. 2005	93
13.2	Opinn fundur feb. 2006	96
13.3	Opinn fundur okt. 2006	98
13.4	Opinn fundur feb. 2007	101
13.5	Opinn fundur okt. 2007	104
14.	Skýrslur kennslustjóra	108
14.1*	Skýrsla dönsku- og þýsku og deildar fyrir skólaárið 2006-2007	108
14.2*	Eðlis- og efnafræði skýrsla fyrir veturinn 2006-2007	112
14.3*	Íslenskudeild skýrsla fyrir veturinn 2006-2007	113
14.4*	Skýrsla íþróttadeildar skólaárið 2006 - 2007	117
14.5*	Skýrsla samfélagsgreina skólaárið 2006-2007	118
14.6*	Skýrsla stærðfræðideildar skólaárið 2006-2007	123
14.7*	Skýrsla um kennslu í viðskiptagreinum veturinn 2006 – 2007	131
14.8*	Skýrsla raungreinadeildar skólaárið 2006-2007	133
14.9*	Kennaraskýrsla – Listnámsbraut –veturinn 2006-2007	135
14.10	Skýrsla forvarnafulltrúa september 2006 – maí 2007	137
14.11	Starfsbraut fyrir fatlaða nemendur - Skýrsla um skólaárið 2006 – 2007	138
14.12	Skýrsla kennslustjóra á almennri braut ág. 2002 – maí 2007	144
15.	Ytra mat - lokaorð	146

* Þessar skýrslur eru ekki birtar á netinu en eru geymdar í skólanum.

1 Inngangur

1.1 Stutt lýsing á starfsemi skólans í tengslum við markmiðssetningu.

Fjölbrautaskólinn í Garðabæ var formlega stofnaður 1. ágúst 1984 með sérstökum samningi, sem gerður var á milli menntamálaráðuneytisins og bæjarstjórnar Garðabæjar. Í samningi þessum er kveðið á um fyrirkomulag skólahalds og hljóðar 1. grein svo: „Í Garðabæ skal starfa skóli fyrir nemendur á framhaldsskólastigi er sjái um allt nám þar að loknum grunnskóla”.

Starfsemi Fjölbrautaskólans í Garðabæ er mótuð í samræmi við stefnuskrá skólans. Stefnuskráin er birt á heimasíðu FG. Stefnuskrá Fjölbrautaskólans í Garðabæ er tekin til endurskoðunar með reglulegu millibili. Stefnuskráin var yfirfarin í ágúst 2006 og voru þá gerðar nokkrar breytingar. Síðast var stefnuskráin yfirfarin í ágúst 2007 og ekki gerðar neinar breytingar þá. Endurskoðun stefnuskrárinnar er í höndum samráðsfundar stjórnenda, kennarafundar, skólaráðs og skólanefndar.

Hluti stefnuskrárinnar er framkvæmdaáætlun með deilimarkmiðum þar sem tilgreint er hvenær ákveðnum atriðum er hrint í framkvæmd til þess að fylgja settum markmiðum. Framkvæmdaáætlunin er samin í byrjun hvers skólaárs. Hún er yfirfarin mánaðarlega og þá er athugað hvernig gengið hefur að ná settum markmiðum. Sjá má stefnuskrána og framkvæmdaáætlunina í köflum fjögur og fimm.

1.2 Um sjálfsmatsskýrsluna

Frá stofnun skólans hefur markvisst verið unnið að því að bæta þjónustu við nemendur skólans. Mikið er til af gögnum um þetta rúmlega tveggja áratuga gæðastarf. Skólaárið 2001-2002 var skipulega hafist handa við gagnasöfnun, gagngert vegna sjálfsmatsins, um hvaðeina sem varðar skólastarfið og hefur þessari gagnasöfnun verið haldið áfram síðan. Jafnframt var unnið að úrvinnslu gagnanna og birtist hluti þeirrar gagnavinnslu í sjálfsmatsskýrslu vorið 2003, í ársskýrslum fyrir árin 2001, 2002 og 2003 og í sérstakri sjálfsmatsskýrslu 2004. Eftir árið 2004 var gögnum áfram safnað en ekki birt skýrsla fyrr en nú í október 2007. Þetta hlé á birtingu skýrslu skýrir hversu yfirgripsmikil skýrslan er en hún telur um 130 blaðsíður. Reynt er að gera, eftir því sem kostur er, grein fyrir þróun mála hvað varðar sjálfsmat síðustu 2-3 ára. Því hefur skýrslan tvíþætt hlutverk. Annarsvegar að gera grein fyrir hvernig tókst að fylgja sjálfsmatsáætlun 2006-2007. Hinsvegar að gera eins og áður segir grein fyrir þróun mála frá því síðast var gefin út skýrsla um sjálfsmat í FG.

Skýrslan er all ítarleg og yfirgripsmikil. Fyrst er greint almennt frá mati á skólastarfi. Í þriðja kafla er sjálfsmatsáætlun birt og jafnframt greint frá hvað var gert og vísað til kafla þar sem fjallað er um efni áætlunarinnar. Fjórði til sjöundi kafla greina frá stefnuskrá, framkvæmdaáætlun, skólanámskrá og starfslýsingum en efni þeirra er einnig að mestu birt á heimasíðu skólans. Áttundi kafla fjallar um gæðahópa, skipulag þeirra og viðfangsefni, þar eru jafnframt birtar skýrslur gæðahópa. Níundi og þrettándi kafla eru tileinkaðir nemendum. Í þeim níunda er fjallað um kennslukannanir sem eru framkvæmdar á hverri önn og sá þrettándi inniheldur fundagerðir opinna funda með nemendum sem einnig eru haldnir á hverri önn. Í tíunda kafla eru niðurstöður tveggja kannanna á starfsánægju starfsmanna. Önnur þeirra er unnin innan húss en hin af utanaðkomandi sérfræðingum. Í ellefta og tólfta kafla er fjallað um skólasókn og námsárangur og dregnar ályktanir af þeim gögnum sem þar koma fram. Í fjórtánda kafla eru birtar skýrslur kennslustjóra frá síðasta vetri og í fimmtánda kafla eru helstu niðurstöður dregnar saman. Þar er m.a. farið yfir tíu viðmið

menntamálaráðuneytisins um sjálfsmat og varpað ljósi á hvernig við í FG stöndum varðandi þessi tíu viðmið.

Eins og sagt er hér að framan hefur verið unnið markvisst gæðastarf í FG um langt skeið. Starfsmenn vinna í gæðahópum, nefndum og ráðum að eflingu skólastarfsins og er launað sérstaklega fyrir þessa vinnu. Í skólanum eru gerðar margvíslegar kannanir meðal nemenda og starfsmanna þar sem spurt er um ýmislegt sem varðar kennsluna, líðan nemenda, stjórnunarhætti í skólanum og hugmyndafræði hans, aðbúnað nemenda og starfsmanna, álit nemenda og kennara á námsáföngum sem kenndir eru, árangur skólastarfsins, svo og traust og ánægju hagsmunaaðila. Heildarniðurstöður allmargra þessara kannana eru birtar hér í skýrslunni.

Skýrt skal tekið fram að í þessari sjálfsmatsskýrslu eru aðeins helstu niðurstöður sem fram komu við úrvinnslu þeirra gagna sem sjálfsmatið tekur til. Í kaflanum um skólanámskrá FG er ágríp úr námsvísi sem kom út í apríl 2007 í endurskoðaðri útgáfu (12. útg.). Námsvísirinn er vistaður á heimasíðu skólans (<http://www.fg.is/>) þar sem einnig er að finna margvíslegar upplýsingar um skólastarfið í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ, svo sem þessa sjálfsmatsskýrslu.

2. MAT Á SKÓLASTARFI

Mati á skólastarfi er yfirleitt skipt í innra og ytra mat. Með innra mati er átt við sjálfsmat stofnunar, unnið af starfsmönnum hennar og ýmsum öðrum sem tengjast starfseminni. Með ytra mati er átt við úttekt á starfsemi stofnunar sem unnin er af utanaðkomandi aðilum.

Í 23. gr. VIII. kafla laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla er ákvæði um mat á skólastarfi. Þar er megináhersla lögð á sjálfsmat skóla. Menntamálaráðuneytið sér um að fram fari ytra mat á starfsemi einstakra skóla eða á einstökum þáttum skólastarfs og einnig að úttekt sé gerð á sjálfsmatsaðferðum skóla.

2.1 *Sjálfsmat*

Sjálfsmat er ein leið til þess að miðla þekkingu og upplýsingum um skólastarf. Sjálfsmat skóla er markmiðstengt og á að draga fram sterkar og veikar hliðar skólans. Megintilgangur þess er að gera starfsfólki skóla auðveldara að vinna að framgangi markmiða skólans, meta hvort þeim hafi verið náð, endurskoða þau og stuðla að umbótum. Þetta á jafnt við um markmið og áherslur í lögum, reglugerðum og aðalnámskrá og þau markmið sem skólarnir hafa sett fram í skólanámskrám. Um leið skapar sjálfsmat faglegan grundvöll fyrir umbætur.

Með sjálfsmati fer fram víðtæk gagnaöflun um skólastarfið sem veitir upplýsingar um í hve miklum mæli árangur skólastarfsins er í samræmi við markmið. Sjálfsmat er ekki unnið í eitt skipti fyrir öll heldur þarf það stöðugt að vera í gangi. Það er langtímamiðað en ekki einangruð aðgerð. Í sjálfsmatskýrslu skóla þarf m.a. að vera ítarleg lýsing og greining á markmiðum og starfi skólans. Jafnframt er mikilvægt að í sjálfsmatskýrslu skóla komi fram tillögur um úrbætur.

Í lögum um framhaldsskóla eru skýr ákvæði um að skólar skuli innleiða sjálfsmat í þeim tilgangi að leggja mat á starfsemi sína. Samkvæmt lögnum er skólum í sjálfsvald sett hvaða aðferðum þeir beita við sjálfsmatið. Í lögnum eru einnig ákvæði um að á fimm ára fresti skuli fara fram úttekt á þeim sjálfsmatsaðferðum sem skólar nota. **Sjálfsmatskýrsla FG er birt á heimasíðu skólans (<http://www.fg.is/>)**

2.2 *Viðmið fyrir sjálfsmat*

Þau atriði sem menntamálaráðuneytið leggur til grundvallar sem viðmið fyrir sjálfsmatsaðferðir eru eftirfarandi:

Formlegt. Lýsing á aðferðum við sjálfsmat þarf að liggja fyrir í sjálfsmatskýrslu, skólanámskrá og hugsanlega í fleiri skriflegum gögnum frá skólanum. Fram þarf að koma hvort um er að ræða viðurkennda sjálfsmatsaðferð eða samsetta og aðlagða aðferð. Gera þarf grein fyrir hvernig að sjálfsmatinu er staðið í heild. Í lýsingunni þarf að koma fram hverjir stjórnar verkinu, hverjir vinna það og til hverra það nær.

Altækt. Sjálfsmatið skal ná til allra helstu þátta skólastarfsins, þ.e. markmiða, stjórnunar, náms, kennslu, námsmats, nemenda, starfsfólks, aðbúnaðar og ytri tengsla. Ekki er þó gert ráð fyrir að skólar geti tekið jafn ítarlega á öllum þáttum á hverju ári.

Áreiðanlegt. Mikilvægt er að sjálfsmatið byggi á traustum gögnum og áreiðanlegum mælingum. Gögn úr bókhaldi skólans, t.d. námsferilsskrá og fjarvistaskrá, þurfa að vera tiltæk. Skólar geta þó ekki í öllum tilvikum byggt á tölulegum gögnum en þurfa þá að meta starf sitt með öðrum hætti, eins og með viðhorfakönnunum meðal ólíkra hópa s.s. nemenda, starfsfólks, foreldra, viðtökuskóla, almennings, atvinnulífs og brautskráðra nemenda.

Samstarfsmiðað. Allt starfsfólk þarf með einum eða öðrum hætti að koma að vinnu við sjálfsmatið. Við skipulagningu og undirbúning sjálfsmatsins þarf að kynna öllum starfsmönnum umfang verkefnisins. Jafnframt þarf að nást sátt um framkvæmd þess. Verkaskipting þarf að vera skýr og sömuleiðis stjórnun og ábyrgð. Á þessu stigi þarf að hafa í huga þátttöku nemenda, foreldra og annarra hagsmunaaðila í sjálfsmatinu.

Umbótamiðað. Í sjálfsmatsskýrslu þarf að birta aðgerða- og starfsáætlun um þær umbætur í skólasterfinu sem vinna þarf að í kjölfar sjálfsmats. Einnig þarf að birta upplýsingar um hvernig markmiðum umbótaáætlunar verði náð. Viðmið um hvað bættur árangur felur í sér þurfa að vera skilgreind.

Árangursmiðað. Skólinn skal vinna að því að meta hvort markmiðum skólans hafi verið náð og hvaða árangri skólasterfið hefur skilað út frá viðmiðum sem hann hefur sett sér. Þetta geta t.d. verið viðmið um námsárangur, vellíðan, umgengni, fjarvistir og brottfall.

Stofnana- og einstaklingsmiðað. Sjálfsmatið þarf að beinast bæði að stofnuninni sjálfri og einstaklingum innan hennar. Sem dæmi um þetta má nefna mat á frammistöðu skólans í marktækum samanburði við aðra, t.d. í mælanlegum virðisauka í námsmati og í mati á stjórnun og kennslu.

Lýsandi. Í sjálfsmatsskýrslu þarf að vera stutt hnitmiðuð lýsing (texti, myndir, töflur) á starfsemi skólans. Lýsingin þarf að hafa tengsl við markmiðssetningu.

Greinandi. Í sjálfsmatsskýrslu þarf að birta styrk- og veikleikagreiningu sem sett er fram kerfisbundið við hvern þátt matsins og birt í samantekt í lokin.

Opinbert. Fyrirfram þarf að ákveða hverjir hafa aðgang að tilteknum þáttum sjálfsmatsins en sjálfsmatsskýrslu þarf að birta opinberlega. Hér þarf að tryggja að haldin séu í heiðri ákvæði gildandi laga, m.a. um meðferð persónuupplýsinga.

2.3 Ytra mat

Úttektir á sjálfsmatsaðferðum

Úttektir á sjálfsmatsaðferðum skóla byggjast m.a. á mati á sjálfsmatsskýrslu viðkomandi skóla, heimsókn í skólann og viðtölum við stjórnendur og fulltrúa starfsmanna og nemenda. Til að fá sem skýrasta mynd af sjálfsmatsferlinu þurfa úttektaraðilar að kynna sér hvaða gögn skólinn hefur lagt til grundvallar sjálfsmatinu, úrvinnslu þeirra gagna og þær aðferðir sem skólinn hefur notað við sjálfsmatið. Sem dæmi um gögn skóla má nefna upplýsingar um nýtingu tíma, árangur á prófum, foreldrasamstarf og menntun og endurmenntun starfsmanna.

Hluti upplýsingaöflunar getur falist í viðhorfakönnunum. Þau viðmið fyrir vinnu við sjálfsmat sem fjallað er um hér að framan liggja einnig til grundvallar úttektum á sjálfsmatsaðferðum.

Úttektir á skólasterfi

Sem hluti af almennri eftirlitsskyldu menntamálaráðuneytisins getur það látið fara fram úttektir á skólasterfi. Slíkar úttektir geta tekið til ákveðinna þátta í skólasterfi, t.d. úttektir á kennslu í ákveðinni námsgrein en geta einnig falið í sér heildarmat á starfi einstakra skóla.

Megintilgangur ytra mats á skólum er að fá heildarmynd af skólasterfinu eða einstökum þáttum þess eins og það er á hverjum tíma. Sjónum er beint að ýmsum þáttum í innra starfi skólanna, svo sem stjórnun, kennslu, þróunarstarfi, endurmenntun starfsmanna, samstarfi og samskiptum í skólanum, námsárangri og tengslum skólans við samfélagið.

3. Sjálfsmatsáætlun FG fyrir 2006-2007

Hér á eftir er sjálfsmatsáætlun FG fyrir árið 2006-2007. Hún var send inn til menntamálaráðuneytisins í október 2006 og birt á heimasíðu skólans. Fyrir aftan hvern hluta er feitletrað hvernig gekk að uppfylla áætlunina. Í flestum tilfellum er vísað til kafla þar sem fjallað er um efni sem tengist samsvarandi efni í áætluninni.

3.1 *Inngangur.*

Sjálfsmat er orðinn fastur hluti af skólastarfi í FG. Margt er gert og margt verður gert á skólaárinu 2006-2007. Skólinn er með stefnuskrá sem birt er á heimasíðu skólans og endurskoðuð á hverju ári. Skólinn setur sér markmið sem eru birt á heimasíðu skólans og endurskoðuð á hverju ári. Einnig er margt annað mat í gangi bæði formlegt og óformlegt. Nánari lýsing er hér fyrir neðan. **Stefnuskrá FG er birt í kafla 3. Deilimarkmið og framkvæmdaráætlanir FG og hvernig þau markmið þeirra hafa náðst eru í kafla 4.**

3.2 *Hvað á að meta?*

3.2.1 *Kennsla og námsárangur*

- Kennsla verður metin í könnunum sem verða lagðar fyrir alla nemendur skólans í öllum námsáföngum í lok nóvember (síðustu kennsluviku haustannar). Niðurstaða þeirrar könnunar verður borin saman við kannanir frá umliðnum árum. Kennarar fá niðurstöður kennslukannana hjá aðstoðarskólameistara og skólameistara. Þar er niðurstaðan rædd. Hvað er gott og hvað má betur fara og markmið næstu anna sett fram. Kennslumatið fer fram í Myschool sem er það námskerfi sem notað er í FG. **Kennslumatið var framkvæmt eins og um er talað hér að ofan. Niðurstöðurnar má sjá í kafla átta. Þar eru birtar niðurstöður síðustu ára sem og samanburður á niðurstöðum síðan þessar kannanir hófust.**
- Námsárangur er metinn með hliðsjón af námsárangri síðustu anna. Kennslustjórar munu stýra starfi innan sinna deilda sem felst í að bera saman námsárangur á milli ára. Í lok hveðrar annar leggja kennslustjórar deilda fram skýrslur um þá áfanga sem kenndir eru undir þeirra stjórn. **Í kafla 11 er birtur námsárangur síðan á vorönn 2004 og fram til vorannar 2005. Reiknuð eru meðaltöl allra áfanga sem og anna. Í lokin eru dregnar saman niðurstöður. Í kafla 13 eru skýrslur kennslustjóra. Þar er farið yfir flesta áfanga hvað gekk vel og hvað má betur fara.**
- Í skólanum er starfandi stallari sem m.a. fylgist með skólasókn nemenda. Hann heldur utan um gögnin og ber saman skólasókn milli anna. Unnið er markvisst að því að bæta skólasókn og hafa reglur um mætingu verið hertar umtalsvert. Þetta starf er liður í því að vinna gegn brottfalli í skólanum. Stallari mun í lok vorannar 2007 leggja fram skýrslu um hvernig til hefur tekist. **Skýrsla stallara er í kafla 10. Þar sem nú er tekinn við nýr stallari má líta á skýrsluna sem uppgjör starfs stallara síðustu þrjú ár.**
- Á vorönn 2006 var tekið upp gæðastjórnunarkerfi á prófum. Við gerð þess var stuðst við fyrirmyndir frá Fjöltækniskóla Íslands og aðlagð að þörfum FG. Á haustönn 2006 er unnið við að slípa kerfið til. Verki þessu er stjórnað af gæðahóp. Á vorönn verður tekið upp sambærilegt kerfi með kennsluáætlanir og athugun á samræmi námskrár og innihaldi áfanga og það kerfi sett í ferla. **Það reyndist talsvert erfiðara að koma á sátt um nýtt prófafyrirkomulag en búist var við. Því dróst að taka upp sambærilegt kerfi með kennsluáætlanir. Því verki var því frestað fram á vorönn 2008. Nánar má lesa um framgang gæðastjórnarmála í skýrslu hópsins í kafla 7.3.5.**

- Breytingar verða gerðar á gerð námsáætlana á vorönn 2007. Þá verða allar námsáætlanir gerðar í tölvu og mun þá yfirferð námsáætlana batna til muna og jafnframt verða auðveldari. Framtíðarmarkmið er að allar námsáætlanir verði í INNU. **Þetta var framkvæmt, en ekki er almenn ánægja með breytingarnar. Nú er búið að stofna nefnd sem í sitja tveir kennarar, námráðgjafi og áfangastjóri til að leggja fram hugmyndir að breyttu fyrirkomulagi.**

3.2.2 *Samskipti starfsmanna og starfsandi*

- Sérstakur gæðahópur hefur með höndum vellíðan starfsmanna. Unnið er að könnun á starfsanda innan skólans. Það verk er unnið af gæðahóp innan skólans (sjá hér fyrir neðan). Könnun þessi fer fram á haustönn 2006. Utanaðkomandi sérfræðingar munu koma að þessum málum á vorönn 2007. **Þessi könnun var framkvæmd og birtist niðurstaðan aðallega í kafla 9.1 en einnig stuttlega í skýrslu gæðahópsins í kafla 7.3.1.**

3.2.3 *Gæðahópar innan FG*

- Fimm gæðahópar eru starfandi í FG. Allir hópar munu skila skýrslum í lok vorannar 2007. Núverandi viðfangsefni eru:

Hópur eitt, verkefni:

- Bætt umhverfi (leiðir til að bæta umgengni, umhirðu o.fl.).
- Vellíðan starfsmanna (húsnæði, vinnuaðstaða, búnaður, mötuneyti o.fl.).
- Viðhorfskönnun meðal starfsmanna. **Sjá skýrslu gæðahóps í kafla 7.3.1.**

Hópur tvö, verkefni:

- Árangur nemenda í námi.
- Vellíðan nemenda.
- Viðhorfskönnun meðal nemenda. **Sjá skýrslu gæðahóps í kafla 7.3.2.**

Hópur þrjú, verkefni:

- Myschool kerfið (náms og kennslukerfi) framkvæmd og endurbætur. **Sjá skýrslu gæðahóps í kafla 7.3.3.**

Hópur fjögur, verkefni:

- Bætt félagslíf nemenda.
- Útgáfustarfsemi á vegum NFFG.
- Stuðningur við þátttöku í Spurningakeppni framhaldsskóla.
- Stuðningur við þátttöku í Morfís. **Þessi hópur var ekki virkur á síðasta vetri og skilaði ekki skýrslu.**

Hópur fimm, verkefni:

- Formlegt sjálfsmat í FG. **Sjá skýrslu gæðahóps í kafla 7.3.5.**

3.3 *Hverjir meta?*

- Á haustönn verður matið í höndum nemenda og starfsmanna FG. Nemendur munu eins og síðustu annir meta alla þá áfanga sem þeir stunda nám í. Á þetta jafnt við um fjarnám og dagskóla. **Kennslumatið var framkvæmt eins og um var talað. Sjá kafla 11.**
- Starfsmenn munu taka þátt í viðhorfskönnun. **Viðhorfskönnun var framkvæmd eins og um var talað. Sjá kafla 7.3.1 og kafla 9.1.**
- Á vorönn verða utanaðkomandi sérfræðingar fengnir til að meta starfsanda innan skólans. **Fyrirtækið HRM var fengið til að rannsaka starfsánægju innan FG og eru niðurstöðurnar birtar í kafla 9.2.**

3.4 *Hjálpartæki við matið.*

- Spurningalistar, viðhorfskannanir, einkunnagögn, skólasóknargögn, brottfallsgögn, o.s.frv. Einnig verður leitað til sérfræðinga. **Stóðst.**

3.5 *Tímaáætlun.*

- Könnun á starfsanda í nóvember 2006. **Stóðst.**
- Kennslumatskönnun í nóvember 2006. **Stóðst.**
- Utanaðkomandi sérfræðingar í mars 2007. **Stóðst.**
- Kennslumatskönnun í apríl 2007. **Stóðst.**
- Skýrsla gæðahópa í júní 2007. **Aðallega í september 2007.**
- Skýrsla kennslustjóra í júní 2007. **Stóðst.**
- Skýrsla stallara í júní 2007. **Barst í október 2007.**
- Söfnun og flokkun gagna ágúst 2006 - júní 2007. **Vinnan stóð fram í október.**
- **Skýrsla um sjálfsmat FG í október 2007.**

3.6 *Fjárhagsáætlun sjálfsmats og gæðastarfs skólaárið 2006-2007.*

- Utanaðkomandi sérfræðingar kr. 500.000
- Kennslukannanir kr. 300.000
- Gæðahópar kr. 975.000
- Sjálfsmatsskýrsla kr. 350.000
- Samtals kr. 2.125.000. **Heildarkostnaður liggur ekki fyrir.**

3.7 *Birting sjálfsmats.*

- Skýrslur allra hópa og ráða verða geymdar hjá skólameistara.
- Sjálfsmatsskýrsla verður birt á heimasíðu skólans í október 2007. **Stóðst.**

3.8 *Hvernig verður matið nýtt?*

Sjálfsmat og gæðastarf er í dag órjúfanlegur hluti skólastarfsins. Skýrslur sem lagðar eru fram eru nýttar til að bæta skólastarfið, móta starfsmannastefnu og setja markmið næstu ára. Einnig felst í gæðastarfinu beinar aðgerðir sem hafa strax áhrif á það starf sem hér er innt af hendi. Má þar sérstaklega benda á gæðahópa þrjú, fjögur og fimm sem getið er hér að ofan.

3.9 Umfang vinnu.

- Nemendur - kennslukönnun, u.þ.b. ein klst. á nemanda, alls 900 klst.
- Starfsmenn - viðhorfskönnun, u.þ.b. ein klst. á starfsmann, alls 70 klst.
- Matshópur, u.þ.b. 30 klst.
- Stjórnendur og skrifstofa (gagnasöfnun og úrvinnsla gagna) 100 klst.
- Gæðahópar 250 klst.
- Sjálfsmatsskýrsla 150 klst. **Heildarumfang vinnu liggur ekki fyrir.**

4. Stefnuskra Fjölbrautaskólans í Garðabæ

Fjölbrautaskólinn í Garðabæ vill með stefnuskra sinni skapa hin bestu skilyrði til að þjóna því hlutverki sem honum er ætlað samkvæmt lögum, reglugerðum og Aðalnámskra framhaldsskóla.

Stefnuskráin er unnin af skólanefnd, starfsmönnum og nemendum skólans og er árlega tekin til endurskoðunar.

Fjölbrautaskólinn í Garðabæ vill með stefnuskra sinni skapa hin bestu skilyrði til að þjóna því hlutverki sem honum er ætlað samkvæmt lögum, reglugerðum og aðalnámskra framhaldsskóla. Stefnuskraín er unnin af starfsmönnum og nemendum skólans og er árlega tekin til endurskoðunar.

4.1 Hlutverk

Hlutverk Fjölbrautaskólans í Garðabæ er að efla alhliða þroska nemenda skólans svo að þeir geti tekið virkan þátt í samfélaginu, í starfi, frekara námi og leik. Fjölbrautaskólinn í Garðabæ mun leitast við að:

- bjóða upp á fjölbreytt og gott nám, bæði bóklegt og verklegt,
- hvetja nemendur til stöðugrar þekkingarleitar og þjálfna þá í öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum,
- auka víðsýni nemenda, efla frumkvæði þeirra og þjálfna þá í gagnrýninni hugsun,
- efla ábyrgðarkennd nemenda, sjálfstraust þeirra, háttvísi og umburðarlyndi,
- þjálfna nemendur í að njóta menningarlegra verðmæta,
- stuðla að því að nemendur temji sér heilbrigðan lífsstíl.

4.2 Markmið

Meginmarkmið skólans er að námið stuðli að alhliða þroska nemenda svo að þeir verði sem best búnir undir að taka virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi.

4.3 Leiðir

Markmiðum þessum hyggst skólinn ná með því að huga sérstaklega að þessum þáttum:

- ◆ **Námsframboð, innritun, kennsla og stoðþjónusta.**

Mikilvægt er að skólinn veiti nemendum eins fjölbreytta og góða þjónustu og unnt er til þess að nemendur hljóti góða almenna menntun og fái um leið góðan undirbúning fyrir framhaldsnám.
- **Námsframboð**
 - Áhersla er lögð á traust almennt bóknám í samræmi við Aðalnámskra framhaldsskóla.
 - Skólinn styrkir markvissa uppbyggingu listnámsbrautar að fengnum tillögum frá kennslustjóra list- og verkgreina. Nýtt húsnæði með bættri aðsöðu til kennslu verður tekið í notkun eigi síðar en árið 2009.

- Skólinn eflir uppbyggingu náms í markaðsfræði, upplýsingafræðum, fjölmiðlafræði, íþróttafræði og viðskipta- og hagfræði að fengnum tillögum frá kennslustjórum þessara greina.
- Skólinn styrkir markvissa uppbyggingu náms á starfsbraut 2 að fengnum tillögum frá kennslustjóra brautarinnar. Nýtt húsnæði með bættri aðsöðu til kennslu verður tekið í notkun eigi síðar en árið 2009.
- Skólinn styrkir markvissa uppbyggingu náms á almennri námsbraut að fengnum tillögum frá kennslustjóra brautarinnar. Starfsnám verði hluti af námi brautarinnar. Nemendur myndi sérstaka hópa á brautinni að fengnum tillögum frá kennslustjóra og geri samning við skólann um ástundun.
- Boðið er upp á sérþjónustu í HG-hópi, hópur-hraði-gæði, fyrir nemendur með góðar einkunnir úr 10. bekk grunnskóla.
- Fjarkennsla er í boði í sem flestum áföngum.

- **Innritun nemenda**

- Sérstakar viðmiðunarreglur varðandi innritun nemenda eru árlega afgreiddar í skólaráði og skólanefnd.
- Um skráningu nemenda gilda reglur sem skólaráð setur.

- **Kennsla**

- Kennslustjórar og kennarar taka markmiðssetningu árlega til skoðunar. Í markmiðssetningu komi skýrt í ljós til hvers sé ætlast með náminu og með hvaða hætti það verði best kynnt nemendum.
- Kennslustjórar bendi stjórnendum skólans reglulega á leiðir er hvetji kennara til að örva nemendur í tímum og veita þeim jákvæða athygli og umbun fyrir gott starf.
- Kennslustjórar og kennarar skoða a.m.k. árlega aðferðir við námsmat, s.s. próf, skil verkefna, umbun, takmarkanir o.fl. Hugað verði sérstaklega að samræmi og jafnræði við námsmat.
- Kennsluáætlanir í hverjum áfanga eru lagðar fyrir nemendur í fyrsta tíma námsgreinar á hverri önn. Í kennsluáætlunum er skilgreint hvernig námsmat fyrir hvern áfanga er sett saman.
- Kennslustjórar skipuleggja sérstaka úttekt á námsárangri nemenda skólans með reglulegu millibili. Leitað er skýringa á sýnilegum vandamálum og sérstaklega skoðað hverju megi breyta án þess að kröfur verði minnkaðar.
- Kennslustjórar geta skipulagt samþættingu námsgreina í samráði við viðkomandi kennara.
- Kennslustjórar kanna möguleika á nýjungum í kennsluháttum.
- Kennarar skipuleggja vettvangskennslu í samráði við kennslustjóra.
- Skólinn veitir viðurkenningar fyrir framúrskarandi námsárangur og frábæra skólasókn eftir settum reglum sem kennslustjórar setja í samráði við aðra stjórnendur skólans.

- **Stoðþjónusta**

- Náms- og starfsráðgjafar verða tveir í samanlagt 150% starfi miðað við 700 - 750 nemendur.
- Stoðþjónusta tekur mið af skólastefnu Menntamálaráðuneytis.
- Starfsmenn bókasafns verða tveir í samanlagt 175% starfi miðað við 700 - 750 nemendur.
- Á bókasafni skólans verður góð lesaðstaða fyrir nemendur.
- Bókasafnið býður upp á sem flesta þætti upplýsingatækni.
- Bókasafnsstjórn setur markmið um uppbyggingu safnsins.

- Nemendur með sértæka námsörðugleika fá eins mikla aðstoð við námið og fjárveitingar leyfa.
- Kennslustjórar skipuleggja stoðkennsla í íslensku, ensku og stærðfræði.
- Nemendum skólans er boðið upp á sálfræðipjónustu á vegum skólans í samráði við námsráðgjafa.
- Nemendum skólans er boðið upp á lækniþjónustu á vegum skólans og Heilsugæslunnar í Garðabæ. Þjónustan er nánar auglýst í skólanum á skólatíma.

◆ **Stjórnun**

Verkaskipting er birt í starfslýsingum allra starfsmanna skólans. Stjórnendur skólans gera árlega áætlun um einfaldar og greiðar boðleiðir innan skólans. Reglur skólans skulu vera skýrar og öllum aðgengilegar.

● **Verkaskipting**

- Handbók starfsmanna er endurskoðuð reglulega. Í handbókinni eru allar nauðsynlegustu upplýsingar um starfsemi skólans. Handbók starfsmanna er gefin út í rafrænu formi.
- Starfslýsingar starfsmanna skólans eru birtar í handbók starfsmanna. Þær eru endurskoðaðar reglulega. Lög, reglugerðir og aðrar tilskipanir frá Menntamálaráðuneyti geta breytt starfslýsingum.
- Á helstu námssviðum eru kennslustjórar ráðnir úr hópi kennara.
- Gæðaráð stýrir sjálfsmati í skólanum. Starfssvið þess er skilgreint í starfslýsingum.
- Gæðastjórnun í skólanum er altæk. Nemendur taki virkan þátt í þessu starfi. Haldinn er opinn fundur einu sinni á önn fyrir nemendur og nemendum verði gert kleift að leggja mat á þá þjónustu sem skólinn býður upp á. Nemendur gera athugasemdir og leggja fram tillögur um það hvernig skólinn á að búa þá undir framtíðina.
- Sjálfsmat í skólanum er unnið með markvissum hætti. Áhersla er lögð á viðhorfskannanir meðal nemenda og starfsmanna. Einnig er lögð áhersla á að próf verði samin og próf fari fram eftir settum reglum.
- Jafnréttisáætlun skólans er endurskoðuð reglulega og birt á heimasíðu skólans.
- Helstu stjórnendur skólans halda reglulega samráðsfundi.
- Starfsmönnum skólans verði gert kleift eins og unnt er að sækja ráðstefnur og námskeið sem tengjast starfi þeirra.

● **Boðleiðir**

- Fundir skólanefndar eru að jafnaði mánaðarlega. Skólaráð heldur fundi að jafnaði hálfsmánaðarlega á skólatíma. Kennarafundir eru að jafnaði haldnir einu sinni í mánuði á skólatíma.
- Vinnufundir umsjónarkennara eru skipulagðir í samvinnu við þá í upphafi hverrar annar, sérstaklega í tengslum við námsáætlanir og val.
- Í byrjun hverrar annar eru ákveðnir sérstakir faglegir fundir fyrir kennara sem sinna ýmsum hlutverkum, s.s. kennslustjórn, kennslu ákveðinna námsgreina og umsjón með nemendum.
- Allar almennar tilkynningar til starfsmanna eru sendar í tölvupósti.
- Skólameistari, aðstoðarskólameistari, áfangastjóri, tveir fulltrúar kennslustjóra og námsráðgjafar halda vikulega samráðsfundi.
- Skólameistari, aðstoðarskólameistari og fjármálastjóri halda samráðsfundi vikulega.
- Helstu verkefni vikunnar eru send í tölvupósti í byrjun hverrar viku.
- Umsjónarkennarar fá vitneskju um málefni umsjónarnemenda sinna þegar við á.

● **Reglur skólans**

- Auk laga og reglugerða gilda í skólanum þessar reglur:
 - Almennar skólareglur.
 - Skólasóknarreglur.
 - Reglur um skráningu nemenda.
 - Reglur um forgangaröð í innritun.
 - Reglur um fjárfar.
 - Reglur um skóladansleiki.
 - Reglur um dimission.
 - Reglur um notkun og leigu húsnæðis.
 - Reglur skólans eru afgreiddar í skólaráði og sendar skólanefnd.
 - Reglur skólans eru endurskoðaðar reglulega.
 - Reglur skólans eru birtar á heimasíðu FG.
 - Nýjum starfsmönnum og nýjum nemendum er bent á að kynna sér reglurnar á heimasíðu skólans.
- ◆ **Aðstaða**

Mikilvægt er að skólinn geti skipulagt starfsemi sína við eins góðar aðstæður og unnt er. Þess verði sértaklega gætt að gengið sé vel um húsnæði og farið vel með allan þann búnað sem skólinn á. Hugað verði vel að viðhaldi húsnæðis og nauðsynlegum breytingum.
 - **Húsnæði skólans**
 - Unnið er við undirbúning að viðbyggingu skólans fyrir list- og verkgreinakennslu og kennslu á starfsbraut 2.
 - Unnið er að lagfæringum á húsnæði bókasafns og tölvustofa.
 - **Búnaður skólans**
 - Skólinn kaupir eins fullkominn tölvubúnað og kostur er samkvæmt tillögum tölvu- og tækjanefndar skólans.
 - Allur annar nauðsynlegur kennslubúnaður er endurnýjaður samkvæmt tillögum tölvu- og tækjanefndar skólans
 - ◆ **Félagslíf nemenda**

Heilbriggt og þróttmikið félagsstarf, þar sem allir nemendur taka virkan þátt, er aðall skólans. Skólinn vill styrkja og efla félagslíf nemenda innan skólans.
 - **Félagslíf fyrir alla**
 - Skólaráð setur og kynnir áætlun um helstu þætti eins fjölbreytts félagslífs og unnt er. Nemendur hafa aðgang að húsnæði skólans utan daglegs skólatíma í samræmi við reglur sem skólaráð setur.
 - **Heilbrigðir lífshættir**
 - Skólaráð samþykkir áætlun þar sem gert er ráð fyrir að styrkja sérstaklega þá þætti félagslífsins þar sem lítil hætta er á að nemendur neyti áfengis eða ólöglegra vímuefna.
 - Forvarnastarf er skipulagt í samvinnu við forvarnafulltrúa, starfsmenn skólans, nemendafélagið, bæjaryfirvöld og allar þær stofnanir sem kunna vel til verka.
 - Árshátíð skólans er haldin hverju sinni með vandaðri dagskrá og í skólanum.
 - Gala-kvöld er haldið í skólanum einu sinni á skólaári.
 - Skólaráð setur reglur um skóladansleiki.
 - Skólaráð setur reglur um dimission.

- **Stuðningur**
 - Skólinn útvegar nemendafélaginu nauðsynlegan tækjabúnað, s.s. tölvur o.fl.
 - Skólaráð fylgist vel með því hvernig fjármunum nemendafélagsins er varið.
 - Stjórn skólans veitir nemendum reglulega viðurkenningar fyrir gott félagsstarf.
 - Heimilt er með samþykki skólaráðs að leita til fyrirtækja til að styrkja hollar og góðar skemmtanir nemenda í skólanum.

- ◆ **Umgengni**

Skólaráð setur reglur um umgengni í skólahúsnæðinu og á skólalóðinni. Húsnæðið og umhverfi þess setur mönnum ákveðin mörk.

- **Skólahúsnæðið**
 - Reykingar eru ekki leyfðar í skólanum.
 - Engum er leyft að ganga um skólann á útiskóm. Skógeymsla er í anddyri skólans og auk þess geta nemendur fengið skápa án gjalds.
 - Matar og drykkjar má einungis neyta í mötuneytum nemenda og kennara og Miðgarði.

- **Lóð skólans**
 - Umhverfisáætlun skólans er endurskoðuð reglulega og birt á heimasíðu skólans.
 - Nemendur eru ráðnir til að þrifa lóð skólans reglulega.
 - Bílastæði starfsmanna eru sérstaklega merkt. Sérstök merki á bifreiðum gilda á þeim stæðum. Ómerktar bifreiðar verða fjarlægðar af bílastæðum starfsmanna.
 - Lögð er áhersla á gætilegan akstur, sérstaklega vegna ungra vegfarenda. Lögregla og bæjaryfirvöld eru skólanum til aðstoðar í þessum málum.

- ◆ **Ástundun nemenda**

Nemendur eru reglulega minntir á að nám í skólanum er fullt starf sem ber að sinna af alúð og samviskusemi. Samkvæmt skólasóknarreglum er heimilt að vísa nemanda frá námi og prófum uppfylli hann ekki lágmarkskröfur um skólasókn. Skólaráð afgreiðir álitamál í þessum efnum.

- **Daglegt starf í skólanum**
 - Gagnkvæm virðing, heiðarleiki og ábyrgð skulu ríkja í samskiptum nemenda og starfsfólks.
 - Vinnufriður skal ríkja í skólanum. Nemendum ber að koma undirbúnir í kennslustundir, vera virkir og lúta verkstjórn kennara. Kennurum er heimilt að vísa nemendum úr tíma valdi þeir ítrekuðu ónæði.
 - Umsjónarkennarar kalla nemendur í viðtöl og ræða við þá um skólasókn og ástundun í námi.

- **Skólasókn**
 - Skólaráð setur reglur um skólasókn.
 - Skylt er að sækja allar kennslustundir stundvíslega.
 - Fjarvistaskráning er í höndum kennara.
 - Starfsmenn skólans sýni nemendum gott fordæmi með stundvísi. Ekki er hringt inn eða út úr tímum. Kennarar stilla klukkur í kennslustofum og húsvörður á öðrum stöðum í skólanum.
 - Nemendum ber að tilkynna veikindi í síma hvern veikindadag. Heildarskólasókn nemenda er skráð í Innu.

- Foreldrar, sem stunda nám við skólann, geti sótt um frjálsa skólasókn til skólaráðs sem setur þeim ákveðin skilyrði varðandi námið.
 - Skólasókn getur verið hluti kennaraeinkunnar. Skýrt komi fram í kennsluáætlun hlutfall skólasóknar í kennaraeinkunn.
- ◆ **Samvinna við íbúa, fyrirtæki og aðra skóla**
- Húsnæði skólans má nota til ýmiss konar starfsemi utan hefðbundins skólatíma. Íbúum Garðabæjar og Álftaness skal reglulega bent á að húsnæðið gefur mikla möguleika á starfsemi af ýmsu tagi. Þar má nefna fundahöld, tónleika, fyrirlestra, leiksýningar, kvikmyndasýningar, veislur, listsýningar, íþróttaviðburði og skemmtanir af ýmsu tagi. Mikilvægt að slíkir menningar-, íþrotta- og listviðburðir verði sem mest færðir inn í hefðbundið skólastarf.
- **Fjölbreytni**
 - Skólinn býður upp á ýmiss konar kvöld- og helgarnámskeið fyrir almenning.
 - Skólinn skipuleggur námskeið fyrir starfsmenn fyrirtækja og félaga í ýmsum samtökum.
 - Kennslustjórar gera áætlanir um gestafyrirlesara í kennslutímum, t.d. úr hópi foreldra nemenda skólans og fyrrverandi nemenda FG. Skólinn greiðir fyrir slíka vinnu.
 - **Efld verði samvinna við ýmsa aðila**
 - Skólinn vinnur markvisst að samvinnu við sem flestar stofnanir og félög í Garðabæ og Álftanesi, s.s. kirkju, nefndir ýmiss konar og íþrottafélög.
 - Skólinn vinnur að samvinnu við ýmis fyrirtæki á svæðinu. Fyrirtækin taki nemendur í starfsþjálfun í samráði við skólann.
 - Kennslustjórar skipuleggja samskipti við skóla innanlands og erlendis í samráði við stjórnendur skólans.
 - Skólaheimsóknir innan lands eða utan eru árlegir viðburðir. Námsferðum er hagað þannig að sem flestir eigi möguleika á þátttöku.
 - Góðvinafélag FG heldur a.m.k. einn almennan fund á skólaári í skólanum og kynnir starf sitt.
 - Foreldrafélag FG heldur a.m.k. einn almennan fund á skólaári í skólanum og kynnir starf sitt. Stjórn félagsins á einn áheyrnarfulltrúa í skólanefnd FG.
 - ◆ **Kynningarstarf**

Mikilvægt er að skólinn sé kynntur með skipulögðum hætti sem virk mennta- og uppeldisstofnun með fjölbreytta þjónustu fyrir nemendur á framhaldsstigi og fullorðið fólk.
 - **Útgáfustarf**
 - Á heimasíðu skólans eru allar upplýsingar um starf Fjölbrautaskólans í Garðabæ. Heimasíðan er uppfærð reglulega. Heimasíðunefnd annast ritstjórn síðunnar.
 - Skólinn og nemendafélagið gefa út sameiginlega Fréttablað með helstu upplýsingum um starfsemi skólans. Fréttablaðið kemur út a.m.k. fjórum sinnum á skólaári.
 - Skólaráð hefur eftirlit með útgáfumálum nemenda.

- **Önnur kynning á starfsemi skólans**
- Skólinn gefur út ársskýrslu liðins árs og ársáætlun byrjaðs árs fyrir 15. febrúar ár hvert.
- Starfsemi skólans er kynnt fyrir íbúum bæjarfélaganna með ýmsu móti, s.s. kynningarbæklingum, heimasíðum greina og vönduðum auglýsingum. Íbúum er boðið reglulega í heimsókn í skólann t.d. á sýningar, skemmtikvöld, tónlistarkvöld o.fl., s.s. í samvinnu við foreldrafélag skólans.
- Áhersla er lögð á kynningu á góðu almennu bóknámi og sérhæfðu námsframboði skólans, FG sem virkum skóla í samfélagi (Community School) og átaki skólans í ýmsum málum, s.s. forvarnastarfi, reykingabanni, öflugum og fjölbreyttu félagslífi, almennri umgengni o.fl.
- Skólinn er virkt afl í menningarlífi Garðabæjar og Álftaness.

5. Deilimarkmið og framkvæmdaáætlanir á árunum 2005-2006

5.1 Deilimarkmið á árunum 2004 og 2005:

Deilimarkmið á árunum 2004 og 2005:	V'04	H'04	V'05	H'05
94% allra innritaðra nemenda skili sér í próf í annarlok.	96,1%	97,0%	96,0%	98,0%
90% innritaðra nemenda á almennri braut skili sér í próf í annarlok.	100,0%	100,0%	100,0%	98,0%
80% innritaðra nemenda á almennri braut ljúki skilgreindu lokaprófi eða haldi áfram námi á öðrum brautum.	75,0%	#	94,0%	#
92% nemenda verði með yfir 80% skólasókn í lok annar.	75,0%	72,0%	58,0%	92,3%
90% nemenda á almennu brautinni verði með yfir 90% skólasókn í lok annar.	8,0%	65,0%	69,0%	
Nýting í hópum verði a.m.k. 95% að meðaltali.	96,4%	103,1%	91,1%	98,5%
Mismunur hópastærða í sömu áföngum verði ekki meiri en 15%.	50,0%	46,0%	28,0%	#
Skólanámskrá verði endurskoðuð í byrjun hvers skólaárs.	Afgr.	Afgr.		Afgr.
Sjálfsmatsskýrsla verði gefin út árlega.	Afgr.			
Viðhorfskannanir meðal nemenda verði í lok hvernar annar.	Afgr.	Afgr.	Afgr.	Afgr.
Þeir nemendur almennu brautar I, sem stunda námið vel, verði verðlaunaðir sérstaklega.	Afgr.			
Kynningarriti um fjarnám í skólanum verði dreift til íbúa Garðabæjar og Álftaness í byrjun hvers skólaárs.		Afgr.	Afgr.	
Boðið verði upp á reglulega stoðtíma í íslensku á hverri önn.	1 st.pr.v.	1 st.pr.v.		

Boðið verði upp á reglulega stoðtíma í stærðfræði á hverri önn.	1 st.pr.v.	1 st.pr.v.	1 st.pr.v.	
Nemendur í brottfallshættu verði teknir í sérstakt stuðningskerfi.			4	4
Kynningarriti um listnám í skólanum verði dreift til íbúa Garðabæjar og Álftanes í byrjun hvers skólaárs.	Afgr.		Afgr.	
Skjávarpar ásamt tölvum verði settir í a.m.k. fjórar stofur á önn.	20 alls	20 alls	23 alls	23 alls
Fimm fartölvur verði keyptar handa kennurum skólans á hverri önn uns allir, sem þess óska hafi afnot af fartölvum.	31 alls	31 alls	31 alls	31 alls
Netkaffi verði opnað í skólanum fyrir nemendur með a.m.k. 25 tölvum.			5. jan. og 25. jan.	
Stofnað verð embætti siðameistara er efli ástundun nemenda í skólanum.			Afgr. Stallari	
Hafist verði handa við lokaáfangu byggingar FG – húsnæðis fyrir listnám o.fl.				
Haldinn verði a.m.k. einn fundur á ári með foreldrum í Garðabæ og Álftanesi um lífsstíl ungs fólks og aðsteðjandi hættur á svæðinu.			6.apr.	
Farið verði a.m.k. einu sinni á önn í sérstaka og veglega ferð með AN-nemendum skólans.			London	

5.2 Framkvæmdaáætlun árið 2006

Ágúst:

- ✓ Nemendur í brottfallshættu verði teknir í sérstakt stuðningskerfi.
- ✓ Keyptur verði fartölvuvagn.
- ✓ Náms- og starfsráðgjöf verði 150% starf.

September:

- ✓ Nýting í nemendahópum verði a.m.k. 95% að meðaltali.

Október:

- ✓ Áætlun um sjálfsmat verði lögð fyrir í skólanefnd.
- ✓ Haldinn verði opinn fundur með nemendum skólans.
- ✓ Skipulögð verði náms- og kynnisferð starfsmanna til Vesturheims næsta vor.
- ✓ Boðið verði upp á stoðtíma í íslensku. (Fr. til vorannar 2007).
- ✓ Boðið verði upp á stoðtíma í stærðfræði.
- ✓ Haldinn verði veglegur Gala-dansleikur í skólanum.
- ✓ Námskeið verði skipulögð fyrir ýmsa starfshópa.
- ✓ Viðhorfskönnun verði lögð fyrir alla starfsmenn skólans.

Nóvember:

- ✓ Viðhorfskönnun verði lögð fyrir nemendum í síðustu kennsluviku.
- ✓ Skipulögð verði heimsókn starfsmanna í framhaldsskóla. (Fr. til V'07).
- ✓ Haldinn verði veglegur nemendadansleikur í skólanum í samvinnu við ýmsar stofnanir í bænum. (Fr. til febrúar '07).
- ✓ Handbók starfsmanna verði endurskoðuð.
- ✓ Dimission verði skipulögð með nýjum og betri hætti.

Desember:

- ✓ 96% allra innritaðra nemenda skili sér í próf í annarlok. Varð 92%
- ✓ 25% nemenda verði með yfir 98% skólasókn í lok annar. Varð 30,4%
- ✓ 50% nemenda verði með yfir 90% skólasókn í lok annar. Varð 69% >92%

5.3 Framkvæmdáætlun 2007

Janúar:

- ✓ Handbók starfsmanna verði endurskoðuð.
- ✓ Jafnréttisáætlun skólans verði endurskoðuð.
- ✓ Tölvustofur verði lagfærðar.
- ✓ Boðið verði upp á stoðtíma í íslensku. (Fr. til apríl '07).
- ✓ Skipulögð verði heimsókn starfsmanna í framhaldsskóla. (Fr. til sept. '07).

Febrúar:

- ✓ Haldinn verði fundur með foreldrum í Garðabæ og Álftanesi um lífsstíl ungs fólks. (Fr. til sept. '07).
- ✓ Haldinn verði opinn fundur með nemendum skólans.
- ✓ Haldinn verði vímulaus dansleikur í skólanum fyrir nemendum.
- ✓ Lagðar verði fram tillögur um nýjar áherslur í íþróttum.

Mars:

- ✓ Hafist verði handa við endurnýjun tölvubúnaðar í skólanum.
- ✓ Innritunarreglur verði teknar til endurskoðunar.
- ✓ Saga FG verði sett á heimasíðu skólans.

Apríl:

- ✓ Hafist verði handa við lokaáfangabyggingar FG.
- ✓ Umhverfisáætlun skólans verði endurskoðuð.
- ✓ Opið hús verði í skólanum með tilheyrandi kynningu á starfi skólans. (Fr. til 12. maí '07).

Maí:

- ✓ Kynningarriti um listnám í skólanum verði dreift til íbúa Garðabæjar og Álftaness.
- ✓ Farið verði í náms- og kynnisferð til Vesturheims.

Júní:

- ✓ Skólanámskrá verði endurskoðuð í byrjun hvers skólaárs.
- Sjálfsmatsskýrsla skólans verði gefin út og birt á heimasíðu. (Fr. til okt. '07).

Júlí:**Ágúst:**

- ✓ Skólaáæknir verði með sérstakan viðtalstíma í skólanum.
- ✓ Innritun taki mið af því að skólinn verði með 700 ársnemendur 2007.
- ✓ Ráðinn verði húsvörður.
- ✓ Ráðinn verði skólafulltrúi.

September:

- ✓ Nýting í nemendahópum verði a.m.k. 97% að meðaltali.
- ✓ Skipulögð verði útivistarferð fyrir starfsmenn skólans.
- ✓ Nemendur í brottfallshættu verði teknir í sérstakt stuðningskerfi.
- ✓ Gerð verði áætlun um kostnað vegna nemenda í brottfallshættu.
- ✓ Boðið verði upp á stoðtíma í íslensku.
- ✓ Boðið verði upp á stoðtíma í stærðfræði.

Október:

- ✓ Sjálfsmatsskýrsla FG 2004-2007 verði lögð fyrir í skólanefnd.
- ✓ Haldinn verði opinn fundur með nemendum skólans.
- ✓ Skipulögð verði heimsókn starfsmanna í framhaldsskóla.
- ✓ Haldinn verði árshátíð starfsmanna í skólanum.
- ✓ Námskeið verði skipulögð fyrir ýmsa starfshópa.

Nóvember:

- Viðhorfskönnun verði lögð fyrir nemendur í síðustu kennsluviku.
- Haldinn verði veglegur Galadansleikur í skólanum.

Desember:

- 98% allra innritaðra nemenda skili sér í próf í annarlök.
- 30% nemenda verði með yfir 98% skólasókn í lok annar.
- 70% nemenda verði með yfir 92% skólasókn í lok annar.

5.4 Framkvæmdaáætlun 2008**Janúar:**

- Handbók starfsmanna verði endurskoðuð.
- Jafnréttisáætlun skólans verði endurskoðuð.
- Boðið verði upp á stoðtíma í íslensku.
- Boðið verði upp á stoðtíma í stærðfræði.

Febrúar:

- Haldinn verði fundur með foreldrum í Garðabæ og Álftanesi um lífsstíl ungs fólks.
- Haldinn verði opinn fundur með nemendum skólans.
- Haldin verði vímulaus dansleikur í skólanum fyrir nemendur.

Mars:

- Hafist verði handa við endurnýjun tölvubúnaðar í skólanum.
- Innritunarreglur verði teknar til endurskoðunar.
- Saga FG verði sett á heimasíðu skólans.

Apríl:

- Hafist verði handa við lokaáfangar byggingar FG.
- Umhverfisáætlun skólans verði endurskoðuð.
- Opið hús verði í skólanum með tilheyrandi kynningu á starfi skólans.

Mái:

- Kynningarriti um listnám í skólanum verði dreift til íbúa Garðabæjar og Álftaness.
- Nýjar innritunarreglur nemenda taki gildi.

6. Skólanámskrá FG

Skólanámskrá FG er birt í **Námsvísi** á vef Fjölbrautaskólans í Garðabæ (<http://www.fg.is/>). **Námsvísir er endurskoðaður annað hvort ár og kom ný útgáfa í júní 2007.** Ritstjóri er Kristinn Þorsteinsson aðstoðarskólameistari.

Námsvísir Fjölbrautaskólans í Garðabæ var síðast prentaður haustið 2000 og var það í áttunda og ef til vill í síðasta sinn sem FG gefur út prentaðan námsvísi. Héðan í frá verður námsvísirinn í stöðugri endurskoðun og endurútgefinn rafrænt á heimasíðu skólans annað hvert ár. Töluverðar breytingar urðu á allri námskipan í kjölfar nýrrar Aðalnámskrár framhaldsskóla frá 1999. Skipan námsbrauta hefur gjörbreyst og námskipan einstakra námsgreina hefur einnig breyst mikið.

Haustið 1999 voru nýnemar innritaðir í FG samkvæmt nýrri Aðalnámskrá og var þá saminn 16 síðna bæklingur: „Námsbrautir og námsframboð samkvæmt nýrri Aðalnámskrá framhaldsskóla fyrir nemendur FG fædda 1983.“ Veturinn 1999-2000 var síðan unnið markvisst að samningu nýrrar skólanámskrár sem leiddi til útgáfu námsvísis í október 2000.

Skólanámskrá endurspeglar það sem fram fer og stefnt er að í skólastarfi. Til þess að ná því markmiði er nauðsynlegt að þeir, sem skólastarfið snýst um, séu með í ráðum. Kennarar einstakra námsgreina þurfa að hafa töluvert svigrúm til að setja saman áfanganámskrár. Forvarnafulltrúi þarf að vera leiðandi í stefnumörkun og framkvæmd forvarnastarfsins. Sjónarmið nemenda þurfa að fá hljómgrunn í öllum þáttum skólastarfsins. Skólanámskráin þarf að vera í stöðugri endurskoðun til þess að hún sé raunhæf og gagnleg lýsing á skólastarfinu. Síðast var sett á vefinn Námsvísir FG í september 2007.

7. Starfslýsingar í FG

7.1 Skólameistari skal m.a.:

- bera ábyrgð á starfsemi skólans, menntunar- og uppeldishlutverki, þróunarstarfi innan hans, gerð skólanámskrár og innritun nemenda,
- bera ábyrgð á eignum, fjárreiðum og öðrum rekstri skólans,
- vinna með skólanefnd að gerð fjárhags- og starfsáætlana til lengri og skemmri tíma og sjá til þess að þeim sé framfylgt,
- sjá um að lögum, reglugerðum og námskrá sé framfylgt,
- ráða, að höfðu samráði við skólanefnd, starfsfólk skóla eftir því sem gildandi lög segja til um og skipta með þeim verkum,
- hafa yfirumsjón með starfi kennara og annarra starfsmanna skólans og fylgjast með því að þeir ræki skyldur sínar og njóti þeirra réttinda sem þeim ber,
- sjá til þess að fylgst sé með því að nemendur stundi nám sitt, hlíti þeim reglum sem settar eru og njóti þeirra réttinda sem þeim ber,
- taka afstöðu til og úrskurða um álitamál vegna innra starfs og starfstíma skólans,
- sjá um tengsl skólans út á við, m.a. við aðstandendur nemenda, aðra skóla og aðila á öðrum sviðum atvinnulífsins,
- vera framkvæmdastjóri skólanefndar með málfrelsi og tillögurétt,
- vera oddviti skólaráðs,
- kalla saman kennarafundi,
- bera ábyrgð á innra mati á starfi skólans,
- bera ábyrgð á því að starfsemi skólans sé kynnt,
- sjá til þess að fyrir liggi upplýsingar um skólastarfið og að nauðsynlegar skýrslur um það séu gerðar.

7.2 Aðstoðarskólameistari er staðgengill skólameistara og vinnur með honum við daglega stjórn skólans. Hann skal m.a.:

- hafa umsjón með innritun nemenda, menntunar- og uppeldishlutverki skólans, þróunarstarfi innan hans, eignum og daglegum rekstri,
- hafa umsjón með fjárreiðum skólans og sjá m.a. um að störf fjármálastjóra og bókkara séu í samræmi við settar reglur,
- hafa umsjón með gerð vinnuskýrslna,
- hafa umsjón með áætlanagerð um kennslu,
- hafa umsjón með starfi kennara, nemenda og annarra starfsmanna skólans og fylgjast með því að þeir ræki skyldur sínar og njóti þeirra réttinda sem þeim ber,
- hafa umsjón með húsnæði og eignum skólans og sjá m.a. um að störf húsvarðar og skólaliða séu í samræmi við settar reglur,
- hafa umsjón með tengslum skólans við þá er láta sig störf hans varða, t.d. aðstandendur nemenda, yfirvöld og aðila á öðrum sviðum atvinnulífsins,
- hafa umsjón með gerð skólanámskrár,
- hafa yfirumsjón með fjarvistaskráningu,
- hafa umsjón með námskeiðum á vegum skólans,
- hafa eftirlit með umbótastarfi innan skólans.

7.3 Áfangastjóri skal m.a.:

- hafa umsjón með rekstri áfangakerfis við skólann,
- sjá um skráningu upplýsinga um nemendur er innritast í skólann, mat á námi frá öðrum skólum, færslu námsferilsskrár og miðlun slíkra upplýsinga til kennara og skólastjórnenda,

- hafa eftirlit með því að námsferill brautskráðra nemenda sé í samræmi við gildandi reglur,
- hafa umsjón með áætlanagerð um námsframboð,
- hafa umsjón með fjarvistaskráningu,
- hafa yfirumsjón með námsvali nemenda í samráði við námsráðgjafa skólans og umsjónarkennara,
- hafa umsjón með gerð stundaskrár, prófstjórn og úrvinnslu einkunna,
- hafa umsjón með rekstri skrifstofu skólans.

7.4 Stallari skal m.a.:

- fylgjast með skólasókn nemenda, kalla þá í viðtal og áminna ef þurfa þykir, munnlega eða skriflega ef:
 - § skólasókn er mjög slök
 - § skólasókn virðist skyndilega á hraðri niðurleið
 - § seinkomur eru mjög margar
 - § skammtímaveikindi, einn eða tveir dagar, eru mjög algeng
 - § skólasókn er mjög góð en hætta virðist á að nemandinn missi af einingu fyrir skólasókn,
- vera nemendum til ráðuneytis varðandi skólasókn; útskýra reglur um veikindatilkynningar, leyfi og þess háttar og ræða ýmis sérstök tilvik.
- taka á agavandamálum nemenda samkvæmt ábendingum kennara.
- ræða við nemendur um ástundun ef kennurum þykir sem þeir sinni náminu illa,
- gefa skólaráði reglulega skýrslu um skólasókn nemenda og aðgerðir sínar varðandi skólasókn, hegðun nema og ástundun,
- leggja fram tillögur til skólaráðs um brottvikningu nemenda ef þeir skipast ekki við áminningar varðandi skólasókn, ástundun eða hegðun. Þær tillögur skulu gerðar í samráði við aðstoðarskólameistara og lagðar fyrir námsráðgjafa til umsagnar,
- ákveða í samráði við aðstoðarskólameistara hvaða nemendum skólans skuli neita um skólavist á nýrri önn vegna slakra mætinga, ástundunar eða námsárangurs; og hvaða nemendur skuli taka inn í skólann með sérstökum skilyrðum. Þær ákvarðanir skulu jafnan bornar undir námsráðgjafa,
- gera samninga fyrir hönd skólans við þá nemendur sem teknir eru inn í skólann með sérstökum skilyrðum,
- gera samninga fyrir hönd skólans við þá nemendur sem fá ívilnun frá skólasóknarreglum.

7.5 Kennslustjóri námsgreina skal m.a.:

- vera tengiliður milli kennara sinna námsgreina við stjórnendur skólans og utanað-komandi aðila,
- hafa umsjón með vali á námsefni, gerð bókalista og útvegum kennslugagna í sínum námsgreinum,
- gera tillögur að kennsluskiptingu í sínum námsgreinum,
- ganga frá kennsluskiptingu fjarnáms í sínum námsgreinum í samráði við fjarkennslustjóra,
- leiðbeina nýjum kennurum í sínum námsgreinum,
- hafa umsjón með stoðkennslu í sínum námsgreinum í samstarfi við námsráðgjafa,
- gera áætlanir um rekstur og tækjabúnað til kennslu og hafa umsjón með því að vel sé farið með efni og búnað og að aðstaða sé vel nýtt,
- halda fagkennarafundi og miðla upplýsingum, m.a. varðandi endurmenntun,
- hafa umsjón með gerð kennsluáætlana í sínum greinum og sjá til þess að þær séu til staðar á samskrá,

- hafa forystu um faglega umræðu um kennslufræðileg málefni innan sinna greina,
- vera áfangastjóra til fulltingis þegar þarf að útkljá matsatriði eða álitamál, t.d. mat á áföngum/námskeiðum úr öðrum skólum,
- hafa umsjón með gerð skýrslu í lok skólaárs um kennslu sinna námsgreina.

7.6 Kennslustjóri almennrar brautar skal m.a.:

- hafa umsjón með skipulagningu kennslu á almennri braut í skólanum, svo og mati á kennslu og námsárangri (námskönnun), enn fremur sérstakt eftirlit með nýju námsframboði á brautinni í samvinnu við áfangastjóra,
- leiðbeina þeim er kenna sérhæfða áfanga brautarinnar, samhæfa störf þeirra og hlutast til um samstarf þeirra á milli,
- aðstoða námsráðgjafa við skipulagningu umsjónar fyrir nemendur brautarinnar,
- vera áfangastjóra til fulltingis um skipulagsmál er varða brautina,
- vera til ráðuneytis um kennsluhætti sérhæfðara áfanga brautarinnar,
- hafa umsjón með þróunarstarfi í kennslu sérhæfðara áfanga brautarinnar,
- hafa umsjón með fræðslu um málefni brautarinnar,
- vera nemendum til ráðuneytis ef upp koma spurningar um kennslu og kennsluhætti í sérhæfðum áföngum brautarinnar,
- gera áætlanir um störf á sínu sviði og skila skýrslu um starfsemina í lok skólaárs.

7.7 Kennslustjóri fjarnáms skal m.a.:

- hafa umsjón með skráningu nemenda í fjarnám í samráði við skrifstofustjóra,
- kynna námsframboð í fjarnámi,
- veita upplýsingar um fjarnám,
- hafa umsjón með skipulagningu fjarkennslu í skólanum, svo og mati á kennslu og námsárangri (námskönnun),
- ráða kennara til fjarkennslu í samráði við aðstoðarskólameistara og kennslustjóra viðkomandi námsgreina,
- sjá um launaútreikninga fyrir fjarkennslu,
- leiðbeina kennurum, samhæfa störf þeirra í fjarkennslu og hlutast til um samstarf þeirra á milli,
- setja nýja kennara inn í störf og vera til ráðuneytis um kennsluhætti í fjarkennslu,
- hafa umsjón með þróunarstarfi í fjarkennslumálum,
- sjá til þess að kennsluáætlanir fjarnámsáfanga verði settar á heimasíðu skólans á hverri önn,
- sjá um prófstjórn fjarnemenda í samráði við áfangastjóra,
- vera nemendum til ráðuneytis ef upp koma spurningar um kennslu og kennsluhætti í fjarnámi.

7.8 Kennslustjóri starfsbrautar 2 skal m.a.:

- hafa umsjón með skipulagningu kennslu á starfsbraut skólans, svo og mati á kennslu og námsárangri (námskönnun), enn fremur sérstakt eftirlit með nýju námsframboði í samvinnu við áfangastjóra,
- bera ábyrgð á daglegu starfi á brautinni, leiðbeina kennurum, samhæfa störf þeirra og hlutast til um samstarf þeirra á milli,
- skipuleggja umsjónarkerfi fyrir nemendur starfsbrautar,
- vera áfangastjóra til fulltingis um skipulagsmál,
- setja nýja kennara inn í störf og vera til ráðuneytis um kennsluhætti,
- hafa umsjón með þróunarstarfi í kennslumálum,
- sjá um kynningar á starfsbraut, bæði innan skóla og út á við,

- vera tengiliður brautar við ýmsa aðila sem henni tengjast, s.s. skólastjórn, menntamálaráðuneyti, ferðapjónustu fatlaðra, svæðisskrifstofu fatlaðra o.fl.
- halda reglulega samráðsfundi með kennurum brautarinnar,
- hafa umsjón með fræðslufundum, náms- og kynnisferðum starfsmanna brautarinnar,
- sjá um stundatöflugerð í samvinnu við áfangastjóra og kennara,
- vera nemendum til ráðuneytis ef upp koma spurningar um kennslu og kennsluhætti einstakra kennara,
- hafa umsjón með inntöku nýrra nemenda í samvinnu við skólastjórn,
- sjá um upplýsingastreymi, m.a. til foreldra og starfsmanna skólans,
- hafa umsjón með móttöku gesta, s.s. kennaranema, nemenda og kennara frá öðrum skólum,
- gera áætlanir um störf á sínu sviði og skila skýrslu um starfsemina í lok skólaárs.

7.9 Námsráðgjafi skal m.a.:

- skipuleggja og sjá um framkvæmd náms- og starfsfræðslu í skólanum,
- annast ráðgjöf um náms- og starfsval,
- taka þátt í að skipuleggja ýmsar aðgerðir til að stuðla að betri líðan nemenda í skólanum,
- fylgjast með námsgengi nemenda sem til hans leita eða til hans er vísað og gera tillögur til úrbóta gerist þess þörf,
- liðsinna kennurum vegna námsvanda einstakra nemenda og vera þeim til aðstoðar við skipulagningu og umsjón með nemendahópum,
- hafa umsjón með skipulagningu umsjónarkerfis í samráði við kennslustjóra,
- hafa samband við forráðamenn nemenda þegar þörf er á,
- fylgjast með nýjungum á sviði námsráðgjafar,
- taka saman skýrslu um starfsemina í lok hvers skólaárs.

7.10 Félagsráðunautur skal m.a.:

- vera nemendum til ráðuneytis um félagsstörf þeirra í skólanum,
- skipuleggja umsjón og eftirlit með samkomum nemenda skólans,
- vinna í samstarfi við forvarnafulltrúa,
- vera nemendum til ráðuneytis við útgáfustarfsemi,
- skipuleggja stuðningsnemanet fyrir erlenda nema og nýliða í hópi nemenda,
- aðstoða nemendur eftir þörfum við gerð fjárhagsáætlana og meðferð fjármuna vegna félagslífs þeirra í samráði við fjármálastjóra skólans,

7.11 Forvarnafulltrúi skal m.a.:

- vera í forsvari fyrir stefnumörkun og framkvæmd forvarna í skólanum,
- stuðla að því að forvarnir í viðtækum skilningi verði hluti af starfi skólans,
- sjá um að til sé skrifleg stefna skólans í forvörnum,
- kynna stefnu skólans í forvörnum fyrir starfsmönnum skólans, nemendum, foreldrum og öðrum í bæjarfélögunum,
- sjá um að fá fræðsluerindi / námskeið fyrir starfsmenn og nemendur, vera til viðtals fyrir nemendur og forráðamenn þeirra á vikulegum auglýstum tíma,
- sjá um upplýsingabanka um forvarnir, leiðir til aðstoðar úr vímuefnavanda, vímuefni, verkefni unglingsáranna o.fl.,
- kalla saman forvarnateymi skólans,
- vinna í samstarfi við námsráðgjafa, hjúkrunarfræðing/lækni, félagsráðunaut, jafningjafræðslu, nemendafélag, bæjarfélag, forvarnarteymi, forvarnafulltrúa í öðrum skólum og ýmsa fagaðila utan skóla,

- sjá um að fá sérfræðinga á fræðslufundi fyrir kennslustjóra og kennara til að setja forvarnir inn í kennslugreinar,-
- skipuleggja fræðslukvöld fyrir forráðamenn nemenda skólans,
- veita upplýsingar um úrræði fyrir þá sem eru í vímuefnaástandi,
- taka á móti ábendingum frá starfsmönnum ef grunur leikur á vímuefnanotkun nemenda,
- vinna að fjölbreyttu félagslífi með nemendum,
- styðja jafningjafræðsluna innan skólans,
- kynna starf sitt reglulega fyrir starfsmönnum skólans,
- leggja fyrir kannanir er gefa hugmynd um vímuefnanotkun nemenda,
- afla sér þekkingar reglulega hjá fagaðilum og með þátttöku á námskeiðum.

7.12 Umsjónarkennari skal m.a.:

- fylgjast með ástundun og námi nemendahópsins og koma ábendingum um námsvanda á framfæri við námsráðgjafa og skólameistara eða staðgengil hans,
- vera nemendum til ráðuneytis um mál er tengjast skólavist þeirra,
- aðstoða nemendur við námsval og vinna námsáætlanir með þeim,
- leiðbeina nemendum um vinnubrögð í námi,
- vera talsmaður nemenda sinna gagnvart skólayfirvöldum og öðrum kennurum,
- veita foreldrum/forráðamönnum nemenda, sem eru yngri en 18 ára, helstu upplýsingar um skólastarfið og ástundun barnanna í skólanum,
- miðla upplýsingum frá stjórnendum skóla til umsjónarnemenda sinna.

7.13 Umsjónarkennari HG-hóps skal m.a.:

- fylgjast með ástundun og námi nemendahópsins og koma ábendingum um námsvanda á framfæri við námsráðgjafa og skólameistara eða staðgengil hans,
- vera nemendum til ráðuneytis um mál er tengjast skólavist þeirra,
- aðstoða nemendur við námsval og vinna námsáætlanir með þeim,
- leiðbeina nemendum um vinnubrögð í námi,
- skipuleggja ferðir með nemendahópnum, innan lands á haustönn og utan lands á vorönn,
- vera talsmaður nemenda sinna gagnvart skólayfirvöldum og öðrum kennurum,
- miðla upplýsingum frá stjórnendum skóla til umsjónarnemenda sinna.

7.14 Kennari skal annast, taka þátt í og bera ábyrgð m.a. á eftirfarandi:

- kennslu og undirbúningi, faglegu samstarfi og mati náms í kennslugreinum sínum skv. markmiðum skóla- og aðalnámskrár,
- gerð kennsluáætlana og prófa í samstarfi við aðra kennara,
- að viðhalda faglegri hæfni sinni og huga að tengslum við aðrar námsgreinar,
- skráningu fjarvista nemenda sinna,
- samstarfi vegna starfs síns,
- gera áætlanir um störf deildarinnar í samráði við aðra kennara deildarinnar og skrifa skýrslu um starfsemina í lok skólaárs,
- sitja fundi með kennslustjórum um mál viðkomandi greina(r) og vera til ráðuneytis um kennsluhætti,
- ganga frá bókalista fyrir hverja önn í samstarfi við aðra kennara deildarinnar,
- velja verðlaun fyrir góðan námsárangur við brautskráningu,
- almennri upplýsingagjöf og upplýsingagjöf vegna sjálfsmats skóla og skólanámskrár,
- að hafa tiltekinn viðtalstíma fyrir nemendur, forráðamenn og vegna upplýsingagjafar,
- að sitja a.m.k. einn fund á ári/önn með forráðamönnum ólöggráða nemenda,

-að sitja kennarafundi sem boðaðir eru skv. reglugerð um kennarafundi.

7.15 Stuðningsfulltrúi skal m.a.

- vera sérkennurum á starfsbraut til aðstoðar við að sinna nemendum,
- vinna undir leiðsögn sérkennara að ýmsum verkefnum,
- fylgja nemendum í tíma til kennara utan starfsbrautar, hvort sem um er ræða hópa eða einstaklinga og sinna þeim sem þurfa aðstoð,
- aðstoða nemendur við daglegar athafnir sé þess þörf,
- fylgja nemendum á ferðum þeirra um skólann, í frímínútur og vettvangsferðir sé þess þörf,
- hafa umsjón með innkaupum kennslueldhúss,
- sitja fundi starfsbrautar með kennurum hennar.

7.16 Fjármálastjóri skal m.a.:

- gera fjárhagsáætlanir,
- sjá um og færa bókhald skólans, sjóða og deilda sem reknar eru á ábyrgð skólans,
- hafa yfirumsjón með og sjá um afstemmingar reikninga skólans ,
- sjá um innheimtu sér- og ríkistekna,
- hafa umsjón með greiðslu reikninga,
- aðstoða nemendur við færslu bókhalds nemendafélags,
- kostnaðarmeta nýja eða breytta starfsemi svo sem fyrirhugaðar námsbrautir,
- gefa að beiðni skólameistara yfirlit um fjárhagsstöðu skóla með tilliti til fjárheimilda á hverjum tíma og hvenær sem þurfa þykir,
- annast launabókhald skólans.

7.17 Kerfisstjóri skal m.a.:

- annast daglegan rekstur netkerfis skólans,
- annast nauðsynleg innkaup fyrir tölvubúnað skólans,
- hafa umsjón með öllum vélbúnaði sem tengist netkerfinu,
- hafa umsjón með öllum almennum hugbúnaði á netkerfinu,
- hafa umsjón með öryggi kerfisins, þ.m.t. gagnaafritun og notendaeftirlit,
- aðstoða kennara við öflun upplýsinga um netkerfið til gagns í kennslu,
- hafa umsjón með skipulagningu tölvunámskeiða í samráði við skólameistara,
- aðstoða starfsmenn skólans við notkun tölvu, jaðartækja og hugbúnaðar.

7.18 Forstöðumaður bókasafns skal m.a.:

- gera áætlanir um starfsemi safnsins og hafa umsjón með daglegum rekstri þess, bóka- og gagnakosti svo og tækjum og lestrarsölum,
- annast skráningu safnsins og sjá um að halda henni við,
- annast val og innkaup bóka og annarra gagna til safnsins í umboði skólameistara,
- leiðbeina nemendum og kennurum um notkun safnsins og aðstoða við upplýsingaöflun,
- kynna starfsemi safnsins innan skólans,
- fylgjast með nýjungum á sviði bókasafns- og upplýsingafræða,
- skila skýrslu til skólameistara um starfsemi safnsins í lok skólaárs.

7.19 Bókasafnsfræðingur skal m.a.:

- annast skráningu safnsins og sjá um að halda henni við í samráði við forstöðumann safnsins,
- aðstoða við val og innkaup bóka og annarra gagna til safnsins í samráði við forstöðumann safnsins,

- leiðbeina nemendum og kennurum um notkun safnsins og aðstoða við upplýsingaöflun,
- kynna starfsemi safnsins innan skólans í samráði við forstöðumann safnsins,
- fylgjast með nýjungum á sviði bókasafns- og upplýsingafræða.

7.20 Húsvörður skal m.a.:

- hafa umsjón með lóð, húsakynnum og munum skólans,
- hafa eftirlit með því að settum umgengnisreglum sé hlítt,
- sjá um að koma biluðum tækjum í viðgerð.
- hafa umsjón og eftirlit með lánnum og leigu á húsnæði skólans í samráði við skólameistara,
- hafa umsjón og eftirlit með ræstingafólki skólans og deila verkefnum til þess
- hafa sérstakt eftirlit með loftræstikerfi skólans,
- hafa eftirlit með að ráða menn til að ganga frá sorpi og hirða lóð og sjá til þess að verk þeirra verði unnin með viðunandi hætti,
- hafa eftirlit með því að klukkan skólans séu rétt stilltar.

7.21 Skrifstofustjóri skal m.a.:

- bera ábyrgð á rekstri skrifstofu skólans,
- annast öll dagleg skrifstofustörf,
- sjá um greiðslu reikninga samkvæmt leiðbeiningum fjármálastjóra,
- skipuleggja vinnu skólafulltrúa.

7.22 Skólafulltrúi skal m.a.:

- annast öll dagleg skrifstofustörf, símaavörslu, útgáfu vottorða, námsferilsskráningu, fjarvistaskráningu, gerð skýrslna, gerð skírteina og innheimtu gjalda í samráði við fjármálastjóra.
- taka við tilkynningum um veikindi, leyfi og aðrar fjarvistir starfsmanna og skrá þær.

7.23 Skólalæknir skal m.a.:

- hafa fasta viðtalstíma fyrir nemendur skólans,
- annast reglubundna læknisskoðun fyrir nemendur,
- skipuleggja fræðslu- og forvarnastarf í heilsugæslu nemenda.

7.24 Hjúkrunarfræðingur skal m.a.:

- hafa fasta viðtalstíma fyrir nemendur skólans,
- vera skólalækni til aðstoðar við læknisskoðun, eftirlit og fræðslu.

7.25 Skólaliði skal m.a.:

- annast daglega hreinsun í skólanum og þrif á skólabrú. Húsvörður skiptir verkum í samráði við skólaliða.
- hafa eftirlit með umgengni nemenda í skólanum.

7.26 Matráður skal m.a.:

- annast matseld í skólanum á skólatíma,
- sér um innkaup á hráefni og annast eftirlit með kostnaði,
- skipuleggur vinnu sína í samráði við skólameistara annars vegar í mötuneyti starfsmanna og hins vegar í mötuneyti nemenda,
- annast matseld útseldrar þjónustu utan skólatíma í samráði við skólameistara eða aðstoðarskólameistara.

7.27 Skólanefnd skal m.a.:

- marka áherslur í starfi skólans og stuðla að sem bestum tengslum hans við atvinnu- og menningarlíf,
- stuðla að bættu samstarfi skóla og atvinnulífs í byggðarlaginu. Í því skyni er skólanefnd heimilt að setja á fót sérstakar ráðgjafanefndir sem í skulu sitja fulltrúar skóla, launþega og atvinnurekenda,
- ákveða ásamt skólameistara námsframboð skólans. Ákvörðunin er háð samþykki menntamálaráðherra,
- samþykkja skólanámskrá skólans að fenginni umsögn almenns kennarafundar og fylgjast með framkvæmd hennar,
- gera árlega starfs- og fjárhagsáætlun fyrir skólann til þriggja ára í senn og leita samþykkis menntamálaráðherra fyrir henni,
- gera í upphafi hvers árs fjárhagsáætlun í samræmi við niðurstöður fjárlaga og fylgjast með að henni sé framfylgt,
- gera menntamálaráðherra grein fyrir rekstrarstöðu skólans í febrúar og ágúst ár hvert,
- ákveða upphæð þeirra gjalda sem nemendum er gert að greiða skv. lögum,
- fjalla um samninga sem skólinn er aðili að, s.s. samninga við menntamálaráðuneytið, fyrirtæki eða stofnanir,
- staðfesta samninga sem gerðir eru um notkun heimavistarhúsnæðis utan skólatíma,
- setja reglur um notkun skólahúsnæðis utan skólatíma og ákveða upphæð gjalds er tekið skal fyrir slík afnot,
- gera tillögur til menntamálaráðherra um ráðningu skólameistara,
- vera skólameistara til samráðs um starfsmannaráðningar við skólann.

Skólanefnd er heimilt, ef þörf krefur, að millifæra fé af rekstrarlið fjárlaga til launaliðar og af launalið til rekstrarliðar. Menntamálaráðuneytið stendur að þeirri millifærslu að fengnu almennu rekstraryfirliti og upplýsingum um fjölda nemenda frá skólanum.

Skólanefnd getur stofnað sjóði við skólann með sérgreindum fjárhag. Skal um þá sett skipulagsskrá, leitað staðfestingar á henni og hún birt í Stjórnartíðindum.

7.28 Skólaráð skal m.a.:

- vera skólameistara til aðstoðar og ráðgjafar um stjórn skólans,
- fjalla um starfsáætlun skólans og framkvæmd hennar,
- fjalla um skólareglur, umgengnishætti í skólanum, vinnu- og félagsaðstöðu nemenda,
- veita umsögn um erindi frá skólanefnd, almennum kennarafundi, nemendaráði, einstaklingum, skólameistara og menntamálaráðuneytinu sé þess óskað,
- fjalla um mál sem varða einstaka nemendur. Með slík mál skal farið sem trúnaðarmál.

Skólaráð getur vísað erindum sem það hefur fjallað um, ásamt umsögn, til skólanefndar, kennarafundar eða nemendaráðs.

7.29 Kennarafundur skal m.a.:

- fjalla um stefnumörkun í starfi skólans, m.a. námsskipan, kennsluhætti, gerð skólanámsskrár, skipulag starfstíma skólans á önn/hverju ári, tilhögun prófa og námsmat.

Skólanefnd, skólameistari og skólaráð geta leitað umsagnar kennarafundar um önnur mál, þ.á.m. um ráðningu í stjórnunarstörf við skólann. Kennarafundur getur haft frumkvæði að því að mál komi til meðferðar skólanefndar og/eða skólaráðs.

7.30 Gæðaráð skal m.a.:

- koma á og efla gæðastjórnun í skólanum,
- hafa umsjón með verkefnum í gæðastjórnun í altækri gæðastjórnun,
- útbúa gögn til fræðslu um altæka gæðastjórnun fyrir starfsmenn,
- hjálp til við val á verkefnum og starfsmönnum í gæðahópa,
- þjálfa starfsmenn í réttum vinnubrögðum við verkefnavinnu,
- sjá til þess að upplýsingar um framvindu verkefna séu öllum aðgengilegar.

7.31 Nemendaráð skal m.a.:

- hafa yfirumsjón með félagslífi nemenda í skólanum,
- bera ábyrgð á þeim hluta nemendagjalda er til nemendafélagsins renna,
- vera erlendum nemendum til halds og trausts,
- ráðstafa fé til einstakra klúbba og starfsemi þeirra. Gjaldkeri nemendafélagsins hefur bókhald með höndum og stendur skil á því til skólaráðs og fjármálastjóra.

Starfslýsingar þessar eru samdar á grundvelli reglugerðar dags. 8. janúar 2001 um starfslið og skipulag framhaldsskóla, reglugerðar dags. 7. febrúar, 1997 nr. 140/1997 um skólaráð við framhaldsskóla, reglugerðar dags. 7. febrúar, 1997 nr. 138/1997 um almenna kennarafundi í framhaldsskólum, reglugerðar dags. 11. febrúar, 1997 nr. 132/1997 um skólanefndir í framhaldsskólum og erindisbréfs fyrir skólameistara dags. 1. júlí 1997 samkvæmt 38. gr. laga nr. 70/ 1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

8. Gæðavinna í FG 2005 -2007

8.1 Gæðahópar

Gæðahópar í FG eru fimm. Flestir starfsmenn eru þátttakendur í þessum gæðahópum. Á það jafnt við kennara sem og aðra. Greitt er fyrir alla vinnu. Einn í hverjum gæðahópi sér um skráningu vinnutíma. Gæðahóparnir kynna niðurstöður sínar með mismunandi hætti og ræðst það af eðli starfsins.

Yfirlit yfir helstu verkefni eru hér fyrir neðan. í kafla 8.3 eru stuttar skýrslur hópstjóra yfir starfsemina síðustu tvö til þrjú ár.

Nokkur viðfangsefni gæðahópa:

- ✓ fjarnám í framkvæmd
- ✓ almenna brautin – skipulag
- ✓ þjónusta við slaka nemendur
- ✓ þjónusta við duglega nemendur
- ✓ námsframboð í FG
- ✓ listir og menning
- ✓ bætt skólasókn
- ✓ uppsetning söngleiks
- ✓ viðhorfskannanir
- ✓ nýir dagskrárliðir í félagslífi nemenda
- ✓ rekstur mötuneytis nemenda
- ✓ rekstur mötuneytis starfsmanna
- ✓ imbrudagar
- ✓ handbók starfsmanna
- ✓ fræðslumál starfsmanna – fyrirlestrar, ferðir o.fl.
- ✓ kennslubúnaður
- ✓ námskeið í FG
- ✓ þemavikur í FG
- ✓ árangur nemenda í námi
- ✓ mat á námsefni áfanga
- ✓ mat á kennsluáætlunum
- ✓ mat á kennslu og kennsluáðferðum
- ✓ stefnuskrár skólans
- ✓ starfslýsingar
- ✓ skipurit skólans
- ✓ o. fl.

8.2 Gæðaráð

1. Gæðaráð er skipað skólameistara, aðst.skólameistara, áfangastjóra og hópstjórum gæðahópa.
2. Formlegt sjálfsmat verður unnið skv. leiðbeiningum í *Sjálfsmati skóla*.
3. Gæðaráð skipuleggur vinnu við formlegt sjálfsmat.
4. Gæðaráð felur ýmsum aðilum að vinna tiltekin verk.
5. Gæðaráð getur sent gæðahópum tillögur/tilmæli/hugmyndir um verkefni.
Gæðaráð hefur stefnuskrár skólans til hliðsjónar við skipulagningu starfsins.

8.3 Skýrslur gæðahópa frá starfsárinu 2005-2007

8.3.1 Greinargerð um störf gæðahóps 1.

Hér verður gerð nokkur grein fyrir störfum gæðahópsins frá hausti 2006 til dagsins í dag. Í hópnum eru nú aðeins fjórir einstaklingar en á tímabilinu hættu tveir vegna aldurs og breyttrar búsetu. Mælst hefur verið til við yfirvöld skólans að fjölga í hópnum á ný. Formlegir fundir hafa ekki verið haldnir reglulega en alltaf þegar þörf hefur krafist og óformlegir fundir voru margir.

Hlutverk þau sem hópfélagar eiga einkum að fjalla um eru eftirtalin:

Bætt umhverfi.

Velliðan starfsmanna (húsnæði, vinnuaðstaða, búnaður, mötuneyti starfsmanna). Viðhorfskönnun meðal starfsmanna.

Umhverfismál hvers konar eru nú mjög í tísku og er það vel. Hópurinn hefur rætt þau mál á fundum sínum og reyndar gert betur en það. Einkum hefur athyglin beinst að læknum sem rennur við skólann og rusl vill fjúka í. Hafa gæðahópsmenn með fulltingi skólameistara og sjálfboðaliða í tvígang hreinsað lækinn sem er hin mesta náttúruprýði þegar hann er hreinn og tær. Ennfremur hefur verið leitað eftir skýringum á menguðu og lituðu vatni sem stundum hefur verið hleypt í lækinn hér í efri byggð bæjarins. Virðist vatn af bílplönnum og e.t.v. úr bílskúrum líklegasta skýringin. Dýrt mun vera að bæta úr þessu og eru tormeiki á því að svo verði. Skólalóðin var hreinsuð sl. vor af nemendum og starfsmönnum og létu gæðahópsmenn ekki sitt eftir liggja.

Um velliðan. Starfsmenn hafa verið beðnir um að láta gæðahópsmenn vita ef einhverju er ábótavant að mati viðkomandi hvað varðar t.d. vinnuaðstöðu, mötuneyti, ýmsan búnað og fl. sem ætti að vera hægt að bæta úr með litlum tilkostnaði. Tvær ábendingar hafa borist, önnur varðandi loftræstingu, hin mötuneytið. Við báðum athugasemdum var strax brugðist. Rétt er að geta þess að öll meiriháttar mál sem upp kunna að koma í þessum efnum verður að leggja í hendur skólayfirvalda. Vinnuaðstaða í skólanum er almennt mjög góð nema í listgreinum, einkum trésmíði, en með nýrri viðbyggingu sem á að rísa á næstunni verður bætt úr þessum vanda.

Gott er til þess að vita hve vel skólayfirvöld taka kvabbi starfsmanna um hvers kyns fyrirgreiðslu er varða t.d. stutt leyfi, skemmtanahald, fræðslu- og skemmtiferðir og margt fleira. Við vitum vel að þetta kostar stofnunina töluverða peninga en í staðinn eyks m.a. víðsýni, félagslyndi og samstaða starfsmanna, skólabragur allur verður enn betri og starfsfólkið ánægðara.

Síðast liðið haust var reifuð í gæðahópnum hugmynd um skólaheimsókn og skemmtiferð á slóðir Vestur Íslendinga. Var henni komið á framfæri við skólayfirvöld sem skipaði undirbúningsnefnd og kom málinu á koppinn. Um 70 starfsmenn og makar fóru í 10 daga ferð í lok vorannar á þessar slóðir og má segja með sanni að hún hafi tekist í alla staði framúrskarandi vel. Samdóma álit er að ferðalagið hafi verið okkur starfsmönnum ómetanleg.

Gæðahópurinn hefur á sinni könnu umsjón með mötuneyti starfsmanna, m.a. kostnaðareftirliti, skráningum í mat og mánaðarlegum útreikningum á matarkostnaði. Má segja að reksturinn sé til fyrirmyndar, þökk sé frábærum matráðskonum.

Viðhorfskönnun:

Í fyrrahaust var gerð könnun meðal starfsmanna FG um viðhorf þeirra til vinnustaðarins almennt. Spurningarnar hér á eftir sýna að farið var nokkuð um víðan völl og margs spurt.

Sjá má niðurstöðurkönnunar gæðahóps eitt á starfsánægju í kafla 10.1.

8.3.2 Skýrsla um starf gæðahóps 2 2006 - 2007

Verkefni hópsins er:

Árangur nemenda í námi

Vellíðan nemenda

Viðhorfskönnun meðal nemenda

Fundir voru haldnir 2 í mánuði yfir vetrarmánuðina. Meginverkefni hópsins var að sjá um viðhorfskönnun meðal nemenda sem hefur verið framkvæmd einu sinni á önn. Upphaflega var könnunin gerð í kennslustund á þann hátt að nemendur fylltu út eyðublað, síðan voru svör færð inn í tölvu og niðurstöður reiknaðar út. Með tilkomu Námsnets FG skapaðist möguleiki á að tölvuvæða könnunina. Hún var auglýst rækilega í skólanum og höfð opin í eina viku í senn. Nemendur gátu svarað á netinu hvort sem var í skólanum eða heima og niðurstöður lágu fyrir um leið og könnuninni var lokað. Viðunandi þátttaka hefur náðst með þessu móti auk þess sem þetta fyrirkomulag er til mikillar hagræðingar. Talsverð vinna var lögð í gerð spurninga og voru þær spurningar sem endanlega urðu fyrir valinu sendar persónuvernd til umsagnar (sjá meðf. fylgiskjal). Umrædd könnun nær einungis til kennslu og þátta sem hana snerta en hópurinn hefur rætt um að kanna fleiri þætti skólastarfsins, svo sem þjónustu á skrifstofu, bókasafni, mötuneyti, námsráðgjöf o.fl.

Framundan er að huga betur að þáttum sem lúta að vellíðan nemenda og árangri þeirra í námi.

Fyrir hönd gæðahóps 2

Anna Guðrún Hugadóttir
náms- og starfsráðgjafi

8.3.3 Skýrsla Námsnetsnefndar

Námsnetsnefndina skipa:

- Aðalbjörg Helgadottir
- Brynja Baldursdóttir
- Guðbjörg Guðjónsdóttir
- Guðný Guðnadóttir
- Petrún Björg Jónsdóttir
- Ragnildur Pálsdóttir
- Þórunn B. Jónsdóttir hópstjóri

Á haustönn 2005 var tekið upp samskiptaforritið Myschool hér við FG, sem hefur fengið nafnið Námsnet FG. Þetta er forrit sem á að auðvelda okkur kennurum að hafa samband og koma efni frá okkur á netinu. Strax í byrjun var stofnuð nefnd sem samanstóð af fulltrúum allra deilda skólans. Nefndin hefur setið síðan og hefur ennþá nóg að ræða. Hlutverk nefndarinnar var að læra á kerfið og kynna öðrum

kennurum og í raun að móta notkun kennara á kerfinu. Ákveðið var að fara hægt af stað og reyna að koma öllum af stað. Einnig var ákveðið að reyna að samræma notkunina aðeins svo nemendur ættu auðveldar með að nota netið. Fundað var stíft í byrjun. Einu sinni í viku settumst við saman og fórum í gegnum ýmis vandamál. Ýmsir gallar komu í ljós og vorum við í nefndinni sannfærðar um það að við værum notaðar sem prófunaraðili hjá Betri lausnum. Fundirnir voru notaðir til að skrá niður það sem betur mætti fara og síðan var listi sendur til Betri lausna og þeir beðnir að laga. Fundargerðir voru skráðar og sendar öllum kennurum þannig að þeir gátu fylgst vel með hvað var í gangi í nefndinni. Einnig voru oft leiðbeiningar um ákveðna hluti settir inn í fundargerðir.

Á vorönn 2007 var gerður smá leiðbeiningarbæklingur fyrir nemendur. Hann var settur á heimasíðu skólans. Í upphafi haustannar 2007 var ákveðið að skipta um nafn og nota íslenskt nafn, Námsnet FG. Er unnið að því hörðum höndum að festa það í sessi.

	Fjöldi funda
Haustönn 2005	13
Vorönn 2006	13
Haustönn 2006	9
Vorönn 2007	8
Haustönn 2007 (3.10)	4

Núna á haustönn 2007 eru fundartímar námsnetsnefndar (NNN) fimmtudagsmorgnar klukkan 8:15 - 9:00. Enn er nóg að ræða og hefur Jóhannes komið á tvo fundi í upphafi annarinnar. Þar var farið í gegnum það sem á vantar og hvað við viljum að sé gert fyrir okkur. Einnig sýndi Jóhannes okkur ýmsar nýjungar í kerfinu. En við erum ekki ennþá farnar að sjá afrakstur af þessum athugasemdum. Fundargerðir eru ávallt gerðar en ekki sendar á alla kennara lengur. Fundargerðirnar eru allar geymdar á heimasvæði Þórunnar.

Á kennarafundi þann 25. september fékk NNN að koma með smá innlegg á fundinn. Þar var örstutt farið í gegnum netið. Þar var m.a. farið í það hvernig hreinsað er til í hverjum áfanga fyrir sig. Einnig hvernig kennsluáætlun er flutt inn í námsnetið. Kennarar voru hvattir til að hafa samband við nefndina ef eitthvað er óljóst varðandi notkunina.

Garðabæ 6. október 2007,
Þórunn B. Jónsdóttir

8.3.4 Skýrsla hóps um bætt félagslíf.

Þessi hópur hefur ekki verið virkur síðasta ár.

8.3.5 Skýrsla gæðahóps 5

Helsta verkefni gæðahópsins, sem tók til starfa á vorönn 2006, er formlegt sjálfsmat í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ. Í upphafi skipuðu hópinn:

- Kristinn Þorsteinsson aðstoðarskólameistari
- Elísabet Siemsen áfangastjóri
- Ásdís Ósk Jóelsdóttir kennari
- Hrafnhildur Sigurgeirsdóttir kennari
- Ása Lind Finnbogadóttir kennari.

1. fundur hópsins var haldinn 9. mars 2006 og voru fundarmenn sammála um að fyrsta verkefnið yrði að bæta allt vinnuferli prófagerðarinnar. Á aðeins örfáum árum hafði skólinn stækkað mikið, fjöldi prófa jókst til muna og ljóst var að í sumum tilfellum voru menn ekki samstíga í ferlinu, menn skiluðu prófum seint, þá sérstaklega sjúkraprófum. Jafngildisákvæði aðal – og sjúkraprófa var einnig í sumum tilfellum ekki fyrir hendi. Einnig mátti laga allan frágang prófanna.

Hópurinn gerði sér grein fyrir að verkefnið yrði á margan hátt flókið. Flestir kennararnir voru búnir að starfa lengi við skólann og höfðu komið sér upp sínu vinnulagi, sem að mestu leyti var í lagi. En það vantaði gegnsæið og skráðar reglur um þennan þátt skólastarfsins. Hópurinn gerði sér líka grein fyrir því að slíkt umbótastarf myndi ekki endilega verið tekið fagnandi af kennurum.

Farið var í gegn um gögn sem Fjöltækniskóli Íslands hafði gefið út og hópurinn var sammála um að reyna að aðlaga þær hugmyndir sem þar komu fram að prófagerð FG. Skólameistari Fjöltækniskólans mætti á fund og skýrði út kerfið og gaf okkur síðan heimild til að nota gögnin eins og við kysum helst. Þetta hjálpaði mikið til að taka fyrstu skrefin, þó svo við gerðum okkur grein fyrir að skólarnir voru að flestu leyti mjög ólíkir. En þarna var komin byrjun sem við gátum byggt á.

Hópurinn ákvað að hittast að jafnaði vikulega, þó oft í byrjun til að hægt væri að koma breytingum á strax á vorönn 2006. Til að svo mætti verða urðu tillögur hópsins að koma fyrir næsta kennarafund. Fyrsta ákvörðunin fólst í því að ákveða skiladag prófa 21. apríl 2006. Einnig var prófagerðin svo og framkvæmdin sett upp á myndrænan hátt. Samkvæmt ferlinu var tryggt að öll próf yrðu lesin yfir, ekki einungis vegna faglegs innihalds heldur og vegna málfars og framsetningar. Ákveðið var að fara strax í byrjun alla leið. Samdar voru 8 mismunandi stílsíður: **FG-VKL-01** (Gerð prófa); **FG-VKL-02** (Framkvæmd prófa); **FG-G01** (Gátlisti fyrir próf); **FG-G02** (Stöðluð forsiða); **FG-P01** (Yfirlestur fagkennara); **FG-P02** (Yfirlestur íslenskukennara), **FG-P03** (Staðfesting sviðsstjóra); **FG-P04** (Staðfesting skrifstofu). Á kennarafundi 14. mars voru tillögurnar kynntar og ákveðið að kennarafundur 23. mars yrði vinnufundur og myndi eingöngu fjalla um þessar breytingar.

Á kennarafundinum 23. mars var kennurum skipt í vinnuhópa. Ljóst var að sú breyting að öll próf skyldu fara í gegnum sama ferlið féll ekki í góðan jarðveg hjá öllum. Einnig voru menn óhressir með skilatíma svo og að kennarar gætu ekki sjálfir ákveðið hvort prófið, A eða B, yrði aðalpróf og hvort sjúkrapróf. Það atriði sat lengi í mönnum, og gerir jafnvel enn, en það er í raun forsenda gæðastarfsins að tryggja jafngildi prófa. Niðurstöður vinnuhópanna voru eftirfarandi:

Hópur 1:

Prófagerð:

Mikil pressa var á kennurum við prófagerð samhliða miklum álagstíma í kennslu. Vangaveltur um hvort kennarar færu að kenna prófið. Einnig kom upp óánægja með að kennarar fengju ekki að velja hvort prófið A eða B yrði fyrir valinu sem aðalpróf. Hópurinn var sammála um að yfirlesturinn væri jákvæður, en fækka þyrfti eyðublöðum. Það væri einnig til bóta ef yfirlesarar vegna íslensku (yfirlestur 2) fengju prófin aftur leiðrétt. Menn voru sammála um að sjúkraprófin yrðu ekki seld svo og að próf fyrir fjarnema væru hin sömu og fyrir dagskólanema í sama áfanga. Varðandi próf í fjarnámi væri

nauðsynlegt að frumúrlausn væri send í skólann, þ.e. fax væri ekki nægjanlegt. Efasemdir komu upp um hvort prófin yrðu öðruvísi ef kennarar þyrftu að skila inn svörum. Einnig veltu menn fyrir sér yfirlestri fagaðila, hvort hann yrði að fara í gegnum námskrá ef vel ætti að vera. Ósk kom fram í hópnum um að setja prófaskil inn á dagatalið.

Hópur 2:

Prófagerð:

Hópurinn er ánægður með yfirlesturinn en ekki eins með leturgerð og línubil. Mörgum finnst hreinlega vont að lesa þetta letur. Línubilið nokkuð stórt t.d. í krossaspurningum og spurning um sóun á pappír. Hópnum fannst svona mikil stöðlun neikvæð og persónulegt yfirbragð prófanna glatast. Óhentugt er að semja prófin áður en kennslu lýkur því oft er bætt nýju efni inn á önninni (t.d. vegna viðburða í þjóðfélaginu) eða ekki hefur tekist að komast yfir allt efnið. Sú spurning vaknaði í hópnum hvort prófin ættu ekki að vera í samræmi við kennslu? Hópurinn lýsti yfir ánægju sinni með yfirlestur prófa en var óhress með að forsíður þyrftu allar að vera eins. Það væri til bóta ef kennarar sæju sjálfir um forsíður, þannig væri síður hætta á mistökum t.d. varðandi hjálpargögn sem tilgreind eru á frosiðu.

Hópur 3:

Prófagerð:

Hópurinn er sáttur við fyrirkomulag prófa en óánægja var með hversu stuttan tíma menn fengu til að vinna og þurftu margir að eyða páskunum í þetta. Þörf væri á að huga að þeim sem lesa yfir prófin, þ.e. að álagið verði ekki of mikið á þá. Einnig þarf að huga betur að því hvar prófin mega liggja, einhverjar vinnureglur hvað það varðar þyrftu að vera til. Fækka þyrfti eyðublöðunum og einfalda skýrslugerð. Afrit af lausnum liggja hjá sviðsstjórum, en kennarinn hafi sjálfur frumúrlausnirnar.

Hópur 4:

Prófagerð:

Almenn ánægja var í hópnum með prófagerð nema sem viðkemur tímamörkum. Hugsanlega mættu þau vera fljótandi, t.d. að skiladagur verði 5 dögum fyrir próf. Dagsetning prófskila þarf að liggja fyrir snemma, t.d. á dagatali. Varðandi eyðublöð þá telur hópurinn nægjanlegt að hafa eitt eyðublað til að kvitta á. Við undirskrift hvers yfirlesturs á að standa: Gert samkvæmt **FG-xx**. Á blöðum sem kvittað er á verður að vera nafn áfanga og kennara. Ítarlegri leiðbeiningar þurfa að koma fram um hvernig merkja skulið prófið A eða B í haus eða fæti. Nauðsynlegt er að íslenskumaðurinn lesi prófið tvisvar sinnum yfir, þ.e. gangi úr skugga um að leiðréttingar hafi verið gerðar. Í ferilskrá **FG-VKL-01** ætti að koma fram að eftir hvern lestur fer prófið aftur til kennara. Hópurinn taldi kröfur um línubil ýktar og vildu gjarnan fá viðbrögð námsráðgjafa. Arial-leturgerðin væri óhentug varðandi tölur og skammstafanir. Leiðbeiningar þurfi að vera ítarlegri, t.d. hvort vægi spurninga eigi að koma fram. Mat hópsins er að slíkt eigi að koma fram. Almennar leiðbeiningar um uppsetningu og útlit og greinarmerkjasetningu þyrftu að liggja fyrir. Hópurinn taldi líka að það þyrfti skýrari reglur um hvar próf eru geymd, próf hefðu legið á glámbekk á milli yfirlestra.

Hópur 5:

Prófagerð:

Sumum í hópnum fannst of langt gengið í stöðlun. Einnig höfðu kennarar í hópnum þá skoðun að þeir ættu sjálfir að ráða hvort próf A eða B yrði fyrir valinu sem aðalpróf. Slíkt væri ekki sett í hendur skrifstofu. Ef skrifstofunni verður áfram falið að velja hvaða próf á að nota skal ævinlega gæta þess að velja sama bókstaf að prófi (A í bæði 203 og 212 í sama áfanga í þeim fögum þar sem boðið er upp á hægferð og hraðferð). Gæta skuli þess að ekki sé sama próf lagt fyrir oft, sbr. ÍPR. Efasemdir komu fram um hvort nauðsynlegt sé að staðla forsíður.

Hópur 6:

Þessir punktar komu fram um próf og prófagerð:

- Vont að semja próf löngu fyrir prófdag, t.d. er það óþægilegt fyrir fjölmiðlafræði þar sem ýmislegt getur gerst í henni veröld, atburðir sem gott er að hafa á prófblaði, frá því að próf er samið og þar til það er lagt fyrir.
- Fundarmenn vilja ráða hvort prófið er lagt fyrir sem aðalpróf, a eða b.
- Óþarflega mörg eyðublöð eru í kringum eitt próf, mætti hafa bara eitt eyðublað þar sem allir kvittuðu á.
- Fundarmenn eru mjög ánægðir að hafa yfirlestur á prófum, bæði faglegan og málfarslegan.
- Fram kom spurning hvort ekki væri nóg að prófin væru tilbúin viku fyrir áætlaðan prófdag.
- Fundarmenn spyrja: Hvað á að gera við svörin við prófunum? Hverjir eiga að geyma svörin? Skrifstofan, kennslustjórar (sviðsstjórar)?
- Fundarmenn vilja svigrúm varðandi leturgerð og línubil.
- Forsíðan þótti ljót og fráhrindandi. Orðið „gemsí“ þótti ekki hæfa.
- Fundarmenn vilja að villuleitarforrit, t.d. Púki, verði sett í nokkrar tölvur til að hreinsa próf af öllum villum varðandi stafsetningu því alltaf leynast villur í hverju prófi. Það er staðreynd.
- Sum prófin urðu of löng, kennarar þurfa að pæla betur í lengd þeirra.
- Fundarmenn leggja til að kennarar verði sendir á námskeið í prófagerð, upprifjun og svoleiðis.

Gæðahópurinn taldi mikilvægt að prófagerð og framkvæmd prófa á vorönn 2006 færi fram samkvæmt framlögðum tillögum hópsins þrátt fyrir að ekki væru allir sáttir. Mikilvægt var að í hópnum voru bæði stjórnendur og kennarar þó svo einhverjum hafi þótt þetta vera bein skipun að ofan. Einhvers staðar yrði að byrja og auðveldara væri að sníða vankanta af eftir að búið væri að keyra þetta í gegn. Prófatíminn sem í hönd fór var um margt sérstakur, fáeinir kennarar áttu af ýmsum ástæðum erfitt með að sætta sig við breytingar og segja má að loftið hafi oft verið rafmagnað. En í gegnum þetta fórum við og vorum þá betur í stakk búin til að sjá hvað af þessum tillögum við vildum í raun og veru og hvað gengi ekki.

Þegar prófatíminn fór í hönd fengu kennarar sérstaka minnispunkta um framkvæmd prófa¹ svo og var nemendum og kennurum sendar prófreglur²:

¹ Minnisþingar um framkvæmd prófa

Kennarar

1. Kennarar, sem sitja yfir prófi, skulu mæta á skrifstofu **eigi síðar en 15 mínútum fyrir auglýstan próftíma**. Þeir taka nafnalista og prófgögn og dreifa í stofum. Þeir eru beðnir um að raða í sæti þannig að áfangar séu á vxl. **Athugið að stofan sé tilbúin til próftöku á tilsettum tíma.**
2. Kennarar, sem ekki eru með yfirsetu í stofum, hafa bækistöð í stofu **V 308**. Þeir eru tiltækir til að ganga í stofur og sinna nemendum sem eru í sérstofum. Þeir eiga einnig að koma á skrifstofu 15 mínútur fyrir auglýstan próftíma.
3. Sími í bækistöðinni í V 308 er **636**. Þeir sem eru á lausu eru beðnir um að gæta þess eins og kostur er að ætíð sé einhver tiltækur til að svara þar kalli úr stofunum.
4. Nemendum er raðað í stofur fyrirfram og verður birtur listi yfir niðurröðun í stofur á hverjum morgni. Manntal verður tekið eftir þessum listum. **Merkja skal við nemanda ef hann er mættur, annars ekki. Kennurum er bent á að skoða persónuskilríki nemenda á meðan á próftöku stendur. [Sá kennari sem er fremstur í röðinni meðal þeirra, sem er á lausu, ber ábyrgð á því að viðverulistar berist skrifstofu strax að próftöku lokinni.](#)**
5. Listi yfir nemendur sem rétt eiga á lengri próftíma eða öðrum sérúrræðum fylgir prófunum.
6. **Að prófi loknu skulu kennarar í yfirsetu ganga þannig frá prófstofu að nýtt próf geti hafist þar. Þeir safna saman úrlausnum, flokka þær og skila í herbergi inn af ljósritunarherbergi.**
7. Kennarar eru beðnir um að ná í próf sín í herbergi inn af ljósritunarherbergi **strax eftir að prófi lýkur.**
8. Ekki verður hringt í nemendur sem ekki mæta til prófs nema viðkomandi kennarar æski þess að slíkt sé gert.
9. Kennarar eru beðnir um að fara ekki yfir prófúrlausnir á meðan á yfirsetu stendur.
10. Sé eitthvað óljóst er hægt að hringja í prófstjóra í síma 604 og á skrifstofu í síma 600.

² Prófreglur

1. **Nemendur hafi persónuskilríki með sér í öll próf** og láti það liggja á borðinu meðan á próftöku stendur.
2. Nemendur séu ekki í yfirhöfnum inni í stofu, heldur skilji þær eftir á ákveðnum stað sem kennari í yfirsetu bendir á.
3. Nemendur leggi strax í upphafi á borð sitt þau áhöld sem þeir þurfa á að halda í prófinu. **Allt annað, s.s. pennaveski og annað dót, skal geymt annars staðar. Slökkt sé á farsímum.**
4. Próftími er að jafnaði 1 ½ klst. Nemandi sem kemur of seint til prófs fær ekki framlengdan próftíma heldur skerðist próftími hans sem töfinni nemur. Ekki er heimilt að skila úrlausnum fyrr en próftími er hálfnaður en eftir þann tíma fær enginn að hefja prófið.
5. Kennarar áfangans sem prófað er úr koma **tvísvar** í hverja stofu. Nemendum er ekki heimilt að kalla sérstaklega til kennara.
6. Prófstjóri tekur við vottorðum vegna veikinda **áður en** sjúkrapróf hefjast. Nemendur eru vinsamlegast beðnir um að skila þeim á skrifstofu áfangastjóra.

Að prófatíma loknum fór gæðahópurinn yfir málin, fjallaði um ýmsar mjög góðar ábendingar sem kennarar höfðu sent og ákváðu að sníða helstu vankantana af fyrir næstu prófatörn.

Á haustönn 2006 voru þær breytingar helstar að eyðublöðum var fækkað og yfirlesurum voru merktir sérstakir bakkar. Þannig yrði komið í veg fyrir að próf gætu mögulega legið á glámbekk. Sami fjöldi yfirlesara (íslensku) var og á vorönninni. Í ljós kom að þar hefðu mátt fleiri koma að. Ákveðið að fjölgun yrði frá og með vorönn 2007.

Á vorönn 2007 var að mati hópsins búið að sníða af helstu vankantana. Helstu breytingar voru þær að skiladögum var fjölgað og gátu kennarar skilað prófum á mismunandi tíma eftir því hvenær í próftöflu prófið var. Kennurum hafði þótt erfitt að skila öllum prófum í einu og þar sem þetta atriði olli óánægju var ákveðið að prófa nýtt fyrirkomulag. Til að þetta væri mögulegt þurfti að fjölga yfirlesurum (íslenska). Framkvæmdin tókst ágætlega og teljum við að prófagerðin og framkvæmd prófanna sé nú komin í mjög gott horf. Það mikilvægasta í þessu öllu saman er auðvitað að menn eru sammála um að þessar breytingar hafi verið mjög til bóta, prófin eru faglegri og liggja fyrir nokkrum dögum fyrir próftöku. Eyðublöðum var enn fækkað og fylgja eyðublöð vorannar 2007 hér:



Gerð prófa - Gátlisti

Áfangi: _____

Kennarar eru ábyrgir fyrir gerð sinna prófa og útbúa prófin skv. **FG-VKL-01.**

Eftirfarandi atriði ber að hafa til hliðsjónar við **prófagerð**:

Leturgerð: Skýrt letur, t.d. Arial 12 punkta
Línubil: 1 ½ línubil (þó ekki nauðsynlegt í krossasprungum)

Prófblið séu merkt á eftirfarandi hátt (með Header/Footer):

- * Nafn skólans
- * Heiti áfangans
- * Próf A eða próf B
- * Blaðsíðutal
- * Kennari / kennarar áfangans

Forsíðugerð:

Leið 1:
Skrifstofa býr til forsíðu

Leið 2:
Kennari býr til forsíðu fyrir aðalpróf.

Þær upplýsingar sem verða að koma fram á forsíðu eru:

- * Nafn skóla – merki skólans
- * Dagsetning og tímasetning prófsins
- * Áfangiheiti
- * Reitur fyrir nafn nemanda og kennitölu
- * Reitur fyrir nafn kennara
- * Upplýsingar um hjálpargögn ef þau eru leyfð

Kennslustjóri geymir þetta eyðublað með prófurlausnum.



FJÖLBRAUTASKÓLINN Í GARÐABÆ

Yfirllestur prófa

PRÓF: _____

FG – P01

1. stig:

Kennari semur tvö próf (A og B) með úrlausnum (punktum). Hann kemur því til kennslustjóra sem lætur fagkennara lesa prófin yfir. Hann kvittar fyrir eftirfarandi:

- Faglegir þættir eru í samræmi við kennsluáætlun og markmið áfangans
- Prófin hafa verið skoðuð m.t.t. tungutaks
- Úrlausnir prófanna hafa verið sannreyndar

Kvittun fagkennara: _____

2. stig:

Íslenskumaður les prófin yfir og kvittar fyrir eftirfarandi:

- Uppsetning prófsins og frágangur er í lagi
- Málfar og stafsetning er í lagi

Ef athugasemdir eru gerðar skal kennari leiðrétta prófið og koma leiðréttu prófi ásamt frumprófinu með leiðréttingum aftur til íslenskumanns.

Kvittun íslenskumanns: _____

3. stig:

Kennslustjóri staðfestir móttöku prófs og úrlausna.
Hann kvittar fyrir eftirfarandi:

- Prófin hafa verið yfirfarin og sannprófuð af fagkennara
- Prófin hafa verið lesin yfir af íslenskumanni
- Uppsetning prófs: stuðst var við gátlista FG-G01

Kvittun kennslustjóra: _____

Kennslustjóri geymir úrlausnir en skilar báðum prófunum (A og B) til skrifstofu.

Eyðublað þetta fylgir frumritum til skrifstofu.



FJÖLBRAUTASKÓLINN Í GARÐABÆ

Framkvæmd prófa

FG-VKL-02

Yfirsetukennari

Kennari mætir 15 mín. fyrir auglýstan próftíma og nær í gögn á skrifstofu

Prófstofan er gerð tilbúin til próftöku. Prófgögnum er dreift þannig að áfangar séu á víxl ef því verður við komið.

Nemendum er fyrirfram raðað í stofur. Þeir fara úr yfirhöfn og hafa einungis þau áhöld sem þeir þurfa á að halda í prófinu á borðinu.

Kennari merkir við þá nemendur sem ekki eru mættir. Kennari sem er efstur á lista þeirra sem eru á lausu ber ábyrgð á að mætingalistar skili sér á skrifstofu strax að próftöku lokinni.

Kennari í yfirsetu gengur frá prófstofu að próftöku lokinni.

Kennarar sem eru á lausu hafa aðsetur í stofu **V308**. Síminn í V308 er **636**

Yfirseta getur tekið allt að 2 klst.

Kennarar á lausu fara 2svar í prófstofur sínar á meðan á próftöku stendur.

Yfirsetukennarar komi úrlausnum nemenda inn á frágangsherbergi inn af ljósritunarherbergi.

Kennarar eru vinsamlegast beðnir um að ná strax í próf sín í frágangsherberginu

Yfirferð prófa:

Tillaga

Kennarar sem kenna sama áfangann þurfa að samræma yfirferð. Ef kennari er einn með áfangann er heppilegt að fá annan kennara til að yfirfara prófin, a.m.k. að taka stikkprufur.

Á haustönn 2007 verður stuðst við sama ferli. Til að gera gott starf enn betra er búið að skrá niður vinnsluferli viðverulista á prófi. Gott er að hafa slíkt ferli niðurskrifað og einnig flýttir það fyrir allri vinnslu:



Haustönn 2007

Viðverulistar á prófi - vinnsluferill

1. Kennarar merkja við þá nemendur sem eru mættir í prófið. Sá kennari sem er efstur á lista „lausra“ kennara sér um að taka listana saman að lokinni próftöku og skila á skrifstofu.
2. Nöfn þeirra nemenda sem ekki mættu, svo og þeirra sem boðuðu veikindi eru skráð í Exel-skjal, vistað á samskrá – skrifstofa. Gott er að hafa eina síðu (sheet) fyrir hvern prófdag. Gott er að gera þessa lista eins fljótt og auðið er.
3. Áfangastjóri vinnur úr listunum, færir nemendur yfir í sjúkrapróf í próftöfluforritinu og útbýr sjúkraprófslista með þessum nemendum ásamt þeim sem hafa fengið að færa próf.

Áfangastjóri

Skýrsluhöfundur: Elísabet Siemsen

9. Kennslukannanir meðal nemenda 2005-2007

Kennslukannanir hafa verið stundaðir reglulega frá árinu 1999. Niðurstöður áráanna 1999-2003 voru birtar í Sjálfsmatskýrslu árið 2004. Fyrstu árin var könnunin framkvæmd á blöðum sem lögð voru fyrir nemendur en síðan haustið 2005 er kennslukönnunin framkvæmd í tölvu gegnum kennslukerfið Námsnet – Myschool sem tekið var upp haustið 2005. Kannanirnar voru lagðar fyrir alla nemendur í öllum námshópum og var spurt um ýmislegt varðandi kennsluna og námið. Könnunin er undir stjórn Gæðahóps þrjú (sjá skýrslu hans í kafla 7) en niðurstöður fara eingöngu til skólameistara og aðstoðarskólameistara sem skipta á milli sín að hitta alla kennara einu sinni á önn og fara yfir niðurstöðurnar. Heildarniðurstöður voru þessar:

9.1 Niðurstöður í dagskóla og fjarnámi 2005-2007

Haustönn 2005 - dagskóli

Fyrirlestrar

Samantekt um námskeiðið	Fimmur	Fjarkar	Bristar	Tvennur	Ásar	Ekki	Fjöldi	Meðalt.	St.fráv.
Hversu ánægð(ur) ertu með samræmið milli kennslu og prófa/verkefna kennarans?	1140	854	536	174	110	332	2814	3,97	1,09
Hversu ánægð(ur) ertu með undirbúning kennarans fyrir kennslustundir?	1459	838	526	121	86	114	3030	4,14	1,02
Hversu ánægð(ur) ertu með viðleitni kennarans til að gera námið áhugavert?	1191	776	647	299	229	0	3142	3,76	1,25
Hversu vel gengur kennaranum að hafa stjórn á órólegum nemendum?	1083	842	701	204	135	178	2965	3,85	1,13
Hrósar kennarinn nemendum fyrir það sem vel er gert?	871	793	753	369	204	154	2990	3,58	1,22
Hversu ánægð(ur) ertu með leiðbeiningar og útskýringar kennarans?	1149	928	649	235	180	0	3141	3,83	1,17
Fylgist kennarinn vel með vinnu nemenda?	962	1056	820	187	107	0	3132	3,82	1,04
Hversu mikið notar kennarinn Myschool?	794	697	719	312	594	0	3116	3,25	1,43
Samtals	8649	6784	5351	1901	1645	778		3,77	

Samantekt um nemendur	Fimmur	Fjarkar	Bristar	Tvennur	Ásar	Ekki	Fjöldi	Meðalt.	St.fráv.
Hversu ánægður ertu með að Myschool er í notkun?	1296	839	665	115	202	0	3117	3,93	1,16
Hvernig gengur þér að nota Myschool?	1321	849	626	156	166	0	3118	3,96	1,14
Samtals	2617	1688	1291	271	368	0		3,94	

Haustönn 2006 - fjarnám

Fyrirlestrar

Samantekt um námskeiðið	Fimmur	Fjarkar	Bristar	Tvennur	Ásar	Ekki	Fjöldi	Meðalt.	St.fráv.
Hversu vel svarar kennarinn tölvupósti?	106	45	21	6	9	14	187	4,24	1,09
Hversu ánægð(ur) ertu með glósur og gögn sem kennarinn sendir?	97	51	24	7	10	12	189	4,15	1,12

Hversu ánægð(ur) ertu með skil kennarans á verkefnum?	97	51	18	5	12	17	183	4,18	1,14
Hversu mikið notar kennarinn Myschool?	103	44	16	6	23	8	192	4,03	1,35
Samtals	403	191	79	24	54	51		4,15	

Samantekt um nemendur	Fimmur	Fjarkar	Þristar	Tvennur	Ásar	Ekki	Fjöldi	Meðalt.	St.fráv.
Hvernig gengur þér að nota kennsluforritið Myschool?	112	53	13	8	5	9	191	4,35	0,97
Hversu ánægð(ur) ertu með kennslustjóra fjarnáms?	105	65	15	3	0	12	188	4,44	0,71
Hversu ánægð(ur) ertu með þjónustuna á skrifstofu skólans?	50	48	42	16	12	33	168	3,64	1,21
Hversu ánægð(ur) ertu með fjarnámið í heild?	73	74	32	5	11	6	195	3,98	1,07
Samtals	340	240	102	32	28	60		4,10	

Vorönn 2006 dagskóli og fjarnám saman

Samantekt um námskeiðið	Fimmur	Fjarkar	Þristar	Tvennur	Ásar	Ekki	Fjöldi	Meðalt.	St.fráv.
Hversu vel svarar kennarinn tölvupósti?	94	41	14	3	3	20	155	4,41	0,88
Er samræmi milli kennslu og prófa/verkefna kennarans?	981	541	277	58	33	240	1890	4,25	0,94
Er kennarinn vel undirbúinn fyrir kennslustundir?	1164	563	247	49	30	76	2053	4,35	0,89
Hversu ánægð(ur) ertu með glósur og gögn sem kennarinn sendir?	94	40	19	6	1	15	160	4,37	0,88
Hversu ánægð(ur) ertu með skil kennarans á verkefnum?	102	30	19	4	2	19	157	4,43	0,89
Hversu ánægð(ur) ertu með viðleitni kennarans til að gera námið áhugavert?	925	492	367	157	133	51	2074	3,92	1,22
Hversu vel gengur kennaranum að hafa stjórn á órólegum nemendum?	892	524	386	144	63	114	2009	4,01	1,10
Hversu ánægð(ur) ertu með áfangann í heild?	96	51	17	6	4	2	174	4,31	0,95
Hrósar kennarinn nemendum fyrir það sem vel er gert?	770	530	454	184	96	89	2034	3,83	1,17
Hversu ánægð(ur) ertu með leiðbeiningar og útskýringar kennarans?	905	567	371	122	93	64	2058	4,00	1,12
Fylgist kennarinn vel með vinnu nemenda?	811	639	432	111	46	85	2039	4,00	1,02
Er kennarinn stundvís?	1259	544	218	37	29	39	2087	4,42	0,85
Ertu ánægð(ur) með áfangann í heild?	914	591	369	120	99	34	2093	4,00	1,13
Samtals	9007	5153	3190	1001	632	848		4,18	

Samantekt um nemendur	Fimmur	Fjarkar	Þristar	Tvennur	Ásar	Ekki	Fjöldi	Meðalt.	St.fráv.
Hvaða stundatöfluskipulag vilt þú hafa hjá FG?	22	74	54	19	22	0	191	3,28	1,15
Samtals	22	74	54	19	22	0		3,28	

Haustönn 2006 dagskóli og fjarnám saman

Fyrirlestrar

Samantekt um námskeiðið	Fimmur	Fjarkar	Bristar	Tvennur	Ásar	Ekki	Fjöldi	Meðalt.	St.fráv.
Er samræmi milli kennslu og prófa/verkefna kennarans?	1560	921	472	127	58	308	3138	4,21	0,97
Hversu vel svarar kennarinn tölvupósti?	179	107	50	19	15	24	370	4,12	1,08
Hversu ánægð(ur) ertu með glósur og gögn sem kennarinn sendir?	186	95	48	33	14	19	376	4,07	1,14
Er kennarinn vel undirbúinn fyrir kennslustundir?	1877	912	410	86	38	123	3323	4,35	0,88
Hversu ánægð(ur) ertu með viðleitni kennarans til að gera námið áhugavert?	1342	897	660	243	183	116	3325	3,89	1,17
Hversu ánægð(ur) ertu með skil kennarans á verkefnum?	203	81	47	23	16	25	370	4,16	1,14
Hversu ánægð(ur) ertu með áfangann í heild?	158	130	63	17	15	11	383	4,04	1,05
Hversu vel gengur kennaranum að hafa stjórn á órólegum nemendum?	1363	820	654	272	128	203	3237	3,93	1,14
Hrósar kennarinn nemendum fyrir það sem vel er gert?	1202	907	771	272	132	148	3284	3,84	1,13
Hversu ánægð(ur) ertu með leiðbeiningar og útskýringar kennarans?	1324	921	693	211	172	112	3321	3,90	1,15
Fylgist kennarinn vel með vinnu nemenda?	1231	962	782	208	103	147	3286	3,91	1,07
Er kennarinn stundvís?	2075	811	377	85	24	60	3372	4,43	0,84
Ertu ánægð(ur) með áfangann í heild?	1362	983	705	206	125	59	3381	3,96	1,09
Samtals	14062	8547	5732	1802	1023	1355		4,06	

Vorönn 2007 dagskóli og fjarnám saman

Fyrirlestrar

Samantekt um námskeiðið	Fimmur	Fjarkar	Bristar	Tvennur	Ásar	Ekki	Fjöldi	Meðalt.	St.fráv.
Hvernig er samræmið milli kennslu og prófa/verkefna kennarans?	1083	662	384	87	47	237	2263	4,16	0,98
Hversu vel svarar kennarinn tölvupósti?	217	128	54	29	20	15	448	4,10	1,12
Hversu ánægð(ur) ertu með glósur og gögn sem kennarinn sendir?	222	117	66	32	13	13	450	4,11	1,08
Hvernig er kennarinn undirbúinn fyrir kennslustundir?	1371	633	332	42	24	90	2402	4,36	0,86
Hversu ánægð(ur) ertu með viðleitni kennarans til að gera námið áhugavert?	1052	674	492	167	100	0	2485	3,97	1,12
Hversu ánægð(ur) ertu með skil kennarans á verkefnum?	211	127	62	30	18	16	448	4,07	1,11
Hversu ánægð(ur) ertu með áfangann í heild?	188	161	70	19	17	7	455	4,06	1,03
Hversu vel gengur kennaranum að hafa stjórn á órólegum nemendum?	1123	679	486	133	56	0	2477	4,08	1,03
Hrósar kennarinn nemendum fyrir það sem vel er gert?	851	601	599	208	103	118	2362	3,79	1,15

Hversu ánægð(ur) ertu með leiðbeiningar og útskýringar kennarans?	1081	673	492	146	87	0	2479	4,01	1,09
Fylgist kennarinn vel með vinnu nemenda?	980	675	606	149	57	0	2467	3,96	1,04
Er kennarinn stundvís?	1506	609	283	47	23	0	2468	4,42	0,84
Hvernig nýtast styrkleikar þínir í kennslustundum?	790	629	663	147	84	157	2313	3,81	1,08
Hvernig líður þér almennt í áfanganum?	1111	687	498	107	64	0	2467	4,08	1,03
Ertu ánægð(ur) með áfangann í heild?	1026	681	527	138	100	0	2472	3,96	1,10
Samtals	12812	7736	5614	1481	813	653		4,06	

9.2 Samburður á meðaltölum frá vor 2003 til vorannar 2007

Viðhorfस्कannanir - vegin meðaltöl í FG									
Spurning	V'03	H'03	V'04	H'04	V'05	H'05	V'06	H'06	V'07
1	2,02	2,03	1,99	1,97	1,89				
2	1,68	1,76	1,69	1,76	1,67				
3	1,64	1,73	1,65	1,66	1,63				
4	1,56	1,63	1,59	1,53	1,56				
5	1,30	1,41	1,37	1,35	1,36				
6	1,41	1,51	1,50	1,41	1,45				
7	1,57	1,64	1,60	1,55	1,58				
8	1,39	1,51	1,47	1,41	1,45				
9	1,81	1,90	1,87	1,74	1,81				
10	1,65	1,72	1,68	1,62	1,65				
11	1,77	1,85	1,79	1,71	1,73				
12	1,69	1,77	1,77	1,64	1,67				
13	1,75	1,84	1,79	1,71	1,72				
14	1,64	1,67	1,63	1,61	1,55				
15	1,59	1,64	1,61	1,55	1,58				
16	1,51	1,63	1,60	1,50	1,55				
17	1,75	1,81	1,76	1,67	1,67				
18	1,65	1,71	1,70	1,63	1,66				
Meðaltal	1,63	1,71	1,67	1,61	1,62	3,77	4,18	4,06	4,06
	4,16	4,05	4,11	4,18	4,17				
Meðaleinkunn:	8,10	7,87	7,99	8,16	8,14	7,23	8,16	7,89	7,89

9.3 Helstu niðurstöður

Eins og sést á samanburðinum er árangurinn góður og ekki virðist mikil breyting verða við að færa kennslumatið inn í tölvu þegar á heildina er litið. Þó sker ein önn sig úr, en það er fyrsta önnin sem kennslumatið er í tölvu. Það er erfitt að átta sig af hverju það var og kannski var það ókunnugleiki við nýjar aðferðir en þó er vandséð hvernig það skýrir lægri einkunnir.

Hafa verður í huga í samanburði að kannanir eru ekki alveg sammælanlegar. Spurningar breytast á milli ára og þátttaka er misgóð. Sú nýjung var tekin upp í fyrstu tölvukönnuninni að nemendur gátu skrifað athugasemdir um áfangana. Margir nýttu sér þann möguleika og voru athugasemdir í flestum tilfellum málefnalegar. Þessi nýjung mæltist mjög misjafnlega fyrir hjá kennurum og hafa sumir verið eindregið á móti því að leyfa þessar athugasemdir. Nefndin sem stýrir könnuninni er nú að skoða hvort eigi að taka þennan möguleika í burtu og liggur niðurstaða ekki fyrir. Kannanir haf nú verið lagðar fyrir á hverri önn síðan 1999 og komin dágóð reynsla. Almennt má segja að reynslan sé góð en spyrja má hvort nauðsynlegt er að gera svona kannanir á hverri önn. Nefndin er einnig að skoða þann möguleika að kannanir verði einungis framkvæmdar á haustönn, en þátttaka er alltaf meiri á haustönnum. Víst er að kennslukannanir í svipaðri mynd eru komnar til að vera og geta veitt kennurum og stjórnendum ómetanlegar upplýsingar um skólastarfið og vísað veginn til framfara.

10. Sjálfsmat starfsmanna FG

Sjálfsmat starfsmanna var tvíþætt á skólaárinu 2006-2007. Á haustönn vann gæðahópur eitt könnun á starfsánægju og eru niðurstöður hér fyrir neðan. Á vorönn voru fengnir utanaðkomandi sérfræðingar, HRM, sem unnu starfsánægjuvísitölu Fjölbrotaskólans í Garðabæ og má sjá niðurstöður hennar í kafla 9.2. Þar er starfsánægja í FG borin saman við starfsánægjuvísitölu bæði almennt og í öðrum framhaldsskólum. Niðurstöður stjórnenda eru í kafla 9.3.

Hér á eftir kemur könnun gæðahóps eitt á starfsánægju. Könnunin var send til starfsmanna í tölvupósti og þeir beðnir um prenta hana út, svara og skila til nefndarinnar. Öll svör voru nafnlaus og niðurstöður ekki rekjanlegar til þeirra eru tóku þátt í könnuninni. Sambærileg könnun hafði ekki verið framkvæmd áður og því ekki hægt að bera hana saman við fyrri niðurstöður.

10.1 Um niðurstöður viðhorfskönnunar starfsmanna FG 2006

Svarhlutfall var nú hærra en í síðustu könnun (2003). Þá svöruðu tæplega 50% en nú 53 af 72, þ.e. 73.6%.

Spurt var um starfsaldur og var svörun þar mjög lág. Það gæti stafað af tæknilegum ástæðum að einhverju leyti (spurningin ekki á áberandi stað).

Þeir sem hafa starfað í 0 til eitt ár voru	4
Þeir sem hafa starfað í 1-5 ár	5
Þeir sem hafa starfað í 5-10 ár	10
Þeir sem hafa starfað lengur en í 10 ár	10

Könnun í 20 greinum:

- Almennt er ég ánægð(ur) í starfi mínu í FG.*
Góð niðurstaða. 37 eru mjög sammála og 13 nokkuð sammála, samtals 94.33%. Einn svarar ekki, einn segir hvorki né og einn er nokkuð ósammála.
- Ég hugsa oft um að hætta í núverandi starfi.*
Fólk virðist nú fastara í sessi en fyrir þremur árum. Nú eru 62.26% (33) mjög ósammála samanborið við 51.5% árið 2003. Fjórir eru nokkuð sammála og mjög sammála sem er hærra hlutfall en síðast (7.5% / 3%).
- Ég lít á starf mitt sem framtíðarstarf (ný grein).*
33 einstaklingar eru þessu sammála og 7 nokkuð sammála, samtals 75.5%.
- Ég er venjulega sátt(ur) við þau verkefni sem mér eru falin í vinnunni.*
94.34% eru mjög sammála eða nokkuð sammála. Það er nákvæmlega sama hlutfall og 2003.
- Ég hlakka venjulega til að fara í vinnuna.*
27 eru mjög sammála og 18 nokkuð sammála, samtals 84.9%. Samanburðarþúsúntan frá 2003 er 87.8%. Þrír eru nokkuð ósammála.
- Þekking mín og hæfni nýtast vel í starfinu.*
94.34% eru þessu nokkuð eða mjög sammála. 2003 var þetta hlutfall 96.9%.

7. *Ég veit til hvers er ætlast af mér í starfi.*
49 eru þessu nokkuð eða mjög sammála. Einn segir hvorki né, annar svarar ekki og sá þriðji er nokkuð ósammála. 2003 voru 5.7% ósammála, nú 1.9%.
8. *Ég er með atvinnutengt heilsufarsvandamál (ný grein).*
Þrjátíu eru mjög ósammála, 4 nokkuð ósammála og sjö eru ekki vissir. Hins vegar er athyglisvert, og þarfnast nánari skoðunar, að sjö einstaklingar eru þessu mjög eða nokkuð sammála. Það verður að teljast rannsóknarefni þegar 14 manns (26.4%) af 53 telja sig mögulega eiga við atvinnutengt heilsufarsvandamál að etja.
9. *Starfsöryggi er gott í FG.*
Mikill meirihluti (79.3%) telur að svo sé en átta eru óvissir og einn er nokkuð ósammála.
10. *Ég er ánægð(ur) með mötuneyti starfsmanna, (ný grein).*
46 (86.8%) eru nokkuð (4) eða mjög (42) sammála. Þrír eru nokkuð ósammála.
11. *Ég er ánægð(ur) með núverandi vinnuaðstöðu mína.*
Álíka margir eru nokkuð eða mjög sammála, samtals 43 eða 81,1%. Athygli vekur að hér koma fram tveir einstaklingar sem eru mjög ósammála og er það lægsta „einkunn“ hingað til í könnuninni. Í heild er útkoman lakari en 2003 en þá voru þeir ánægðu 88.6%.
12. *Ég er ánægð(ur) með núverandi vinnufyrirkomulag.*
88.3% voru mjög eða nokkuð sammála um það 2003. Nú eru hins vegar 94.4% á þeirri skoðun en einn er nokkuð ósammála. Þarna er mjög góð framför.
13. *Vinnuálag í starfi mínu er mikið.*
45 (84.9%) telja að svo sé, 5 segja hvorki né, einn svarar ekki og tveir eru þessu ósammála. Þarna er mjög marktækur munur miðað við 2003 þegar 74.3% töldu vinnuálagið mikið.
14. *Ég hef áhuga á að minnka vinnuálag mitt.*
Mesta/mikil dreifing á svörum eins og í síðustu könnun. Naumur meirihluti (27) hefur áhuga á að minnka vinnuálagið. Sjö eru mjög á móti.
15. *Það er góður starfsandi innan starfshópsins sem ég tilheyrir.*
47 eru þessu mjög sammála, einn mjög ósammála. Niðurstaðan betri en síðast.
16. *Það er góð samvinna milli starfsmanna í starfshópnum sem ég tilheyrir.*
88.68% eru þessu nokkuð eða mjög sammála miðað við 80% árið 2003. Þetta er góð þróun.
17. *Starfshópnum, sem ég tilheyrir, tekst vel að leysa þau vandamál sem upp koma.*

49 eru þessu nokkuð eða mjög sammála. Einn segir hvorki né og annar er mjög ósammála. Tveir taka ekki afstöðu. Í þessum efnum hefur orðið framför (85.7% / 92.45%).

18. *Ég fæ hrós/viðurkenningu frá samstarfsfólki þegar mér tekt vel til í starfi.*
29 eru þessu nokkuð eða mjög sammála eða 54.7%. Sambærileg prósentu frá 2003 er 45.7%. Framför en betur má ef duga skal.
19. *Ég hrósa samstarfsfólki mínu þegar því hefur tekist vel til í starfi.*
Athyglisvert er að þeir eru fleiri sem hrósa en þeir sem fá hrós (sbr. grein 18) . 36 hrósa starfsfélögum en þrír eru ekki á þeim buxunum. Níu svara hvorki né og fimm svara ekki.
20. *Ég fæ hrós/viðurkenningu frá skólastjórnendum þegar mér hefur tekist vel til í starfi (ný grein).*
Innan við helmingur er þessu nokkuð eða mjög sammála..

Athugasemdir

Eins og sjá má á meðfylgjandi blaði komu fram níu athugasemdir á svarblöðunum og eru þær tölusettar 1.-9. :

1. Þessi ábending er þörf og vandamálið er á dagskrá hjá gæðahópnum.
Tillögur til úrbóta verða lagðar fram fljótlega en þó ekki fyrr en eftir jól.
2. 3. 5. 6. Jákvæðar athugasemdir um skólann og starfsmenn hans.
4. Erfitt getur reynst að fjarlægja auglýsingu KB bankans. Hún gefur skólanum verulega fjármuni í aðra hönd.
7. Þessi athugasemd á ekki við efni þessarar könnunar en gæti verið tilefni til að bæta inn greinum í næstu könnun sem fjölluðu um samskipti starfsmanna og nemenda.
8. Þessa athugasemd skiljum við í gæðahópnum vel en greinarnar í könnuninni og svarmöguleikar eru stöðluð aðferð spekinga sem eru okkur æðri.
9. Í sjálfu sér réttmætar ábendingar. Styðja launakröfur.

Gæðahópur 1

10.2 Könnun HRM á starfsánægju starfsmanna FG

Upplýsingar

Í þessum dálki eru settar fram athugasemdir og leiðbeinandi upplýsingar.

Hér er gerð grein fyrir niðurstöðum könnunar meðal starfsfólks Fjölbrauta-skólans í Garðabæ. Til samanburðar er annars vegar vísitala fyrir íslenska framhaldsskóla sem byggir á tæplega 400 svörum úr 5 skólum og hins vegar samanburður við íslensku starfsánægjuvísitöluna 2007 (vísitala)

Þátturinn starfsánægja byggir á niðurstöðum úr fjórum spurningum varðandi heildarmat á aðstæðum í skólanum. Spurningum var svarað á kvarðanum 1 til 10. Svörin voru umreiknuð í vísitölu á kvarðanum 10 til 100.

Tryggð og hollusta


Tryggðin tengist því hvort starfsfólk ætli að starfa áfram í skólanum en hollustan því hve tilbúnir starfsmenn eru að leggja á sig fyrir það. Þessir þættir hafa áhrif á veikindafjarvistir, starfsmannaveltu, framkomu starfsfólks við viðskiptavinum og aðra hegðun í starfi.




STARFSÁNÆGJUVÍSITALA

Fjölbrautaskólans í Garðabæ

2007



Páttagreining




Páttagreiningin


sýnir meðaltal fyrir hvern einstakan þátt. Meðaltalið byggir á þeim spurningum sem liggja að baki.

Hafa ber í huga að matið sýnir ekki vægi einstakra áhrifaþátta starfsánægju.


Við túlkun á niðurstöðum er þó horft til þess að þátturinn starf og starfsskilyrði fékk mest vægi í rannsókn sem framkvæmd var hér á landi meðal 12 fyrirtækja árið 2004- Íslenska starfsánægju-vísitalan. Ímynd fékk næst mest vægi og starfsþróun var í þriðja sæti. Ef mat starfsfólk er lágt á þessum þáttum má draga þá ályktun að umbætur á þeim sviðum muni hafa mikil áhrif á starfsánægju, hollustu og trygð.




Ímynd




Heildarmat á ímynd og niðurstöður úr þeim spurningum er þátturinn byggir á.



Stjórnun skólans




Heildarmat á stjórnun skólans og niðurstöður úr þeim spurningum er þátturinn byggir á.




Næsti yfirmaður


Spurt hvar hvern starfsfólkið liti á sem sinn næsta yfirmann.




Næsti yfirmaður




Heildarmat á næsta yfirmanni og niðurstöður úr þeim spurningum sem þátturinn byggir á.




Samstarf




Heildarmat á samstarfi og niðurstöður úr þeim spurningum er þátturinn byggir á.




Starf og starfsskilyrði




Heildarmat á starfi og starfsskilyrðum og niðurstöður úr þeim spurningum er þátturinn byggir á.




Laun og kjör




Heildarmat á launum og kjörum og niðurstöður úr þeim spurningum er þátturinn byggir á.




Starfsþróun



Heildarmat á starfsþróun og niðurstöður úr þeim spurningum er þátturinn byggir á.



Niðurstöður - samantekt




Niðurstöður - samantekt

Hér eru niðurstöður birtar fyrir hvern þátt og þær spurningar sem liggja að baki. Spurningum var svarað á kvarðanum 1 til 10. Við úrvinnslu voru svörin umreiknuð í vísitölu á kvarðanum 10 til 100.

Birtar eru niðurstöður fyrir einstakar spurningar og samanburður við vísitölu framhaldsskóla og Íslensku starfsánægjuvísitöluna.

	Fjölbrot í Garðabæ	Vísitala framh.skóla	Vísitala
Ímynd	80	78	80
Skólinn sem ég starfa hjá hefur góða ímynd út á við	75	75	78
Ég er stolt/ur þegar ég segi frá því hvar ég starfa	84	82	83
Fólk utan skólans telur að það sé gott að starfa hjá skólanum	80	77	80
Stjórnun skólans	78	74	73
Hvert er almennt álit þitt á stjórnun skólans	77	73	72
Almenn hæfni æðstu stjórnenda til að taka réttar ákvarðanir er	81	75	76
Upplýsingastreymi frá æðstu stjórnendum til starfsfólks er	70	68	65
Á heildina litið er síðferði æðstu stjórnenda skólans	86	80	81
Næsti yfirmaður	77	78	79
Á heildina litið er þinn næsti yfirmaður	78	79	80
Fagleg hæfni næsta yfirmanns þíns er	80	81	82
Stjórnunarleg hæfni næsta yfirmanns þíns er	74	74	75
Samstarf	81	81	81
Faglegt samstarf með öðru starfsfólki er	79	80	80
Samstarfsandinn er	83	83	82
Félagsleg samskipti á vinnustað eru	82	80	80
Starf og starfskilyrði	69	68	69
Verkefni og inntakið í starfi þínu eru	83	83	81
Vinnuumhverfið og aðstæður á vinnustað þínum eru	83	71	74
Vinnuálagið í starfi þínu eru? - því meira álag því lægra mat	43	50	53
Laun og kjör	77	72	73
Launin þín (að öllu meðtöldu) í samanburði við þau laun sem þú gætir fengið í sambærilegu starfi annars staðar?	64	59	60
Önnur starfskjör (sumarfrí, sveigjanlegur vinnutími, foreldrafrí og aðrar persónulegar þarfir) í samanburði við hvað þú gætir fengið í sambærilegu starfi ...	78	77	79
Starfsöryggi þitt	88	79	78
Starfsþróun	64	65	65
Tækifæri þín til faglegrar og persónulegrar þróunar í starfi?	75	74	71
Hversu mikið er fylgst með faglegri og persónulegri þróun þinni í starfi?	50	55	58

Niðurstöður - samantekt frh.




Niðurstöður - samantekt

Hér eru niðurstöður birtar fyrir hvern þátt og þær spurningar sem liggja að baki. Spurningum var svarað á kvarðanum 1 til 10. Við úrvinnslu voru svörin umreiknuð í vísitölu á kvarðanum 10 til 100. Birtar eru niðurstöður fyrir einstakar spurningar og samanburður við vísitölu framhaldsskóla og Íslensku starfsánægjuvísitöluna.


	Fjölbraut í Garðabæ	Vísitala framh.skóla	Vísitala
Starfsánægja	76	73	72
Hve ánægð/ur eða óánægð/ur ertu með starf þitt á heildina litið?	84	82	79
Hve mikill munur er á starfsaðstæðum þínum í dag og á hinum fullkomna vinnustað í þínum huga?	70	64	65
Ég upplifi hvatningu til að leggja mig fram í starfi	68	68	67
Ég hlakka ávallt til þess að fara í vinnuna	80	78	75
Hollusta	89	87	87
Ég er tilbúin/n að leggja mikið á mig þegar og ef þörf krefur	92	91	92
Ég held að samstarfsfólk mitt telji mig standa mig vel í starfi	86	84	83
Ég er tilbúin/n að takast á við breytingar sem hafa bein áhrif á mig ef aðstæður breytast í skólanum	88	87	87
Tryggð	86	87	85
Ég óska þess að vera áfram í starfi hjá skólanum eftir tvö ár	92	89	86
Ég leita sjaldan eftir öðru starfi	83	86	86
Ég get mælt með því við aðra að sækja um starf hjá skólanum	89	86	84

Hollustu- og tryggðarmatrixa FG



Hér má sjá samsetningu vinnuafis í skólanum út frá hollustu þess og tryggð. **Skilgreiningar á hugtökum:** **Eldheitir talsmenn** eru verðmætustu starfsmennirnir, bæði trúfastir og hollir. **Kjarnastarfsmenn** eru einnig mjög verðmætir, í meðallagi hollir og tryggir. **Flakkarar** eru hollir í starfi en ekki trúfastir skólanum, líklegir til að hætta innan tveggja ára.

Sófakartöflur eru ekki hollar skólanum en þó tryggar. Líklegar til að starfa áfram hjá skólanum eftir tvö ár, þó án þess að leggja mikið á sig. **Ráðvilltir** eru þeir sem ætla að yfirgefa skólann, eru hvorki hollar né tryggar .



Aðrar spurningar - utan líkans


Aðrar spurningar

Hér eru birtar niðurstöður úr spurningum sem ekki eru hluti af líkani Starfsánægju-vísitölunnar. Birtar eru niðurstöður fyrir einstakar spurningar og samanburður við vísitölu framhaldsskóla og Íslensku starfsánægju-vísitöluna.

Ekki er birtur samanburður við spurninguna „Það er mikilvægt að allt starfsfólk fari reglulega í starfsmannaviðtal við næsta yfirmann“ þar sem ekki var um sömu spurningu að ræða í samanburðarhópnum.

	Fjölbaut í Garðabæ	Vísitala framh.skóla	Vísitala
Stjórnun fyrirtækisins			
Hæfni æðstu stjórnenda til að vísa leiðina að stefnumótandi markmiðum skólans er	79	75	74
Næsti yfirmaður			
Hæfni næsta yfirmanns þíns að tryggja að þú vitir hvernig á að framkvæma verkefni þín er	77	73	74
Hæfni næsta yfirmanns að setja þér markmið í starfi og fylgja þeim eftir er	71	70	71
Hæfni næsta yfirmanns að veita þér stuðning og hvatningu í starfi er	70	72	73
Hæfni næsta yfirmanns að veita þér bæði jákvæðar og neikvæðar upplýsingar um frammistöðu þína	71	69	70
Starfspróunarviðtal (eða sambærilegt)			
Það er mikilvægt að allt starfsfólk fari reglulega í starfsmannaviðtal við næsta yfirmann	75		
Streita, álag og heilsa			
Ég finn oft fyrir streitueinkennum (pirringur, einbeitingarskortur, svefnörðugleikar, eiðarleysi osfrv.)	53	48	51
Ég verð oft niðurdregin/n vegna starfs míns (því hærra mat því meira sammála)	35	44	41
Hve mikil áhrif hafa heilsutengd vandamál á starfsgetu þína? (því hærra mat því meiri áhrif)	32	42	35
Ég hef ekki hugsað mér að hætta vegna heilsufars eða annarra líkamlegra vandamála (því hærra því ólíklegra)	94	95	94
Í ljósi þess sem ég veit í dag er ólíklegt að ég verði frá vinnu vegna veikinda í lengri tíma (>1 vika) á næstu 12 mán.	92	93	90
Ég á yfirleitt auðvelt með að samræma einkalíf mitt og vinnu	80	81	82
Starfshæfni			
Ég hef mikla reynslu af viðfangsefnum þeim er ég vinn við	89	89	84
Leggðu mat á hæfni þína í starfi í ljósi þess hvaða kröfur starfið gerir til þín	86	87	84
Ef hæfni þín í starfi fær einkunnina tíu þegar hún er best hver er þá hæfni þín núna?	86	86	83
Tryggð, árangur og sjálfstæði í starfi			
Ég hef mikið svigrúm til sjálfstæðrar ákvarðanatöku í starfi	80	80	76
Ég upplifi að ég sé að ná árangri í starfi	80	81	76
Ég hef mörg önnur tækifæri ef ég hætti hjá skólanum	81	80	77

Opin spurning um starfsmannaviðtöl



Svör við opinni spurningu:
Hvað telur þú að eigi að
ræða í starfsmannaviðtali?

Hvað telur þú að ræða eigi í starfsmannaviðtali?

Ættu frekar að vera óformleg en formlega boðuð viðtöl. Ræða ætti hvernig gengur, hvað vantar til að maður geti unnið vinnuna sína og hvort það er einhver óánægja með vinnuframlagið.

Persónulega líðan, löngun til starfsframa, endurmenntun, dugnað, getu.

Líðan fólks í starfi, launakjör og þróun starfsins.

Líðan í starfi, árangur, faglega þætti og hvatningu.

Ánægju í starfi, hvað er jákvætt og hvað má vera betra.

Líðan starfsmanns. Hvernig gengur samstarf í kennarahópi. Aðstaða í kennslustofu.

Endurmenntunarmöguleikar. Til hvers sé ætlast af starfsmanni varðandi endurmenntun.

Hvort starfsmaður er að njóta sín í starfi og hvernig hann getur orðið að liði í að gera skólann að ennþá betri skóla.

Almenna líðan í starfi, hvað er vel gert og hvað má gera betur, hagræðingu í starfi ef það á við o.s.frv.

Hvernig mér líður í vinnunni og launamál.

M.a. líðan manns í starfi og samskipti við yfirmenn svo og starfsfélaga.

Líðan á vinnustað, samstarf innan deilda og milli deilda, hvernig gengur, launamál o.fl.

Líðan í starfi. Leiðir til úrbóta í starfi. Tilraunir í skólastarfi.


Um kosti og galla starfsmannsins umbúðalaust. Ennfremur um það sem þörf er á að bæta í samskiptum við leika og lærða.

Samskipti starfsmanna og hlutverk.

Það sem betur má fara.



Opin spurning um starfsmannaviðtöl, framh.



Svör við opinni spurningu:
Hvað telur þú að eigi að
ræða í starfsmannaviðtali?

Hvað telur þú að ræða eigi í starfsmannaviðtali?

Endurmenntun, kennsluhætti, kennslumat, líðan, vandamál sem komið hafa upp.
Innra starf skólans, faglegt starf kennarans, starfsumhverfi, launamál, samskipti stjórnenda og starfsmanna.
Faglegar áherslur, gæði kennslu og hvað hún skilur eftir sig – ekki bara ánægju nemenda þá önnina.

Laun, frammistöðu, starfsumhverfi, líðan, starfþróun.
Laun, markmið, ánægja, starfsandi.
Laun, líðan, starfsþróun o.fl.


Frammistöðu, samstarf, samskipti, starfsþróun.
Árangur í starfi, líðan, starfskjör.
Frammistöðu í starfi.
Frammistaða mín í starfi. Framtíðarsýn mín í starfi. Framtíðarsýn skólans í mínu starfi.
Frammistöðu, líðan og væntingar.
Frammistöðu, laun, endurmenntun, líðan, starfsumhverfi.

Hæfni í starfi. Tækifæri fyrir yfirmenn til að hrósa. Launamál. Vettvangur fyrir starfsmenn til að koma athugasemdum og skoðunum á framfæri án þess að nokkur móðgist.
Þróun og þroska í starfi. Möguleika á nýjungum, nýbreytni. Endurmenntun.
Árangur í starfi. Vita hvort starfsmaður er að standa sig vel.
Árangur, ánægju, óánægju starfsmanns og yfirmanna. Kosti og galla starfsmanns, laun, vinnutíma, framtíðina, framþróun, vinnuandann, samstarfsmenn.




Vinnustaðurinn Fjölbrotaskólinn í Garðabæ

Hér eru birtar niðurstöður úr spurningum um vinnustaðinn Fjölbrotaskólann í Garðabæ. Ekki eru birtar samanburðarniðurstöður þar sem hér er um að ræða sértækar spurningar fyrir FG.



Opin spurning um eflingu á starfsemi FG



Opin spurning: Á hvaða sviðum telur þú brýnast að efla starfsemi Fjölbrautaskólans í Garðabæ?

Á hvaða sviðum telur þú brýnast að efla starfsemi Fjölbrautaskólans í Garðabæ?

Að gera hann að ennþá betri skóla.
Efla jákvæðni.
Jákvæðra samskipta við nemendur.
Góðan starfsanda og góð samskipti milli starfsmanna.
Láta nemendum líða eins vel og starfsmönnum skólans.

Ná í sterka nemendur, auka þekkingu á kennslu nemenda með erfiðleika, finna kerfi sem hvetur nemendur til að mæta og læra vel, auka endurmenntun kennara.

Gera meiri kröfur til nemenda. Setja skýrar reglur og sjá til þess að þeim sé framfylgt.
Efla verklega kennslu.
Efla verkmenntaþáttinn.

Auka fjölbreytni í námsvali, gera áhugaverðari heimasíðu, ýta undir margbreytileika.
Skólinn er of einsleitur.

Að fá fleiri nemendur annarsstaðar frá en frá Garðabæ.


Fá inn í skólann fleiri meðal-góða nemendur. Of mikil vinna og orka fer í að sinna vonlausum nemendum. Efla ábyrgð nemendanna sjálfra, einfalda mætingarkerfið, leggja niður stöðu (eða breyta) stallara. Breyta starfi námsráðgjafa. Of margir að vasast í nemendum.

Reyna enn frekar að laða að betri nemendur, þannig að skólinn losni við tossastimpilinn og kennarar lækki ekki standardinn niður í ekki neitt bara til að einhverjir nái prófi.

Þróa námsleiðir sem henta ólíkum nemendum og fjölbreyttum nemendahópi; finna leiðir til að takmarka nemendafjöldann einkum í hópum þar sem meginþorri nemenda er 16 ára.



Opin sp. um eflingu á starfsemi FG frh.



Opin spurning: Á hvaða sviðum telur þú brýnast að efla starfsemi Fjölbrautaskólans í Garðabæ?

Á hvaða sviðum telur þú brýnast að efla starfsemi Fjölbrautaskólans í Garðabæ?

Líta á fleiri þætti í gæðamati en persónuvinsældir kennara.
Efla samvinnu þvert á fög, efla verkunnáttu nemenda.
Samstarf.

Það eru ýmsir hlutir sem mætti skipuleggja og tölvuvæða betur, eins og að láta nemendur sjálfa sjá um að velja í tölvum, hafa stundaskrár kennara tilbúna fyrir o.fl. þess háttar. Eyða ætti minni tíma í að ræða hluti sem stjórnendur hafa þegar ákveðið.

Endurmenntun kennara, hvetja menn til meira samstarfs, auka vægi millistjórnenda og gefa þeim völd.
Fjölga millistjórnendum, auka völd þeirra, valddreifing.

Ljúka við viðbyggingu, efla samstarf, bæta samskipti starfsfólks, gera skólann sýnilegri útávið, auglýsa hann meira, auka námsframboð.

Upplýsingatækni, tungumál, stærðfræðikennsla.
Agi.
Faglegur metnaður.
Að yfirmenn hrósi undirmönnum.

Skýrari stefnu varðandi hvað skal kenna, einnig varðandi listnám, starfsbraut, og skóla fyrir alla óháð greind og getu. Skýrari stefnu varðandi fjarnám.



Um starfið mitt


Um starfið mitt:

Hér eru birtar niðurstöður úr sértækum spurningum undir þættinum **Um starfið mitt**




Þáttagreining - Störfin

Samanburður á viðhorfum starfsfólks til þáttanna starfsánægju, hollustu og tryggðar eftir því hvort um kennarastarf eða önnur störf er að ræða



Þáttagreining - störfin


Samanburður á viðhorfum starfsfólks til þáttanna ímynd, stjórnun o.s.frv. eftir því hvort um kennarastarf eða önnur störf er að ræða









■ Í kennarastarfi

■ Í öðru starfi

Bakgrunnur þátttakenda



Hér eru birtar upplýsingar um bakgrunn þeirra sem tóku þátt í könnuninni í skólanum.



Hafa ber í huga að ekki svara allir öllum bakgrunnsspurningum.



Gagnaöflun

Upplýsingar um gagnaöflun í skólanum og í samanburðarhópum.

Gagnaöflun og framkvæmd - Fjölbrautarskólinn í Garðabæ

Rafræn könnun send á tölvupóstföng þátttakenda stóð yfir dagana 27. mars til og með 1. apríl 2007.

Könnunin var send á 62 starfsmenn, en að auki svöruðu 6 starfsmenn skriflega á staðnum.

Alls 55 starfsmenn svöruðu könnuninni. Miðað við að heildarstarfsmannafjöldi sé 68 manns er svarhlutfall 81%.

Gagnaöflun samanburðarhópsins - Vísitala framhaldsskóla

Vísitala framhaldsskóla byggir á svörum tæplega 400 kennara og annars starfsfólks úr 5 íslenskum framhaldsskólum.

Hér er um að ræða bæði bóknáms- og iðnskóla en þeir eru allir staðsettir á höfuðborgarsvæðinu.

Gagnaöflun samanburðarhópsins - Íslenska starfsánægjuvísitalan 2007

Í samanburðarhópnum eru alls 1564 svarendur úr 25 ólíkum fyrirtækjum, bæði einka og opinberum.

Stærsta hlutfall þátttakenda starfar í þjónustu- og þekkingargreinum.



Ímynd

Skólinn sem ég starfa hjá hefur góða ímynd út á við

Ég er stolt/ur þegar ég segi frá því hvar ég starfa

Fólk utan skólans telur að það sé gott að starfa hjá skólanum

N	Min	Max	Meðaltal	Staðalfrávik
53	20	100	75	18,77
54	30	100	84	17,42
42	40	100	80	16,38

Stjórnun fyrirtækisins

Hvert er almennt álit þitt á stjórnun skólans

Almenn hæfni æðstu stjórnenda til að taka réttar ákvarðanir er

Upplýsingastreymi frá æðstu stjórnendum til starfsfólks er

Á heildina litið er siðferði æðstu stjórnenda og skólans

Hæfni æðstu stjórnenda til að vísa leiðina að stefnumótandi markmiðum skólans er

N	Min	Max	Meðaltal	Staðalfrávik
54	30	100	77	19,52
52	30	100	81	15,95
54	10	100	70	22,49
49	30	100	86	15,40
47	20	100	79	19,11

Næsti yfirmaður

Á heildina litið er þinn næsti yfirmaður

Fagleg hæfni næsta yfirmanns þíns er

Stjórnunarleg hæfni næsta yfirmanns þíns er

Hæfni næsta yfirmanns þíns að tryggja að þú vitir hvernig á að framkvæma verkefni þín er

Hæfni næsta yfirmanns að setja þér markmið í starfi og fylgja þeim eftir er

Hæfni næsta yfirmanns að veita þér stuðning og hvatningu í starfi er

Hæfni næsta yfirmanns að veita þér bæði jákvæðar og neikvæðar upplýsingar um frammistöðu þína

N	Min	Max	Meðaltal	Staðalfrávik
53	10	100	78	21,90
50	10	100	80	23,04
51	10	100	74	25,08
45	20	100	77	19,14
49	10	100	71	25,15
52	10	100	70	26,64
51	20	100	71	26,03

Samstarf

Faglegt samstarf með öðru starfsfólki er

Samstarfsandinn er

Félagsleg samskipti á vinnustað eru

N	Min	Max	Meðaltal	Staðalfrávik
54	30	100	79	18,02
54	40	100	83	16,27
52	20	100	82	16,05

Starf og starfsskilyrði

Verkefnin og inntakið í starfi þínu eru

Vinnuumhverfið og aðstæður á vinnustað þínum eru

Vinnuálagið í starfi þínu?-(því meira álag því lægra mat)

Ég hef mikið svigrúm til sjálfstæðrar ákvarðanatöku í starfi

Ég upplifi að ég sé að ná árangri í starfi

N	Min	Max	Meðaltal	Staðalfrávik
51	50	100	83	12,85
53	40	100	83	14,83
53	10	100	43	21,80
53	20	100	80	17,81
52	20	100	80	18,47

Lýsandi tölfræðiniðurstöður

Laun og kjör

	N	Min	Max	Meðaltal	Staðalfrávik
Launin þín (að öllu meðtöldu) í samanburði við þau laun sem þú gætir fengið í sambærilegu starfi annars staðar eru?	47	20	100	64	24,47
Önnur starfskjör (sumarfrí, sveigjanlegur vinnutími, foreldrafrí og aðrar persónulegar þarfir) í samanburði við hvað þú gætir fengið í Starfsöryggi þitt?	52	10	100	78	20,33
	48	20	100	88	17,46

Starfsþróun

	N	Min	Max	Meðaltal	Staðalfrávik
Tækifæri þín til faglegrar og persónulegrar þróunar í starfi?	50	10	100	75	20,73
Hversu mikið er fylgst með faglegri og persónulegri þróun þinni í starfi?	44	10	100	50	25,29
Það er mikilvægt að allt starfsfólk fari reglulega í starfsmannviðtal við næsta yfirmann	50	10	100	75	28,08

Starfsánægja og hvatning

	N	Min	Max	Meðaltal	Staðalfrávik
Hve ánægð/ur eða óánægð/ur ertu með starf þitt á heildina litið?	54	40	100	84	13,22
Hve mikill munur er á starfsaðstæðum þínum í dag og á hinum fullkomna vinnustað í þínum huga?	46	10	100	70	21,34
Ég upplifi hvatningu til að leggja mig fram í starfi	51	10	100	68	24,80
Ég hlakka ávallt til þess að fara í vinnuna	54	30	100	80	16,13

Hollusta

	N	Min	Max	Meðaltal	Staðalfrávik
Ég er tilbúin/n að leggja mikið á mig þegar og ef þörf krefur	53	60	100	92	9,33
Ég held að samstarfsfólk mitt telji mig standa mig vel í starfi	48	60	100	86	10,42
Ég er tilbúin/n að takast á við breytingar sem hafa bein áhrif á mig ef aðstæður breytast í skólanum	49	60	100	88	11,85

Tryggð

	N	Min	Max	Meðaltal	Staðalfrávik
Ég óska þess að vera áfram í starfi hjá skólanum eftir tvö ár	48	10	100	92	16,27
Ég leita sjaldan eftir öðru starfi	52	10	100	83	28,22
Ég hef mörg önnur tækifæri ef ég hætti hjá skólanum	43	10	100	81	20,22
Ég get mælt með því við aðra að sækja um starf hjá skólanum	52	40	100	89	14,82

Lýsandi tölfræðiniðurstöður

Ýmsar aðrar spurningar

	N	Min	Max	Meðaltal	Staðalfrávik
Ég á yfirleitt auðvelt með að samræma einkalíf mitt og vinnu	54	30	100	80	20,00
Ég hef mikla reynslu af viðfangsefnum þeim er ég vinn við	53	10	100	89	16,60
Ég finn oft fyrir streitueinkennum (dægigerð streitueinkenni geta td. birst í pirringi, einbeitingarskortri, svefnörðugleikum, eirðarleysi,	54	10	100	53	29,78
Ég verð oft niðurdregin vegna starfs míns	54	10	100	35	25,38
Hve mikil áhrif hafa heilsutengd vandamál á starfsgetu þína?	51	10	100	32	24,88
Leggðu mat á hæfni þín í starfi í ljósi þess hvaða kröfur starfið gerir til þín	49	60	100	86	9,77
Ef hæfni þín í starfi fær einkunnina tíu þegar hún er best, hver er þá hæfni þín núna?	51	60	100	86	11,50
Í ljósi þess sem ég veit í dag er ólíklegt að ég verði frá vinnu vegna veikinda í lengri tíma (meira en 1 vika) á næstu 12 mánuðum	49	10	100	92	16,33
Ég hef ekki hugsað mér að hætta vegna heilsufars eða annarra líkamlegra vandamála	50	10	100	94	14,17

Aðrar spurningar vegna Fjölbrotarskólans í Garðabæ

	N	Min	Max	Meðaltal	Staðalfrávik
Fjölbrotarskólinn í Garðabæ er vinnustaður þar sem fólk líður almennt vel	54	30	100	86	13,83
Fjölbrotarskólinn í Garðabæ er á heildina litið mjög góður vinnustaður	54	40	100	86	13,67
Starfsfólk Fjölbrotarskólans í Garðabæ er gott í að miðla þekkingu og reynslu sín á milli	50	20	100	78	16,82
Ég er ánægð/-ur með kennslumatið fyrir minn/mína áfanga	37	10	100	77	24,93
Kennslumatið hefur verið mér hvatning til að bæta minn/mína áfanga	36	10	100	76	24,40
Ég er sátt/-ur við frammistöðu mína í starfi	50	50	100	85	10,92
Ef það koma upp vandamál í mínu starfi veit ég hvert ég get leitað eftir aðstoð	49	50	100	88	13,75
Mér finnst oft skemmtilegt í vinnunni	51	40	100	90	11,48
Það er auðvelt að ná tali af æðstu stjórnendum Fjölbrotarskólans í Garðabæ	53	20	100	84	20,68
Þegar ég legg eitthvað til málanna þá upplifi ég að skoðanir mínar skipta máli	49	10	100	75	24,33
Ég hef fengið hrós fyrir vel unnin störf á þessu ári (skólaári)	53	10	100	70	32,37

Samantekt

- Starfsfólk FG nokkuð ánægt í starfi, tryggt og hollt skólanum.
- Samstarf og ímynd fá hæst mat.
- Starfsþróun og næsti yfirmaður fá lægst mat.
- Starf og starfsskilyrði, ímynd og starfsþróun, sem hafa mest áhrif á starfsánægju, fá svipað mat og samanburðarvísitölur
- Stefna ætti til frambúðar að starfsfólk meti þessa þætti **yfir** meðtali
- Starfsfólk í öðrum störfum en kennslu er ánægðara, hollara og tryggari auk þess að meta alla aðra þætti hærra en kennarar.
- Starfsfólki finnst lítið fylgst með persónulegri og faglegri þróun þess – íhuga mætti að taka upp starfsmannasamtöl.
- Vinnuálag virðist mikið – hættumerki hvað varðar streitu og álag.
- FG er almennt talinn góður vinnustaður og starfsfólki hlakkar til að fara í vinnuna.
- Sýna þarf starfsfólki að skólinn vilji styðja við persónulega og faglega þróun þess.
- Starfsfólk segist sjaldan fá hrós og upplifir ekki að skoðanir þeirra skipti máli
- Eldheitir talsmenn og kjarnastarfsfólk stærstur hluti vinnuafls FG – sófakartöflur færri en meðaltal samanburðarhópa.
- Huga að ánægju með og árangur af kennslumati.
- Í heild góð samsetning vinnuafls og sterkur hópur - sem ætti að vera tilbúinn til þátttöku í þróun og uppbyggingu til framtíðar.
- Skoða hugmyndir starfsfólk um eflingu FG og starfsmannasamtal.



11. Skýrsla stallara 2004 -2007

Undirritaður var stallari FG frá upphafi vorannar 2005 til loka vorannar 2007. Áður hafði hann eftirlit með skólasókn nemenda á haustönn 2004 og var þá kallaður mætingastjóri.

11.1 Í HVERJU ER STARFIÐ FÓLGIÐ?

a) eftirlit með skólasókn

Í kafla 7.4 er starfslýsing en fyrst og fremst er starfið fólgandi í að fylgjast með skólasókn nema og reyna að taka í taumana ef hún verður mjög slæm – meðan enn er hægt að bæta úr.

Framkvæmdin var einkum þannig að stallari sótti upplýsingar í INNU og kallaði síðan í viðtal þá nemendur sem voru komnir niður fyrir tilsett mörk. Ætlunin var að húa í menn áður en þeir færu niður fyrir mörkin – en að jafnaði voru svo margir fyrir neðan þau að einungis gafst tími til að tala við þá. Stallari ræddi síðan við nemann, varaði hann við og leitaði skýringa á þessari slöku skólasókn. – Viðtalið var skráð og síðan fylgst með hvort það hefði haft einhver áhrif. Ef nemandinn hafði verið langt undir mörkum var yfirleitt ákveðið að hann kæmi í viðtal aftur að tveimur vikum liðnum. Ef nemandinn lét skipast við viðtalið (sem gerðist oft) var vitanlega allt í góðu gengi og hægt að einbeita sér að öðrum sem sóttu skólann slaklega.

Ef neminn hélt áfram á sömu braut fékk hann sent viðvörunarbréf og var orðalag þess í samræmi við hversu neðarlega skólasóknin var komin: hvatning til að mæta betur, viðvörun eða alvarleg viðvörun. (Tekið skal fram að allar aðgerðir eftir fyrsta viðtal stallara við nema voru ákveðnar í samvinnu við aðstoðarskólameistara og námsráðgjafa.) Léti nemandinn ekki skipast við þetta kom að því að hann fékk hótun um brottvísun úr skóla. Sú brottvísun skyldi staðfest á skólaráðsfundi og neminn hafði andmælarétt. Flestir nýttu sér hann og fengu þá iðulega frestun á brottvísun – en því miður kom brottvísun stundum til framkvæmda.

Í annarlok var svo farið yfir skólasókn þeirra nema sem sóttu um áframhaldandi skólavist. Væri hún 5 prósentustigum undir lágmarki var umsókninni hafnað nema námsárangur hefði verið einstaklega góður. Var slíkt sárasjaldgæft því að mikil fylgni er milli skólasóknar og árangurs. Nemar sem voru 2–4,9 prósentustigum undir lágmarki fengu skólavist án skilyrða ef þeir höfðu lokið fimm bóklegum áföngum eða meira, fóru á sérstakan samning um skólasókn ef þeir höfðu náð fjórum áföngum – en umsókninni var hafnað hefðu þeir náð þremur áföngum eða minna. Nýnemar fengu þó að jafnaði annað tækifæri þótt skólasókn þeirra væri slæm. Nemendur sem voru 0,1–1,9 prósentustigum undir lágmarki fengu skólavist nema þeir hefðu fallið á önninni. – Mjög var brýnt fyrir nemendum að slök skólasókn gæti leitt til þess að þeir fengju ekki skólavist á næstu önn.

b) stundvísi

Stallari kallaði líka til sín þá nema sem voru mjög óstundvísir og áminnti þá. Hver seinkoma jafngildir þriðjungi úr skrópi og seinkomur geta því lækkað skólasóknarprósentu mjög verulega. Miklir skrópakóngar voru stundum teknir í gjörgæslu hjá stallara – og skipuðust reyndar ótrúlega oft við það.

c) kvellisjúkir nemar

Margir nemendur urðu oft veikir, lágu þá heima einn eða tvo daga, jafnvel í hverri viku. Þegar liðnar voru 4–5 vikur af önninni sendi stallari þessu kvellisjúka fólki bréf og boðaði það á sinn fund ásamt forráðamanni (eða þeim sem undirritaði veikindatilkynningar (sjá kaflann Reglur hér á eftir)). Í þessum hópi var stundum allt að fimmti hver nemandi í skólanum.

Þessir fundir með nemunum og foreldrum þeirra (eða öðrum forráðamönnum) voru oft fróðlegir. Einstöku sinnum kom þá í ljós að nemarnir höfðu fasað veikindastaðfestingarnar að heiman, stundum kom í ljós að nemarnir voru haldnir einhverjum langtímaveikindum og veikindi dag og dag voru því eðlileg. En oftast kom í ljós að nemarnir voru einum of góðir við sjálfa sig og foreldrar linir við þá. Stundum hótaði stallari þá að yrði ekki breyting á til batnaðar yrði nemandinn að styðja öll veikindi sín með læknisvottorði. – Ég tel að mikill árangur hafi náðst með þessum viðtölum.

Tekið skal fram að nemendur voru kallaðir á fund stallara ásamt þeim sem undirrita veikindastaðfestingar, þótt þeir væru orðnir 18 ára.

d) agabrot og slök ástundun

Ef nemendur gerðust sekir um agabrot; ókurteisi, tóbaksnotkun innanhúss í skólanum, slaka ástundun eða annað í þeim dúr, gátu kennarar eða forvarnafulltrúi haft samband við stallara. Hann kallaði þá viðkomandi nemanda til sín og veitti honum munnlega áminningu. – Oftast dugði það.

En léti nemandinn ekki skipast við þetta kallaði stallari hann aftur til sín og áminnti hann nú skriflega. Væri neminn yngri en 18 ára var afrit af áminningunni sent forráðamanni.

11.2 REGLUR UM SKÓLASÓKN

Fram til haustannar 2004 voru reglur um skólasókn í stuttu máli þannig að einungis leyfi og langtímaveikindi voru dregin frá fjarvistarstigum nemenda. Langtímaveikindi töldust þriggja daga veikindi eða lengri – en þá voru tveir fyrstu dagarnir ekki frádráttarbærir. Krafist var þess að skólasókn færi ekki niður fyrir 80% miðað við þessar forsendur.

Á vorönn 2004 komu fram efasemdir um að þetta ákvæði stæðist lög og afráðið var að breyta reglunum.

Þær urðu þá þannig að öll veikindi urðu frádráttarbær frá fjarvistarstigum. Nemendur eiga að tilkynna öll veikindi samdægurs og hringja fyrir kl. 11. Veikindin skal síðan staðfesta skriflega eigi síðar en þremur dögum eftir að neminn kemur í skólann á ný. Skal forráðamaður undirrita staðfestinguna. Þetta ákvæði gildir þótt nemendur séu orðnir 18 ára ef þeir búa heima hjá foreldrum. Jafnframt var ákveðið að eftir þessar breytingar mætti skólasókn ekki fara niður fyrir 90%. Haustið 2006 var þessi tala hækkuð í 92%.

11.3 HVERNIG GEKK?

Mitt mat er að marktækur árangur hafi náðst; kannski ekki mjög mikill en allt er þó á réttri leið. Skólasókn er jafnan nokkru betri á haustönn en vorönn. Kemur þar ýmislegt til: hin árvissa flensa kemur að jafnaði eftir áramót, skólaleiðinn herjar frekar á nemendur á vorönn og þá er líka meira um að vera í félagslífinu sem getur haft áhrif á skólasóknina (t.d. tímafrek uppfærsla söngleiks).

Ef við skoðum fjarvistarstig að meðaltali pr. nema þessar þrjár haustannir þá er niðurstaðan þessi:

h. 2004	53,7 stig
h. 2005	51,4 stig
h. 2006	49,8 stig.

Ef við lítum á vorannirnar með sama hætti kemur þetta í ljós:

v. 2005	69,4 stig
v. 2006	62,3 stig

v. 2007 59,7 stig.

Ef við lítum á viðveru nemenda í skólanum, án tillits til þess hvers vegna nemar voru fjarverandi, á þessum sömu tímabilum er munurinn minni en allt er þó á réttri leið:

h. 2004	82%
h. 2055	82,4%
h. 2006	83%

Og vorannirnar:

v. 2005	77%
v. 2006	80%
v. 2007	81%

Seinkomum fækkaði skólaárið 2005–06 en þær jukust aftur að miklum mun skólaárið 2006–07 og urðu þá mun fleiri að meðaltali á nema en nokkru sinni fyrir (a.m.k. miðað við þau gögn sem ég hef undir höndum). Enga skýringu hef ég á því hvað veldur en athyglisvert er að fram að þeim tíma voru það jafnan nýnemar og útskriftarefni sem voru stundvísastir en skólaárið 2006–07 voru nýnemar óstundvísastir allra.

11.4 VIÐHORF NEMENDA OG KENNARA TIL STARFS STALLARA

Þegar ég tók við starfi stallara bjóst ég satt að segja við að ég yrði ljóti karlinn, a.m.k. í huga nemenda. Það fór talsvert á annan veg. Nemendur vilja í raun – þótt þeir láti kannski annað í veðri vaka – að þeir fái aðhald í skólanum. Og þar sem stór hluti þeirra er enn undir 18 ára aldri er vant að sjá annað en skólinn þurfi að sinna því verkefni (ef grunnskólinn þarf að gera það; þá líka við).

Sumir nemendur voru vitaskuld hálfhræddir við þetta nýja yfirvald og forðuðust að koma í viðtal við karlinn þótt þeir væru jafnvel boðaðir á hans fund. Smám saman fannst mér draga úr þessu og nemendur fóru jafnvel að biðja um að fá að koma reglulega í viðtöl, aðallega vegna skólasóknarinnar og námsins en jafnvel líka út af ýmsu öðru. (Sjá kaflann *Tímasóun?*)

Viðhorf kennara voru í raun blendnari. Sumum fannst starfið óþarft. INNA segði allt sem segja þyrfti um skólasókn nema og þeir ættu að bera ábyrgð á henni sjálfir, óþarft væri því að leggja í kostnað við alla þessa umsjón með sjálfsögðum hlut. – Svo ættu bara að vera ákvæði um að þegar raunmæting nema færi niður fyrir ákveðna prósentu skuli vísa þeim úr skóla vafningalaust.

Aðrir voru ánægðir með þetta framtak stjórnenda og líkaði það vel. Þeir höfðu líka góða samvinnu við stallara í þeim málum sem undir hann heyrðu.

TÍMASÓUN?

Er starf sem þetta tímasóun? Læra nemendur bara á nýtt kerfi, tilkynna sig veika þegar þeim sýnist og ganga eins langt og þeir geta í að skrópa? Alltaf eru einhverjir sem misnota öll kerfi. Alltaf eru einhverjir sem reyna að komast hjá að vinna vinnuna sína; í skólakerfinu geta þeir borið starfsheiti eins og nemendur, kennarar eða stjórnendur.

Hér að framan tel ég mig hafa sýnt með tölulegum rökum að árangur hefur orðið af starfi stallara. Sumir segja kannski að fækkun fjarvistarstiga stafi bara af því að nemendur hafi lært á kerfið og skrópi nú í skjóli veikindatilkynninga. En hvernig skýra menn þá að skólasóknin í heildina þokast upp á við?

11.5 Á AÐ STYÐJA VIÐ BAKIÐ Á RÁÐVILLTUM UNGLINGUM?

Það sem ég lærði helst í þessu starfi er að ævinlega er ærin ástæða fyrir því að nemendur stunda skólann sinni illa. Leti og kæruleysi getur kannski orðið til þess að nemandi detti niður fyrir 90% skólasókn. En þegar skólasókn er komin mjög langt niður er ævinlega einhver alvarleg ástæða.

Stefna okkar í FG er að aðstoða nemendur, sem eiga í erfiðleikum, eftir föngum, kasta þeim ekki út úr skólanum fyrr en í lengstu lög. Undanfarin ár gekk sú stefna stundum ágætlega upp og nemendur endurguldu traustið sem við sýndum þeim, komu undir sig fótunum og náðu árangri í námi. En við erum alltaf að fást við fólk, fást við sálir, og engin allsherjarformúla er til. Það sem gagnast einum er öðrum gagnslaut. Dæmi eru um að nemendur náðu fyrst að fóta sig þegar þeir komust í kynni við alvöru lífsins og búið var að vísa þeim úr skóla.

Í allsnægtþjóðfélagi nútímans eiga margir ótrúlega erfitt. Segja má að aðhald og agi á heimilum sé mislítið og ráðvilltir unglingar eru oft lengi að átta sig á því að þeir verða ekki vafðir í bómull alla ævi. En gríðarlega oft verða skil hjá framhaldsskólanemanum við 18 ára aldurinn. Þá eru félagarnir farnir að skipuleggja námslok sín og þeir sem hafa einungis sýnt kæruleysi fram að því átta sig skyndilega á að nú verður að ákveða sig; á ég að halda áfram að hengslast og gera ekki neitt, eða á ég að taka mig á? Og sem betur fer taka margir sig á.

En þeir verða þá að fá tækifæri til þess. Sú stefna yfirvalda menntamála að refsa skólunum með fjárheimtu ef nemendur þeirra gefast upp og mæta ekki til prófs stuðlar ekki að því að nemendur fái annað tækifæri ef þeim gengur illa að fóta sig í framhaldsskóla – hvað þá það þriðja.

En margir þurfa á öðru tækifæri að halda (jafnvel því þriðja) og það sem sparast í menntamálaráðuneytinu við það að kasta ráðvilltum ungmönnum út í ystu myrkur fer áreiðanlega á útgjaldalistann hjá félagsmála- eða heilbrigðisráðuneytinu.

Guðni Kolbeinsson

12. Úrvinnsla gagna varðandi kennsluna

Hér á eftir fylgir yfirlit yfir námsárangur frá vorönn 2004 til og með vorönn 2007. Út til hliðar má sjá meðaltöl hvers áfanga og neðst meðaltöl hverrar annar. Athuga þarf að þetta eru ekki vegin meðaltöl.

12.1 Námsárangur í einstökum greinum frá 2004 til 2007

Fall prósentu frá vorönn 2004 til vorannar 2007 í dagskóla								
Grein	2004-1	2004-2	2005-1	2005-2	2006-1	2006-2	2007-1	Meðaltöl
AHS103				7,7%		37,5%		22,6%
AHS203			18,8%				23,1%	20,9%
AHS313	16,7%			7,7%				12,2%
ATV186						0,0%		0,0%
BÓK103		61,3%	23,5%	27,3%	23,1%	25,6%	35,3%	32,7%
BÓK203	30,0%		30,8%				14,3%	25,0%
BÓK303		44,4%		0,0%				22,2%
DAN102	17,4%	7,0%	20,5%	17,8%	9,1%	12,5%	32,0%	16,6%
DAN103	9,1%	10,0%	17,9%	7,1%	0,0%	24,1%	30,0%	14,0%
DAN192					8,3%		86,7%	47,5%
DAN202	6,9%	12,5%	5,0%	27,6%	12,2%	61,5%	36,7%	23,2%
DAN203	5,2%		12,0%		4,3%		27,1%	12,2%
DAN212	8,7%	15,4%	8,7%	17,1%	30,4%	24,4%	44,4%	21,3%
DAN303		4,0%		8,3%		24,0%		12,1%
EÐL103	36,0%	48,9%	13,8%	27,3%	50,0%	44,4%	36,1%	36,6%
EÐL203	13,3%		0,0%		25,0%		11,5%	12,5%
EÐL303		17,4%		13,6%		15,0%		15,3%
EÐL403			14,3%				0,0%	7,1%
EFN103	8,0%	23,8%	56,7%	13,9%	37,5%	25,0%	26,7%	27,4%
EFN203	23,1%	25,0%	31,6%	33,3%	25,0%	33,3%	22,2%	27,6%
EFN283							0,0%	0,0%
EFN303	0,0%		8,7%		16,7%		8,3%	8,4%
EFN313		12,5%		16,7%		6,3%		11,8%
ENS102	29,4%	14,9%	26,7%	24,6%	18,2%	5,7%	20,0%	19,9%
ENS103		4,0%		10,0%		1,4%		5,1%
ENS193		10,5%		0,0%		8,3%		6,3%
ENS202	46,7%	53,6%	23,1%	13,6%	13,5%	20,0%	1,6%	24,6%
ENS203	8,3%	23,5%	17,3%	4,2%	4,9%	5,9%	11,5%	10,8%
ENS212	36,4%	64,0%	52,6%	16,3%	19,2%	8,1%	13,6%	30,0%
ENS303	25,5%	22,4%	20,0%	21,8%	17,2%	8,9%	24,5%	20,0%
ENS403	14,8%	9,1%	28,1%	22,5%	8,8%	25,9%	32,9%	20,3%
ENS503	22,2%	28,1%	40,0%	16,2%	0,0%	4,2%	16,1%	18,1%
ENS583			7,7%		0,0%		12,0%	6,6%
ENS603		6,3%		29,4%		30,0%		21,9%
ENS703	0,0%							0,0%

FAH103	10,0%							10,0%
FÉL103	22,4%	18,8%	20,0%	24,1%	23,5%	22,3%	30,4%	23,1%
FÉL203	26,2%		29,9%		30,7%		14,7%	25,4%
FÉL303		21,6%		12,9%		15,0%		16,5%
FÉL323	19,0%		3,7%		3,3%		0,0%	6,5%
FÉL403		16,7%		0,0%		30,0%		15,6%
FJÖ103	10,3%	11,1%	23,7%	17,9%	19,6%	15,4%	22,6%	17,2%
FJÖ203	12,2%		24,0%		2,7%		2,3%	10,3%
FJÖ213		0,0%		10,3%		2,0%		4,1%
FJÖ303		9,5%		0,0%		0,0%		3,2%
FRA103		27,3%		30,3%		21,7%		26,4%
FRA203	13,6%		25,0%		18,5%		15,0%	18,0%
FRA303		11,5%		21,1%		37,5%		23,4%
FRA403	6,7%		20,0%		58,8%		11,8%	24,3%
FRU193		0,0%			0,0%			0,0%
HAG103							58,8%	58,8%
HAG113							40,0%	40,0%
HAG203							43,8%	43,8%
HBF103							0,0%	0,0%
HAV102	42,9%		0,0%					21,4%
ÍSL102		33,3%	44,4%	14,5%	36,8%	20,5%	51,6%	33,5%
ÍSL103		12,5%		5,8%		8,8%		9,0%
ÍSL111	23,1%				34,8%	75,0%	13,0%	36,5%
ÍSL183						14,3%		14,3%
ÍSL202	29,4%	53,6%	33,9%	13,5%	9,8%	47,6%	23,5%	30,2%
ÍSL203	13,6%		23,0%		2,1%		25,4%	16,0%
ÍSL212	30,4%	23,5%	34,8%	28,8%	23,3%	57,8%	66,7%	37,9%
ÍSL303	29,9%	18,4%	29,0%	8,5%	18,2%	27,1%	23,1%	22,0%
ÍSL403	20,3%	28,7%	32,5%	42,1%	18,4%	27,8%	18,4%	26,9%
ÍSL503	14,3%	14,8%	17,1%	16,7%	6,0%	13,3%	4,7%	12,4%
ÍSL583			5,3%		32,0%			18,7%
ÍSL613	4,3%		0,0%				7,1%	3,8%
ÍSL623	8,3%			0,0%				4,2%
ÍSL633		0,0%		0,0%		6,9%		2,3%
ÍÞF103		10,0%		0,0%		7,1%		5,7%
ÍÞF203		36,4%				9,5%		22,9%
ÍÞF222	17,4%				5,0%			11,2%
ÍÞF232				5,9%				5,9%
ÍÞF242			23,8%					23,8%
ÍÞF303							0,0%	0,0%
ÍÞG102				17,9%				17,9%
ÍÞG112			4,0%					4,0%
ÍÞG122		4,8%						4,8%
ÍÞG132						6,7%		6,7%

ÍÞG152	0,0%						13,0%	6,5%
ÍÞG162					3,6%			3,6%
ÍÞG1G2		15,4%						15,4%
ÍÞR121		14,8%		14,5%		11,6%		13,6%
ÍÞR131	24,4%		21,1%		14,3%		18,4%	19,6%
ÍÞR221		20,8%		24,5%		19,6%		21,6%
ÍÞR231	26,4%		33,3%		28,0%		18,2%	26,5%
ÍÞR301	18,8%	27,5%	47,9%	24,6%	18,8%	14,0%	23,4%	25,0%
ÍÞR302	14,3%	17,9%	12,0%	26,1%	58,3%			25,7%
ÍÞR321			36,0%			35,0%	12,5%	27,8%
ÍÞR331		41,4%				37,5%		39,4%
ÍÞR371		13,3%		20,0%		20,3%	24,0%	19,4%
ÍÞR381					6,1%	0,0%	9,1%	5,1%
ÍÞR391	0,0%		29,4%			20,0%	11,1%	15,1%
ÍÞR3B1				13,9%		14,3%		14,1%
ÍÞR3D1					12,1%			12,1%
ÍÞR3K1			52,0%					52,0%
ÍÞR3F1				0,0%		0,0%		0,0%
ÍÞR3G1		18,6%		26,5%		26,4%	6,8%	19,6%
ÍÞR3Ú1	40,4%		34,0%		36,0%			36,8%
KLV106	18,8%							18,8%
KLV193		0,0%		12,5%		5,9%		6,1%
KLV293			6,3%		10,0%		30,8%	15,7%
LAN103	4,3%		13,6%		10,7%		12,8%	10,3%
LEK103				0,0%				0,0%
LEI203		0,0%	16,7%					8,3%
LIM103	0,0%	14,3%		15,0%	5,6%	25,0%		12,0%
LIM113			0,0%		11,1%		6,5%	5,9%
LIM203	8,3%	14,3%	5,9%	40,0%		5,0%		14,7%
LÍF103		4,2%		13,6%	14,0%	12,5%	5,3%	9,9%
LÍF113	6,8%	5,0%	17,6%	12,0%		0,0%		8,3%
LÍF203		4,0%		18,2%	0,0%	0,0%	0,0%	4,4%
LÍF303	11,1%		12,5%		13,3%		13,3%	12,6%
LKN101		7,0%	10,0%		13,7%			10,2%
LKN102			21,7%	19,2%				20,5%
LKN103		10,5%		0,0%		18,1%		9,5%
LKN113	5,8%						20,8%	13,3%
LKN123			25,0%			0,0%		12,5%
LOK101	16,7%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	3,6%	0,0%	2,9%
MAR103	0,0%							0,0%
MAR203	53,3%							53,3%
MHL113	33,3%		0,0%					16,7%
MHL133	0,0%	7,1%						3,6%
MYL103		5,9%		5,3%		7,4%		6,2%

MYL183						42,9%		42,9%
MYL203		0,0%		27,3%		10,5%		12,6%
MYL223	20,0%		0,0%		0,0%		16,7%	9,2%
MYL233	0,0%		0,0%		0,0%		15,8%	8,9%
MYL303		0,0%		0,0%		0,0%		0,0%
MYL314		10,0%		9,1%		0,0%		6,4%
MYL403			0,0%		0,0%		0,0%	0,0%
MYL504	11,1%		0,0%		0,0%		20,0%	7,8%
MYL603	10,0%		0,0%		0,0%		25,0%	8,8%
MYS103	9,1%		27,3%			16,7%		17,7%
MYS203				22,2%			13,6%	17,9%
MYS304	5,0%	10,5%			10,0%			8,5%
NÁM193			5,9%	0,0%		11,8%		5,9%
NÁT103	31,7%	6,5%	11,4%	10,5%	13,4%	15,3%	25,4%	16,3%
NÁT113	10,7%	35,5%	17,4%	10,2%	4,3%	19,3%	1,7%	14,2%
NÁT123	11,5%	11,5%	16,3%	9,9%	31,6%	13,1%	16,3%	15,7%
REK103		44,0%		38,9%		48,9%		43,9%
REK203	11,1%				23,1%			17,1%
REK303		6,3%						6,3%
SAG103	23,8%	27,4%	25,0%	27,9%	25,7%	45,8%	19,5%	27,9%
SAG203	96,4%	7,7%	10,2%	11,6%	6,5%	6,1%	8,0%	20,9%
SAG303		22,1%		28,6%		45,5%		32,0%
SAG313	0,0%		38,5%		3,7%		3,0%	11,3%
SÁL103	4,2%	13,3%	24,6%	32,1%	25,9%	30,4%	34,8%	23,6%
SÁL203		10,9%		6,7%		6,5%		8,0%
SÁL303	2,9%		8,5%		0,0%		3,8%	3,8%
SÁL403		14,3%		4,8%		5,6%		8,2%
SJL103	11,1%	0,0%	18,2%	2,8%	12,5%	0,0%	12,5%	8,2%
SJL203	9,7%		12,5%		8,8%		3,2%	8,6%
SPU102						18,2%		13,9%
SPÆ103	43,3%		40,5%		42,7%	63,8%	40,8%	46,2%
SPÆ203		44,2%		43,9%	34,6%	8,9%	33,3%	33,0%
SPÆ303	7,1%		23,8%		20,8%		30,8%	20,6%
SPÆ403						15,4%		15,4%
SPÆ503				14,3%			18,2%	16,2%
STU191		0,0%		0,0%		0,0%	0,0%	0,0%
STU201	0,0%							0,0%
STU291			0,0%		0,0%		0,0%	0,0%
STÆ102	34,6%	48,6%	52,3%	38,5%	43,9%	36,8%	56,9%	44,5%
STÆ103		14,3%		28,2%	22,2%	32,6%		24,3%
STÆ122	31,9%	44,4%	46,6%	48,9%	25,0%	60,7%	56,8%	44,9%
STÆ193		26,3%		44,4%		9,1%		26,6%
STÆ202	22,2%	21,1%	55,9%	38,6%	60,0%	41,0%	30,6%	38,5%
STÆ203	6,3%		26,1%		4,6%	62,5%	22,2%	24,3%

STÆ293			14,3%		31,3%		22,2%	22,6%
STÆ303	28,3%	27,9%	57,1%	36,2%	39,1%	44,6%	26,3%	37,1%
STÆ313		12,5%	25,0%	27,5%	6,9%	31,8%	24,0%	21,3%
STÆ403	26,0%	21,4%	34,5%	56,3%	36,0%	38,7%	11,8%	32,1%
STÆ413	30,0%		21,1%		25,0%		5,6%	20,4%
STÆ503	19,2%	12,5%	32,0%	43,5%	38,9%	41,2%	22,7%	30,0%
STÆ513	0,0%							0,0%
STÆ523						20,0%		20,0%
STÆ583			11,8%					11,8%
STÆ603		0,0%			16,7%		9,1%	8,6%
THL103	16,7%	7,4%	0,0%	8,0%	18,2%	14,8%	0,0%	9,3%
THL112	40,0%		33,3%		21,4%		15,4%	27,5%
THL122		0,0%	36,4%	10,0%		8,3%		13,7%
THL136		20,0%		15,4%		0,0%		11,8%
THL143		0,0%			7,7%		14,3%	7,3%
THL183					11,1%		22,2%	16,7%
THL203	23,1%	11,1%			0,0%	0,0%	0,0%	6,8%
THL212	0,0%		12,5%				11,1%	7,9%
THL303		20,0%		9,1%		0,0%		9,7%
THL406	0,0%		0,0%		20,0%		0,0%	5,0%
TÍS103	7,1%							7,1%
TRÉ103	11,5%	0,0%	0,0%	15,4%	9,1%	12,5%	15,0%	9,1%
TRÉ113	8,3%		0,0%	16,7%	0,0%		18,2%	8,6%
TRÉ183						42,9%		42,9%
TRÉ203			0,0%		0,0%		0,0%	0,0%
TÖL103	11,1%	35,3%	20,0%					22,1%
TÖL113	6,3%		0,0%					3,1%
TÖL203		5,3%						5,3%
UPP103	0,0%				6,9%		0,0%	2,3%
UTN103	0,0%							0,0%
VIÐ143							4,8%	4,8%
ÞJÓ103	16,7%	31,3%	33,3%	40,0%		37,5%		31,8%
ÞÝS103	27,6%	21,2%	39,3%	22,0%	13,0%	38,6%	43,2%	29,3%
ÞÝS203	22,0%	42,9%	28,6%	21,4%	23,3%	30,8%	28,6%	28,2%
ÞÝS303	40,9%	28,2%	36,0%	46,7%	29,8%	43,2%	37,9%	37,5%
ÞÝS403	24,5%	31,0%	0,0%	6,3%	26,1%	25,0%	20,0%	19,0%
ÞÝS503		8,3%		0,0%		14,3%		7,5%
Meðaltö								
I	17,0%	17,8%	20,2%	17,6%	16,9%	20,8%	19,2%	16,6%

12.2 Helstu niðurstöður

- Á töflunni má glögglega sjá að fall er tiltölulega stöðugt og litlar sveiflur á milli ára nema í einstökum áföngum.

- Fall í hægferðum er umtalsvert og sér í lagi virðast áfangar sem eru númer tvö og þrjú (þ.e. 122, 202 og 212) í röðinni koma illa út.
- Nýir viðskiptaáfangar koma illa út og endurspeglar að við settum nemendur sem voru of ungir og einnig slakir námslega í þessa áfanga. Við höfum nú, að fenginni þessari reynslu, breytt því hvenær nýir nemendur taka þessa viðskiptaáfanga.
- Spæ 103 kemur illa út. Á síðustu árum hefur verið mikil aukning í spænsku og virðast nemendur telja að það tungumál sé auðveldara en önnur tungumál sem kennd eru sem þriðja mál. Niðurstöðurnar benda til að spænska sé ekki auðveldari.
- Fall í verk- og listgreinum er almennt lítið og má ætla að aukið vægi slíkra greina myndi hjálpa mörgum nemendum.
- Almennt má segja um niðurstöður að þær vekja upp spurningar hvort námsframboð sé við hæfi talsverðs hluta þeirra nemenda sem hér er. Önnur spurning sem vaknar er hvort nemendur eru að velja í of miklum mæli námsleiðir sem henta þeim ekki. Við erum með verknámsbrautir sem þola vel meiri aðsókn.

13. Viðhorf nemenda

Nemendur hafa ætíð verið virkir í umbótastarfi innan skólans. Nemendur eiga tvo fulltrúa í skólaráði og áheyrnarfulltrúa í skólanefnd. Reglulegir fundir eru með nemendum þar sem þeim gefst tækifæri til að koma athugasemdum sínum á framfæri við stjórnendur. T.d. má nefna að þriggja manna nefnd skipuð áfangastjóra, fjarvistastjóra og einum nemanda samdi nýjar skólasóknarreglur. Hér á eftir fara fundagerðir opinna funda með stjórnendum og forystufólki í félagslífi. Slíkir fundir eru haldnir á hverri önn.

13.1 Opinn fundur með stjórnendum skólans, stjórnendum NFFG og nemendum skólans haldinn 8.nóvember 2005.

Í upphafi fundar hvatti **Þorsteinn Þorsteinsson** nemendur til að nýta vel þá fáu daga sem eftir væru í kennslu á önninni. Og umfram allt þyrftu nemendur að hafa í huga að passa vel upp á skólasóknina, hún skipti sífellt meira máli og menn þyrftu að hafa í huga að slæm skólasókn lokaði leiðum í skólakerfinu.

Ólafur Ágúst, forseti NFFG, sagði frá því að viðburðir á vegum félagsins hefðu verið vel sóttir og nú væri einn viðburður eftir: Rokkfestival 16.nóv. í Urðarbrunni. Á vorönn stefnir stjórn NFFG að því að fjölga böllum um eitt.

Lena, formaður leikfélagsins sagði frá keppninni Leiktu betur sem haldin verður á föstudag í Tjarnarbíói og er frítt inn. FG sendir fjögurra manna lið í keppnina. Undirbúningur söngleiksins er kominn af stað, verkið sem tekið verður er Sister Act. Leikstjóri verður Örn Árnason, tónlistarstjóri Hallur Ingólfsson, danshöfundur Lovísa Gunnarsdóttir en eftir er að ráða kórstjóra. Söng-, leik- og dansprufur verða væntanlega í næstu viku.

Eftir þessar kynningar var opnað fyrir fyrirspurnir úr sal. Helstu fyrirspurnir sem komu frá nemendum voru eftirfarandi:

- **Nemandi vildi fá svör við því hvort ekki væri hægt að lengja hádegishléið.**
Skólameistari sagði að slíkar hugmyndir kæmu vel til greina. Spurningin væri þá hvort nemendur vildu byrja 10 mínútum fyrr og lengja hádegishléið sem því næmi. Skólameistari hvatti nemendur til að hafa könnun á heimasíðu NFFG um þetta.
- **Athugasemd kom við það að ekki er hægt að nota netkaffið snemma á morgnana og stundum strax eftir að kennslu lýkur á daginn.**
Málið verður athugað og kerfisstjóri beðinn um að kippa þessu í liðinn. Sennilega er um einhverja bilun að ræða, a.m.k. er þetta ekki stefna skólans að hafa þetta lokað.
- **Spurt var hvort ekki ætti að koma prentari í netkaffið.**
Í svari aðstoðarskólameistara kom fram að búið er að kaupa prentarann og verið er að vinna að uppsetningu, en því miður þarf að ganga þannig frá slíkum hlut að hann geti ekki horfið fyrirvaralaust.
- **Spurt var af hverju FG-netsvæðið væri ekki alltaf opið.**

Fram kom að málið verður athugað. Svæðið á að vera opið eins mikið og hægt er, en mögulega tengist þetta eitthvað vandamálinu með netkaffið eins og áður kom fram.

- **Sú ósk kom fram að fá skóhorn í skógeymslu nemenda.**
Málið verður athugað.
- **Spurt var af hverju skólinn væri að skipta sér af netspjalli nemenda á heimasíðu NFFG.**
Í máli skólameistara kom fram að skólinn vill ekki þurfa að skipta sér af þessum málum. En þegar kvartanir berast ber yfirvöldum skólans að taka mark á þeim. Skólaráð hefur fjallað um þetta mál og á fundi ráðsins kom fram sú ósk nemenda að vilja sjálfir setja sínar reglur. Skólameistari brýndi fyrir mönnum að gæta fyllsta velsæmis og átta sig á að það sem einum þætti fyndið gæti verið meiðandi fyrir aðra. Skólinn vonaðist til að þessi umræða yrði til þess að menn vönduðu betur það sem þeir létu frá sér fara.
- **Næsta fyrirspurn var af svipuðum toga: nemandi vildi fá að vita af hverju slúðurdálkurinn væri ekki lengur í Kindinni?**
Skólameistari sagði þetta vera sama málið, þ.e. kvartanir hafa borist og menn verði að átta sig á að hér er um vandmeðfarið mál að ræða. Innst inni er fólk viðkvæmt þótt það segi annað. Skólameistari benti nemendum á að ef þeir hefðu sérstakar skoðanir á þessum máli þá gætu þeir sent bréf til skólaráðs.
- **Spurt var hvort ætti að fara að stækka skólann.**
Búið er að skipa byggingarnefnd fyrir viðbyggingu sem verður norðan við austurgang 3ju hæðar. Þar verða fyrst og fremst kennslustofur m.a. fyrir listgreinar og starfsbraut.
- **Spurt var hvort ekki ætti að stækka prentkvóta nemenda þar sem MySchool kallaði á meiri prentun hjá nemendum.**
Þetta er í athugun og verður líklegast gert frá og með næstu önn.
- **Nemandi vildi vita af hverju enginn mætti verða veikur eftir klukkan 11.00.**
Í máli stallara kom fram að skv. gamla kerfinu hefðu nemendur getað skráð sig veika til kl. 13.00 en nemendur hafi misnotað kerfið og því bitnaði það nú á öllum nemendum.
- **Þá vildi nemandi fá svör við því af hverju nemandi sem væri orðinn 18 ára þyrfti að koma með veikindavottorð undirritað af foreldrum.**
Stallari benti á að slíkt vottorð mætti vissulega vera frá lækni. Skólinn vilji fá staðfestingu frá öðrum en hinum veika og eðlilegast sé að forráðamaður skrifi undir slíkt ef nemandinn býr í foreldrahúsum.
- **Ein klassísk fyrirspurn kom næst: er ekki hægt að samstillta klukkur skólans?**
Skólameistari sagðist hafa búið sig sérstaklega vel undir þessa spurningu og athugað allar klukkur fyrir fundinn. Í ljós hefi komið lítils háttar skekkja í tveim tilfellum. Munurinn væri almennt ekki mikill, líklega ekki meiri en er hjá okkur sjálfum. Ljóst væri að samstillt klukkukerfi kostaði milljónir og skólinn færi ekki í slíka fjárfestingu.

- **Athugasemd kom frá nemanda um að starfsmenn skrifstofu sýndu nemendum ekki alltaf fyllstu kurteisi.**
Skólameistari brýndi fyrir fundarmönnum að öllum bæri að sýna öðrum fyllstu kurteisi, þetta ætti við jafnt um starfsmenn sem nemendur.
- **Spurt var af hverju nemendur þyrftu að vinna upp veikindi í íþróttum en ekki í öðrum námsgreinum.**
Petrún íþróttakennari svaraði og sagði skýringuna vera þá að einkunn í íþróttum byggðist eingöngu á mætingu og ástundun í íþróttatímum.
- **Nemandi vildi fá að vita hvort ekki væri hægt að gera einhverjar ráðstafanir á bílastæðinu, en 2 árekstrar hafa orðið þar síðustu daga.**
Skólameistari svaraði því til að einu vandamálin sem væru á bílplaninu væru þau að of hratt væri ekið. Menn skyldu hafa í huga að færni þeirra væri kannski ekki eins mikil og þeir héldu sjálfir!
- **Kvartað var undan stólunum í netkaffinu.**
Aðstoðarskólameistari var sammála því að kaup á stólunum hefðu líklega ekki verið skynsamleg. Málið yrði skoðað.
- **Spurt var af hverju nemendur FG mættu ekki vera í íþróttum í líkamsræktarstöð eins og gert er í einhverjum framhaldsskólum.**
Aðstoðarskólameistari benti fundarmönnum á að slíkur áfangi hefði verið í boði fyrir þessa önn en fáir nemendur hefðu valið hann og hann því felldur niður. Ljóst væri að ef slíkur áfangi yrði í boði þá væri alltaf um að ræða tíma undir stjórn íþróttakennara.
- **Einnig var spurt um það hvers vegna nýnemar gætu ekki fengið metna íþróttáfanga vegna íþróttaiðkunar eins og eldri nemendur.**
Skv. ákvörðun skólaráðs geta nemendur fengið metna áfanga í íþróttum vegna íþróttaiðkunar ef þeir hafa lokið fyrstu fjórum áföngunum. Þeir sem æfa með sínum aldursflokki og meistaraflokki geta fengið metnar íþróttaeiningar án þess að hafa uppfyllt skilyrðið um fjóra fyrstu áfangana. Þeir verða þó alltaf að taka bóklega þátt íþróttu.
- **Spurt var hvers vegna skólinn notaði ekki endurvinnslu fyrir allan pappír.**
Í svara skólameistara kom fram að þetta hefur verið gert en vegna mikils kostnaðar var því hætt. Skólanum er ekki gert kleift að fara út í þennan aukakostnað.
- **Spurt var um útgáfu nemendaskírteina.**
Aðstoðarskólameistari upplýsti að þau kæmu nú í vikunni.
- **Nemandi vildi vita hvers vegna ekki væri þráðlaust net í tölvustofum og mötuneyti nemenda.**
Málið verður skoðað.
- **Spurt var hvort nemendur sem tækju að sér störf fyrir nemendafélagið gætu fengið einingar fyrir.**
Í svari skólameistara kom fram að námskránni verður breytt á næstunni og þá verða þessi mál athuguð. Um er að ræða samræmingamál í öllu skólakerfinu.

Ásta, varaforseti NFFG, hvatti nemendur til að mæta í Gettu betur keppni n.k. þriðjudag kl. 15.30. Mæting verður fyrir framan bókasafnið. 5-6 nemendur verða síðan valdir úr til að hefja æfingar undir stjórn þjálfara.

Þorsteinn skólameistari ræddi um skemmtanir nemenda og hvatti þá til að fjölga atburðum sem mest í húsinu. Nemendum stæði húsnæðið til boða og ættu þeir að nýta sér það tækifæri. Einnig ræddi hann um reyklaugar skemmtanir sem nokkrir skólar eru byrjaðir að vera með. FG mun einnig fara þessa leið, enda er þetta ekki spurning hvort heldur hvenær reykingar verða alfarið bannaðar á skemmtunum framhaldsskólanna.

Kristinn, aðstoðarskólameistari spurði nemendur um reynsluna af MySchool. Nemendur gagnrýndu að kennarar notuðu þetta ekki allir, en hins vegar voru þeir ánægðir með kerfið þar sem það er notað. Í máli Kristins kom fram að verið er að setja pressu á kennara að nota kerfið, en það tekur alltaf einhvern tíma til að fá alla til að nota nýjungar. Best er að nemendur hvetji kennara sína sem mest til að nota þetta. Nemendur gagnrýndu einnig að prentkvótinn væri ekki nógur þar sem margir kennarar setji verkefni inn í kerfið og ætlist til að nemendur prenti þau út. Kristinn sagði að það væri ljóst að prentkvótann þyrfti að stækka og yrði það gert.

Í lok fundar hvatti Lena, formaður leikfélagsins, nemendur til að setja dósir í kassa í mötuneytinu í þeim tilgangi að fjármagna söngleikinn.

Fundi slitið.

Elísabet Siemsen,
áfangastjóri

13.2 Opinn fundur með stjórnendum skólans, stjórnendum NFFG og nemendum skólans. 27. febrúar 2006.

Í upphafi fundar, sem var mjög fjölmennur, tilkynnti skólameistari nemendum að vegna nokkurra mála sem upp hefur komist um að nemendur falsi undirskriftir veikindamiða sé nauðsynlegt að áréttu að ef slík mál koma upp verði viðkomandi nemendur umsvifalaust reknir úr skólanum. Nauðsynlegt sé að nemendur geri sér grein fyrir alvöru málsins.

Kynning Imbrudaga sem hefjast á morgun þriðjudag var næst á dagskrá. Þemað að þessu sinni er: mannúð og Afríka. Hafa ber í huga að þessir dagar eru óhefðbundnir kennsludagar, nemendur geta valið að taka þátt í ýmsum atburðum sem nánar eru auglýstir í bæklingi sem gefinn hefur verið út. Afrísk kassa stendur til boða í nemendamötuneytinu og nemendur í LOK-hópi munu starfrækja kaffihús. Kvikmyndahátíð verður alla dagana, aðgangseyrir á allar myndir er kr. 300 og rennur hann til góðgerðamála. Einnig kom fram að samkeppni verður um klæðnað í anda Afríku.

Hrefna Þórarinsdóttir kynnti söngleikinn sem frumsýndur verður n.k. fimmtudag kl. 12.00. Aðgangseyrir er kr. 1.700.- og eru nemendur hvattir sérstaklega til að kaupa miða á frumsýninguna.

Ólafur Ágúst kynnti árshátíðina sem hefst með borðhaldi í Urðarbrunni kl. 18.30. Veislustjóri verður Pétur Jóhann Sigfússon. Dansleikur verður síðan haldinn að Gullhömrum til kl. 2.30 og verða rútur frá skólanum kl. 23.00 og síðan aftur heim að dansleik loknum.

Aðstoðarskólameistari tilkynnti niðurstöður könnunar sem fram fór meðal nemenda og starfsmanna um tímasetningu hádegishlés. Niðurstöður voru afgerandi: langflestir þeirra sem þátt tóku vilja óbreytt ástand.

Að loknum þessum kynningum gafst nemendum tækifæri til að koma með fyrirspurnir og tillögur.

Helstu fyrirspurnir sem fram komu frá nemendum voru:

- **Spurt var um miðasölu á árshátíðina.**
Í máli forseta NFFG kom fram að miðasala hefst strax í dag. Nemendur eru hvattir til að taka þátt í öllum atburðum árshátíðardagsins.
- **Hvers vegna er spjallrásin enn lokuð?**
Í máli skólameistara kom fram að skólayfirvöld væru tilbúin að gera lokatilraun með að opna aftur fyrir spjallrásina en ljóst væri að menn yrðu að fara eftir þeim reglum sem settar yrðu. Einnelti og annar ófögnuður yrði ekki liðinn. Málið yrði tekið fyrir á næsta skólaráðsfundi.
- **Kvartað var undan því að skóhornið væri brotið í skógeymslu nemenda.**
Sigríður húsvörður benti á að við nákvæma athugun væri skóhornið í fínu lagi!
- **Bent var á að tölvan í fyrirlestrasalnum væri ekki nógu góð.**
Skólameistari fagnaði þessari ábendingu, ábendingar sem miðuðu að því að gera allt skólastarf betra væru góðar. Málið verður skoðað.
- **Kvartanir komu vegna stólanna á bókasafni og netkaffinu.**
Skólameistari sagði að reynt hefði verið að gera við stólana en ljóst væri að það þyrfti að fá nýja og sterkari stóla.
- **Spurt var hvort nemendur í DLT-áfanganum fengju afslátt á sýningar söngleiksins.**
Það kom skýrt fram að slíkur afsláttur er ekki veittur. Í skólaráði er lögð áhersla á að boðsmiðar séu í lágmarki og munu t.d. kennarar kaupa miða sína eins og nemendur.
- **Nemandi vildi vita af hverju tækjasalur í Mýrinni væri ekki til afnota fyrir nemendur utan beinna kennslustunda í íþróttum.**
Málið verður skoðað.
- **Spurt var hvort hægt væri að skipuleggja betur afgreiðsluna í mötuneyti nemenda. Einnig kom fram sú fyrirspurn hvort ekki væri hægt að fjölga starfsmönnum í mötuneytinu.**
Skólameistari kallaði eftir fulltrúa nemenda í viðræður við starfsmenn mötuneytis um betra fyrirkomulag afgreiðslunnar. Skólayfirvöld legðu áherslu á að nemendum gæfist kostur á góðum mat á sanngjörnu verði.
- **Málefni reykingamanna voru nokkuð á dagskrá.**
Spurt var hvort ekki væri hægt að setja upp skjólvegg fyrir reykingamenn. Því er til að svara að skv. landslögum er óheimilt að fara í framkvæmdir sem auðvelda reykingamönnum iðju sína. Í umræðunum kom líka fram sú ósk að reykingamenn væru alls ekki nálægt skólahúsinu þar sem reykurinn væri mjög

hvimleiður þegar hann bærisk að brúnni. Árshátíðin verður fyrsta reyklausa ball FG og var því fagnað með lófataki.

- **Spurt var hvort hægt væri að fá fleiri sófa til að nemendur þyrftu ekki að sitja í stiganum.**
Þetta er þörf ábending og verður skoðuð.
- **Geta nemendur fengið að fara í sund t.d. í götum?**
Boðið hefur verið upp á sérstaka sundáfanga en þeir hafa ekki verið sérstaklega vinsælir. Skv. reglum íþróttahússins fær enginn að fara í sund nema starfsmaður hússins sé til staðar. Skólinn þyrfti því að greiða sérstaklega fyrir slíka tíma.
- **Bílastæðamálin**
Enn einu sinni komu þau til umræðu. Spurt var hvort ekki væri nauðsynlegt að setja merkingar til að varna árekstrum. Í máli skólameistara kom fram að leitað hefði verið til sérfræðings um málið sem hefði ráðlagt að merkja ekki akstursstefnur. Það sem þarf er að ná hraðanum niður.
- **Ósk kom frá nemanda um að billiardborðið yrði sett upp aftur.**
Í máli skólameistara kom fram að svo yrði ekki. Það gafst illa, nemendur margir hverjir hættu að mæta í tíma og hefur skólinn gefið borðið.
- **Myschool.**
Kvörtun kom frá nemanda um að kennarar notuðu ekki allir kerfið. Í máli aðstoðarskólameistara kom fram að nemendur ættu endilega að hvetja kennara til að nota kerfið, slík hvatning væri yfirleitt árangursrík.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 11.20

Elísabet Siemsen,
áfangastjóri

13.3 Opinn fundur með stjórnendum skólans, stjórnendum NFFG og nemendum skólans haldinn þriðjudaginn 3. október 2006.

Þorsteinn Þorsteinsson skólameistari setti fundinn og sagði tilgang slíks fundar vera þann að nemendur gætu tekið þátt í málefnalegri umræðu. Markmið skólans væri að bjóða breiða þjónustu, þ.e. allir væru jafnir hvort heldur þeir þyrftu meiri þjónustu eða minni. Til að ná þeim markmiðum væri nauðsynlegt að hafa ýmsar reglur, t.d. skólasóknarreglur.

Ásta María Harðardóttir, forseti NFFG skýrði nemendum frá því hvaða atburðir á vegum nemendafélagsins væru á næstunni. Hún hvatti nemendur til að taka þátt. Meðal þeirra atburða sem Ásta María nefndi voru hádegisviðburðir, skemmtikvöld og Þórsmerkurferð 18. – 20. október n.k. en í þá ferð komast einungis 80 nemendur. Því þurfi nemendur að skrá sig strax og skráning hefst því fyrstir koma fyrstir fá. Fyrirhugaðir eru góðgerðartónleikar þann 1. nóvember til ágóða fyrir Götusmiðjuna. Laugardaginn 14. október verður síðan framhaldsskólámót í litbolta (paintball).

Eftir þennan inngang voru nemendur hvattir til að koma með fyrirspurnir og athugasemdir.

Spurt var hvort hægt væri að taka tillit til grænmetisæta í mötuneyti nemenda. Þorsteinn sagðist koma erindinu til þeirra sem reka mötuneytið.

Kvartað var undan því að skóm væri stolið í fatahengi.

Slæmt er ef menn geta ekki látið eigur annarra vera, en Þorsteinn benti nemendum á að skápar standa mönnum til boða.

Gunnar Örn Heiðdal, varaforseti NFFG sagði frá undirbúningi fyrir Gettu betur og Morfís og hvatti nemendur til að taka þátt. Fyrir spurningakeppnina er sérstakur áfangi, SPU102 og kom fram á fundinum að sá áfangi væri opinn fyrir alla, ekki bara þá sem komast í liðið. Tímar eru á mánudögum kl. 16.15 í stofu A304. Næsta mánudag kl. 16.15 er síðan fundur fyrir áhugasama nemendur um Morfís með þjálfara liðsins.

Spurt var hvort hægt væri að fá sér prentara fyrir þá nemendur skólans sem eru með ferðatölvur.

Kristinn Þorsteinsson aðstoðarskólameistari sagði að málið yrði athugað.

Spurningin: Er hægt að samstillta klukkurnar? kom enn einu sinni fram.

Í svari skólameistara kom fram að hann var vel undirbúinn undir spurninguna, enda búið að vera til umræðu frá árinu 1995. Skólameistari sagði að þegar nýja byggingin var reist hafi komið til tals að kaupa sérstakan búnað en sú framkvæmd hafi þótt of dýr. Skólinn leitaðist við að samstillta klukkurnar eins og kostur er.

Spurt var hvers vegna væri bannað að reykja á böllum.

Í svari skólameistara kom fram að sú ákvörðun hafi verið tekin í skólaráði. Takmarkið sé að tekið sé tillit til þeirra sem ekki reykja. Illa hafi gefist að skipta hópnum á böllum og því hafi þessi ákvörðun verið tekin. Kristín Helga Ólafsdóttir forvarnafulltrúi sagði einnig að haldið hafi verið n.k. prufuball s.l. vor og það hafi mælst mjög vel fyrir. Nemandi vildi fá að vita hvort ekki væri hægt að hleypa þeim nemendum sem reykja út. Stjórnarmenn NFFG voru sammála um að slíkt skapi bara vesen, menn verði bara að reykja áður en þeir fari inn og í verstu tilfellum nota nikótíntyggjó. Við skulum taka tillit til þeirra sem reykja ekki.

Hvers vegna eru böllin bara til kl. 01:00?

Svar við þessari spurningu er mjög einfalt: Lögreglan hefur sett þessar reglur. Mikilvægt er að nemendur viti að þessi regla á við um alla framhaldsskólana á höfuðborgarsvæðinu. Fram kom hjá stjórnarmönnum í NFFG að verið væri að vinna að því að fá að hafa árshátíðina lengur.

Athugasemd kom frá nemanda um að matsalur nemenda væri allt of lítill.

Í máli Þorsteins skólameistara kom fram að í skólum væri mælt hve margir fermetrar væru á hvern nemanda. Ljóst væri að besta plássið væri í FG. Einnig væri mótuneytið með því stærsta sem þekktist. Það mætti hins vegar taka til skoðunar að skipta nemendahópnum þannig að ekki færu allir í mat á sama tíma. Ekki væri mögulegt að hleypa nemendum inn í Urðarbrunn á meðan umgengnin væri slæm.

Spurt var hvort ekki mætti flytja sófa sem ekki má borða í út úr mótuneytinu og setja í staðinn borð og stóla.

Skólameistari ætlar að athuga málið.

Er hægt að fá fleiri sófa á efri pallinn svo nemendur þurfi ekki að sitja í stiganum?

Skólameistari ætlar að athuga málið. Hann bætti því þó við að oft væri enginn í sófunum en nemendur í stiganum!

Spurt var hvort hægt væri að einfalda Myschool þannig að kennarar settu t.d. verkefni inn á sama stað?

Kristinn aðstoðarskólameistari sagði að menn væru misjafnir, líka kennarar og þeir starfa á mismunandi hátt. Athugasemd kom utan úr sal um að fyrirkomulagið væri betra í Versló. Kristinn sagði að við værum vissulega tilbúin að læra af öllum góðum skólum. Málið verður skoðað.

Af hverju eru svona fá böll?

Í máli Daníels í stjórn NFFG kom fram að böllin verði 5 á þessu skólaári en þau hafi verið 4 á því síðasta. Þorsteinn skólameistari bætti því við að ekkert væri því til fyrirstöðu að fjölga atburðum í félagslífinu og nota húsnæði skólans.

Nemandi vildi fá að vita hvort ekki væri gott að setja upp rúllustiga.

Þorsteinn fór aðeins yfir söguna og sagði nemendum frá þeim aðbúnaði sem nemendur bjuggu við áður en nýja byggingin var tekin í notkun. Þá hafi verið kennt í mörgum húsum og nemendur hafi gengið á milli húsanna í hvaða veðri sem er. Spurning væri núna frekar hvort nemendur færu of lítið út.

Spurt var af hverju þyrfti að borga fyrir gömul próf.

Fram kom í máli fyrirspyrjanda að í einhverjum skólum væru gömul próf sett á netið og væru þá aðgengileg fyrir nemendur.

Þorsteinn sagði að gjaldtakan færi í taugarnar á skólastjórnendum margra framhaldsskóla. Vandamálið væri hins vegar það að hið lögbundna innritunargjald hefur ekki hækkað síðan lögin voru sett og skólunum því þröngur stakkur skorinn. Athugað yrði hvort hægt væri að setja prófin inn í Myschool.

Spurt var um nemendaskírteini.

Kristinn aðstoðarskólameistari sagði að skírteinin væru gefin út á hverju ári, hins vegar væru allmargir nemendur sem ekki hirtu um að sækja þau á skrifstofuna. Athugasemd kom utan úr sal um að hafa skírteinin tilbúin fyrr, m.a. vegna ýmissa tilboða fyrir nemendur.

Athugasemd kom um að verðlag í mótuneytinu væri of hátt.

Skólameistari athugar málið. Menn verði að hafa í huga að matvara hefur hækkað í landinu um 20% frá því í janúar.

Spurt var hvort búið væri að banna fyrirpartí fyrir böll.

Skólameistari sagði frá því að á foreldrafundi hafi komið fram að unglíngadrykkja fari vaxandi og að aldurinn færist neðar. Gríðarlegir erfiðleikar fylgja með og heimilin geti oft ekki tekið á þessu. Sorgleg dæmi séu um eftirlitslaus partí, ýmislegt sem nemendur viti ekki um. Mikilvægast sé að nemendur láti ekki aðra segja sér hvað þeir eiga að gera. Nemendur takið ábyrgð og látið ykkur þykja vænt um ykkur sjálf!

Er hægt að setja stopp fremst á þrepin í stiganum?

Skólameistari sagði að málið yrði skoðað. Vinnueftirlitið kemur á hverju ári og tekur skólann út. Leitað verður til þess um ráð.

Spurt var hvort ekki væri hægt að hafa posa í mótuneytinu.

Málið verður athugað.

Hvert fór kóksjálfsalinn?

Í máli skólameistara kom fram að fyrirtækið Selecta hafi sett kók- og kaffivélar upp en ávinningurinn hafi ekki þótt nægjanlegur. Skoðað verði hvort einhver annar aðili hafi áhuga á slíku.

Að lokum minnti Kristín Helga forvarnafulltrúi á Galadansleikinn 25. október n.k. sem haldinn er fyrir þá sem útskrifast í desember 2006 og maí 2007.

Elísabet Siemsen,
áfangastjóri

13.4 Opinn fundur með stjórnendum skólans, stjórnendum NFFG og nemendum skólans haldinn þriðjudaginn 13. febrúar 2007.

Þorsteinn Þorsteinsson skólameistari setti fundinn og hvatti nemendur til að tjá skoðanir sínar um það sem betur mætti fara í skólastarfinu. Slíkir fundir eru haldnir á hverri önn og hafa margar góðar ábendingar komið fram. Þorsteinn benti nemendum á að í skólastarfi sé nauðsynlegt að hafa ákveðnar reglur, nemendur hafi ákveðinn ramma en innan hans hafi þeir töluvert frelsi.

Skólameistari tjáði nemendum að ýmsar ráðstafanir væru í gangi af hálfu Menntamálaráðuneytisins til að minnka brottfall. Mjög mikilvægt er að nemendur mæti í lokapróf. Nemendur geta fyrir úrsagnareindaga sagt sig úr áföngum, ef þeim finnst álag of mikið, en eftir úrsagnareindaga er nauðsynlegt fyrir nemendur að átta sig á að þeir þurfa að mæta til prófs í þeim áföngum sem þeir eru skráðir í. Jafnvel þótt þeir viti að einkunnin verði ekki há. Ýmsar hugmyndir eru í gangi um hvort einhver viðurlög eigi að liggja við því ef nemendur mæta ekki til prófs.

Ásta María Harðardóttir forseti NFFG tók síðan til máls og sagði frá fyrirhugaðri árshátíð 8. mars og frumsýningu söngleiks þann sama dag. Árshátíðin verður haldin í Nasa og stendur gleðin til kl. 2.30. Tímasetningin vakti mikla ánægju meðal nemenda. Milljónamæringarnir, Bogomil Font, Páll Óskar og fleiri sjá um tónlistina. Árshátíðin hefst á borðhaldi í Urðarbrunni. Ásta María hvatti nemendur til að taka þátt.

Íþróttadagurinn verður n.k. fimmtudag kl. 13.00 – 15.00. Þá fer fram keppni í ýmsum greinum auk keppni milli nemenda og kennara. Allir eru hvattir til að taka þátt.

Gunnar Heiðdal sagði frá því að stuðningslið verði sérstaklega þjálfað til að styðja við bakið á keppnisliðum skólans í Gettu betur og Morfís. Vonast er til að sem flestir taki þátt og hugmynd er uppi um að hafa hljóðfærarleikara með.

Brynja Eypórsdóttir formaður leikfélagsins sagði frá vinnunni við söngleikinn Öskubusku. Æfingar ganga vel og hún hvatti nemendur til að koma á sýningar.

Eftir þennan inngang voru nemendur hvattir til að koma með fyrirspurnir og athugasemdir.

Athugasemd kom fram um að maturinn í mótuneyti nemenda væri of dýr.

Þorsteinn sagði að verðlag hefði verið skoðað eftir síðasta opna fund og það hefði ekki reynst vera of hátt. Hins vegar væri sjálfsagt að skoða málið enn betur og auglýst er eftir því að nemendur geri sjálfir faglegan samanburð. Verð og gæði þurfa að haldast í hendur.

Spurt var: verður lokaball?

Ásta María svaraði fyrir hönd stjórnar NFFG og sagði að á dagskrá væri ball á tímabilinu 16.-20. apríl og hugmynd væri um að hafa það grímuball.

Enn kom athugasemd um mötuneytið: Ekki væri næg fjölbreytni t.d. fyrir grænmetisætur.

Þorsteinn sagðist vera tilbúinn til að mötuneytið yrði skoðað betur og hvatti stjórn NFFG til að tilnefna 2 fulltrúa sem ásamt 2 fulltrúum starfsmanna myndi skoða þetta mál. Málinu er því vísað til stjórnar NFFG.

Spurt var hvort það yrði skíðaferð.

Í máli Ástu Maríu kom fram að skíðaferð er skipulögð 28. – 30. mars n.k. 70 manns komast í ferðina. Og spurð um snjóleysið sagði Ásta María að það væri alltaf hægt að hafa „plan B“.

Hvenær kemur Kindin út?

Í svari Davíðs Arnars Baldurssonar ritstjóra kom fram að útgáfan strandar á peningum: það kostar u.þ.b. 1 milljón að koma blaðinu út og það vantar enn auglýsingar. Þó gerir Davíð ráð fyrir að blaðið komi út í kringum 8. mars, þá líklega með nokkru tapi.

Hver var gróðinn af ballinu 8. mars s.l.?

Í máli Þorsteins skólameistara kom fram að gróðinn var gríðarlegur. Peningalega kom ballið út með tapi – en stjórnendur skólans eru ekkert að gefast upp þótt fáir nemendur hafi mætt í þetta skipti. Félagslífið eigi að vera fjölbreytt og nemendur eigi að nýta sér salinn meira.

Í máli eins nemanda kom fram að fleiri hefðu mætt hefði verið boðið upp á uppistand, eins og t.d. Jón Gnarr.

Þorsteinn upplýsti nemendur um að verið væri að endurnýja aðra tölvustofuna: A210. Hún yrði stækkuð og nýjar og öflugar tölvur yrðu keyptar.

Í máli eins nemanda kom fram að ein músin væri biluð í netkaffinu. Búið væri að benda á þetta en ekki væri búið að kippa þessu í liðinn.

Þorsteinn benti á að einmitt slíkar athugasemdir væri gott að fá, þetta yrði skráð niður og reynt að afgreiða málið eins fljótt og hægt væri.

Spurt var af hverju ákveðnar netsíður væru lokaðar.

Í máli Kristins Þorsteinssonar aðstoðarskólameistara kom fram að mikil notkun á ákveðnum síðum, sérstaklega erlendum síðum, hægir mjög á tölvukerfinu. Tölvurnar eru ekki hugsaðar sem leikjatölvur.

Er hægt að lengja matarhléið?

Kristinn benti mönnum á að í fyrra var gerð könnun um þetta meðal nemenda og starfsmanna. Niðurstaðan var sú að meirihlutinn vildi óbreytt ástand.

Er hægt að fá að mæta í Sporthúsið í stað hefðbundinna leikfímistíma?

Kristinn sagði að skv. ákvörðun skólaráðs gætu nemendur eldri en 21 árs fengið að taka íþróttatíma í líkamsræktarstöðvum, en skólinn hefði þá stefnu að bjóða upp á skipulagða íþróttakennslu. Stöðugt væri verið að auka fjölbreytnina. T.d. mætti skoða hvort ekki væri hægt að auka fjölbreytnina fyrstu tvö árin.

Þorsteinn skólameistari sagði að margir framhaldsskólar hafa ekki sömu góðu aðstöðuna og við hér í FG og því væri útfærsla íþróttakennslunnar með mismunandi sniði. Skólinn mun í samvinnu við íþróttakennarana auka fjölbreytni eins og kostur er. Skólinn hefur einnig verið opinn fyrir því að meta íþróttaiðkun hjá íþróttafélögum að fengnum ákveðnum skilyrðum. Þorsteinn á einnig von á því að val verði aukið í nýrri námskrá framhaldsskólans.

Fram kom kvörtun vegna þess hve langan tíma tekur að horfa á skjáinn á morgnana og bíða eftir veikindatilkynningum kennara.

Þorsteinn skólameistari sagði að starfsfólk skrifstofu setti veikindatilkynningar bæði á skjáinn og á heimasíðu um leið og þær bærust. Málið yrði skoðað nánar.

Guðni Kolbeinsson stallari benti nemendum á að sem betur fer þyrftu þeir ekki að lesa lista yfir veika nemendur, þá fyrst þyrftu þeir að kvarta undan því að þetta tæki tíma! Hann sagði að skólaskókn nemenda væri slæm og nemendur þyrftu að skilja að þeir sem væru látnir hætta vegna slægrar skólagöngu ættu stöðugt verra með að komast í aðra skóla. Það væri dekrað við nemendur, þeir hefðu ákveðið frjálsræði varðandi mætingar sem fólk á hinum almenna vinnumarkaði hefði ekki. Guðni beindi síðan máli sínu til samningsnemenda og sagði þá verða að virða samninga, m.a. með því að mæta í boðuð viðtöl.

Er hægt að stækka bílastæðin?

Í máli skólameistara kom fram að bæjaryfirvöld í Garðabæ hefðu staðið ákaflega vel að þessum málum, m.a. bætt við stæðum fyrir 40 bíla að beiðni skólans. Ef fjölga á stæðum þyrfti að liggja fyrir þarfagreining, en Þorsteinn segist efast um að þörf á fjölgun bílastæða eigi við eins og stendur. Hann sagðist heita þeim verðlaunum sem geta bent honum á að bílastæði vanti. Oft eru næg bílastæði á efsta hlutanum en bílstjórar kjósi frekar að leggja bílum ólöglega uppi á grasi. Málið verður athugað nánar.

Af hverju má ekki fara veikur heim eftir kl. 11.00?

Í máli Guðna stallara kom fram að skv. gamla kerfinu hefðu nemendur getað farið heim allt til kl. 13.00 en nemendur hafi misnotað þetta og tekið sér oft á tíðum frí eftir hádegi. Ef allir nemendur væru heiðarlegir þyrfti ekki að koma til þessarar reglu. Kristinn aðstoðarskólameistari bætti því við að nemendur ættu ekkert verðmætara en eigin orð. Það að tilkynna veikindi ættu nemendur að taka alvarlega og ekki gera slíkt nema um sannanleg veikindi væri að ræða.

Af hverju er ekki hægt að fá frí í skólanum?

Guðni stallari benti mönnum á að þetta væri alls ekki rétt. Nemendur gætu sótt um leyfi til skólaráðs sem veitti slík leyfi ef skólasókn væri mjög góð. Þorsteinn skólameistari bætti því við að orðrómur um annað væri með öllu óskiljanlegur.

Spurt var hvort ekki væri hægt að salta göngustígana meðfram bílastæðunum?

Skólameistari sagði að það væri reynt en ef veðraskipti væru mjög tíð væri þetta erfitt. Þetta væri góð ábending og yrði reynt að bæta úr þessu.

Er hægt að setja tilkynningar um veikindi kennara fyrr á heimasíðuna / skjáinn?

Aðstoðarskólameistari sagði að þetta yrði tekið til athugunar. Hann benti á að síðustu daga hafa verið vandræði með heimasíðuna sem að hluta til gæti skýrt að tilkynningar væru ekki allar komnar strax klukkan átta.

Nemandi vildi fá að vita hvort ekki væri hægt að hliðra til með það hvar má borða í húsinu, t.d. á pallinum á 3ju hæð.

Guðni stallari sagði að skýringin á þessum reglum væri einföld: nemendur gengju ákaflega illa um. Það hefði verið reynt að leyfa nemendum að borða á fleiri stöðum en á fyrstu hæð en nú væri búið að gefast upp á því. Skólameistari bætti við að það væri ótækt að nemendur skildu eftir leirtau út um allan skóla og hirtu ekki um að setja rusl í þar til gerð ílát. Hann auglýsti eftir hugmyndum um hvað hægt væri að gera til að fá nemendur til að ganga betur um.

Í framhaldi af þessum umræðum vildi nemandi fá að vita hvort ekki væri hægt að gera tilraun í nokkra daga? Nemendur kæmust ekki allir fyrir á fyrstu hæðinni.

Skólameistari sagðist alltaf vera opinn fyrir tilraunum en lágmarkskrafan væri sú að gengið verði vel um. Hann auglýsti aftur eftir hugmyndum frá nemendum.

Spurt var hvort kennarar geti ekki lagt bílum sínum lengra frá húsinu eða á bak við húsið.

Skólameistari benti á að bílastæðin á bak við húsið væru hugsuð fyrir vöruafgreiðslu. Ákveðin stæði væru merkt fyrir starfsmenn svo og fyrir fatlaða. Hann gerði sérstaklega að umtalsefni að ótækt er ef lagt er í stæði fatlaðra.

Nemandi kvartaði undan því að ef borðað væri í mötuneytinu og glugginn væri opinn kæmi reykingafýlan frá reykingasvæðinu inn.

Þorsteinn taldi þetta vera fína ábendingu: þetta þrengdi enn frekar að reykingafólki.

Elísabet Siemsen,
áfangastjóri

13.5 Opinn fundur með stjórnendum skólans, stjórnendum NFFG og nemendum skólans haldinn þriðjudaginn 9. október 2007.

Þorsteinn Þorsteinsson skólameistari setti fundinn og útskýrði fyrir nemendum tilgangi fundarins. Nemendur hafa hér tækifæri til að koma með tillögur og ábendingar sem margar hverjar hafa leitt til breytinga til hagsbóta fyrir nemendur. Í máli skólameistara kom fram að skólinn vill hafa rúman ramma þannig að nemendur hafi ákveðið frelsi. En mikilvægt sé að nemendur fari ekki út fyrir þann ramma. Nemendur verða að átta sig á að þeir verða að mæta í próf. Að öðrum kosti eru menn komnir á brottfallslista sem getur haft áhrif á hvort þeir fái áframhaldandi skólavist.

Í máli Þorsteins kom einnig fram að þrýstingur sé af skólans hálfu að viðbygging fari í gang. Nú er fjármagn komið, en gert er ráð fyrir þessu verki á fjárlögum, og þá er ekki eftir neinu að bíða. Skólameistari sagði fundarmönnum einnig frá því að hann væri í viðræðum við Gunnar Einarsson bæjarstjóra vegna fjölgunar bílastæða. Erfitt er að sækja það mál nú þar sem mikil áhersla er lögð á það almennt í samfélaginu að

fækka bílum frekar en fjölga. Í máli Þorsteins kom fram að ljóst er að eitthvað þarf að gera til að leysa málin, tilkoma íþróttahúss og jafnvel fjölgun starfsmanna í Hofstaðaskóla sé farin að hafa áhrif á aukna þörf fyrir fjölgun bílastæða. Þorsteinn skólameistari hvatti nemendur til að nýta nú tækifærið og koma með ábendingar og hugmyndir sem yrðu þá teknar til skoðunar.

Ábending kom frá nemanda um að of fáir stólar væru í netkaffinu.

Skólameistari tók vel í ábendinguna og sagði að stólum verði fjölgað.

Nemandi vildi vita hvað hafi orðið um prentarann í netkaffinu.

Kristinn Þorsteinsson aðstoðarskólameistari sagði að vegna slæmrrar umgengni hefði prentarinn bilað tvisvar. Hann væri nú í viðgerð og yrði settur upp fljótlega.

Ósk kom um að fækka tilkynningum á skjánum til að nemendur þyrftu ekki að bíða svona lengi til að sjá veikindatilkynningar kennara.

Málið verður skoðað. Nemendum er bent á að lesa vel allar tilkynningar. Ef hins vegar gamlar tilkynningar eru enn inni er sjálfsagt mál að taka þær út.

Stjórnarmenn nemendafélagsins skýrðu frá því að búið væri að velja í hlutverk í næstu uppfærslu söngleiks og æfingar byrjuðu bráðlega. Þetta væri óvenju snemmt enda væri frumsýning fyrirhuguð nokkru fyrir en undanfarin ár.

Í MORFÍS-keppninni munu FG-ingar etja kappi við Flensborgara í fyrstu umferð. Áhugasamir nemendur eru hvattir til að taka þátt því enn er ekki búið að skipa liðið.

Rokkfestival verður haldið 1. nóvember n.k. og Þórsmerkurferð verður frá miðvikudegi til föstudags. Ferðalangar voru boðaðir á fund í hádeginu.

Athugasemd kom frá nemanda um að það vantaði tónlist í íþróttatímum.

Einhver tæknivandamál hafa verið í íþróttahúsinu en Snjólaug íþróttakennari sagði að reynt verði að bæta úr þessu og hvatti hún nemendur til að koma jafnvel með diska í tíma sem hægt væri að spila.

Ósk kom frá nemanda um að opnunartími bókasafnsins yrði lengdur.

Þorsteinn skólameistari sagði að það væri fullur vilji til þess að hafa opið lengur. Forsenda þess að það væri hægt væri að fá fólk til að vinna á safninu eftir skólatíma svo og á prófatíma. Hann kallaði sérstaklega eftir nemendum sem komnir eru nokkuð áleiðis í námi.

Nemandi vildi gjarnan að vantskraninn á 3ju hæð væri í lagi svo hægt væri að fá sér svalandi sopa eftir erfiðan tröppugang.

Þorsteinn sagði þessa ábendingu bæði góða og réttmæta og þessu yrði kippt í liðinn hið fyrsta.

Spurt var hvort hægt væri að uppfæra tölvurnar oft.

Í máli Kristins aðstoðarskólameistara kom fram að málið yrði skoðað. Hann hvatti nemendur til að nota FG-póstinn. Sendar væru margar mikilvægar tilkynningar til nemenda í gegnum póstinn og það væri nauðsynlegt að þessi skilaboð væru lesin.

Fyrirspurn kom um það hvort ekki væri hægt að koma því betur til skila til kennara ef nemandi væri erlendis.

Í máli aðstoðarskólameistara kom fram að slíkt væri fyrst og fremst á ábyrgð nemenda sjálfra. Þeir gætu sótt um leyfi sem yrði skoðað í lok annar í ljósi mætinga.

Nemendur gætu rætt við kennara ef þeir hygðust vera burtu í einhvern tíma, enda í raun sjálfsagt. Í INNU væri ekki gert ráð fyrir slíkum sérmerkingum, þó verði það skoðað nánar.

Nemandi vildi fá að vita hvers vegna nemendur hefðu einungis 10MB svæði í tölvunum.

Nemendur í skólanum hafa góðan aðgang að tölvum. 100 nýjar tölvur voru settar upp í haust. Kerfisstjóri mun fá málið til skoðunar.

Þorsteinn skólameistari benti nemendum á að Urðarbrunnur hafi verið tekinn í gegn. Búið er að setja upp ný tæki, búið væri að þrifa allt hátt og lágt. Umgengni nemenda hlyti að verða í samræmi við þetta. Aðspurður um hvers vegna reglan um inniskó hefði verið sett svaraði Þorsteinn að þetta væri fyrst og fremst spurning um hreinlæti.

Spurt var hvers vegna væri ekki settur upp kortalesari í mötuneytinu.

Skólameistari sagði að þetta væri spurning um kostnað. Málið yrði athugað nánar.

Athugasemd kom um afgreiðslu í mötuneytinu. Nemendur þyrftu að eyða öllu hádegishléinu í biðröð.

Þorsteinn kallaði eftir tillögum til úrbóta. Nemendur eru hvattir til að koma með góðar ábendingar og þær verða þá skoðaðar.

Nokkur umræða var um þjófnað á skófatnaði. Í máli skólameistara kom fram að slík mál eru alltaf erfið. Nemendur eru hvattir til að nýta sér skápana. Nýtt og öflugt kerfi verður sett upp bráðlega og þá verður farið yfir málið.

Spurt var hvers vegna Salsaball hafi nú orðið að Glimmerballi.

Í máli Stefáns forseta NFFG kom fram að Salsaballi fylgja ákveðnir siðir sem menn hafi viljað sleppa. Hann benti nemendum á að böll eru böll, það má alltaf skipta um nafn á þeim. Í umræðunni vildi nemandi fá að vita hvort fleiri böll yrðu í skólanum. Stefán kvað ekki svo vera. Þorsteinn skólameistari bað nemendur að hafa í huga að í skólanum er breiður hópur nemenda með mismunandi skoðanir á skemmtunum. Því væri mikilvægt að auka fjölbreytnina. Busaballið var haldið í skólanum í samráði og samstarfi við foreldra. Fjölbreytni í skemmtanahaldi er forsenda þess að nemendur geti valið.

Fyrirspurn kom um gönguferð yfir Fimmvörðuháls. Hvers vegna var hún lögð niður núna?

Í máli Kristins aðstoðarskólameistara kom fram að stjórnendur tóku þessa ákvörðun. Þessa önn jókst mjög umfang íþróttakennslu, nýnemar fengu 2ja eininga áfanga og afreksbraut var sett á laggirnar. Ekki var svigrúm til að bæta við einingum í íþróttum að þessu sinni.

Spurt var hvers vegna nemendur eldri en 18 ára mættu ekki skrifa sjálfir undir veikindamiða.

Kristinn aðstoðarskólameistari sagði það fyrst og fremst vera vegna mikilla veikindatilkynninga nemenda. Reynt hafi verið að fara þá leið að treysta nemendum en sú tilraun hafi mistekist. Aðspurður um hvað nemendur ættu að gera ef foreldrar væru erlendis sagði hann að nemendur ættu þá að ræða við stallara um þau mál.

Nemandi vildi gjarnan hafa möguleika á að horfa á sjónvarp í hléum.

Þorsteinn skólameistari taldi að NFFG gæti skoðað málið. Í máli stjórnarmanna NFFG kom fram að myndir væru sýndar í hádeginu. Allar ábendingar um myndir væru vel þegnar.

Spurt var hvers vegna nemendur mættu ekki fara í ræktina í stað hefðbundinna íþróttatíma.

Snjólaug svaraði og sagði að verið væri að breyta íþróttum: nemendur tækju 2 einingar á önn fyrstu 4 annir og gætu síðan farið þangað sem þeir vildu. Skólinn býður upp á kennslu skv. námskrá og vill bjóða upp á vandaða kennslu.

Athugasemd kom um að nettenging í stofum væri ekki nægjanlega góð.

Í máli aðstoðarskólameistara kom fram að ekki væri gert ráð fyrir þráðlausu neti í kennslustofum. Kennslan er almennt ekki byggð upp á því að nemendur séu að vinna með netið í tímum. Í slíkum kennslutímum væri farið með hópinn í tölvustofur.

Í lok fundar hvatti Þorsteinn skólameistari nemendur til að fylgjast vel með allri umræðu um framhaldsskólann. Ný lög væru væntanleg svo og ný námskrá. Það væri gott fyrir framhaldsskólann að nemendur láti í sér heyra.

Elísabet Siemsen áfangastjóri skráði fundargerð.

14. Skýrslur kennslustjóra

Hér á eftir fylgja skýrslur kennslustjóra frá skólaárinu 2006-2007. Þær eru meira birtar sem dæmi um skýrslur en til að gefa tæmandi sýn en jafnframt endurspegla skýrslurnar þær breytingar sem hafa orðið á framhaldsskólakerfinu þar sem engar slíkar skýrslur voru gerðar í nokkur ár. Í kjarasamningum árið 2000 var deildarstjórn lögð niður og myndaðist þá tómarúm í stjórnun og miðstýring varð meiri. En á undanförunum árum hafa skólar hægt og rólega verið að fíkra sig í áttina að einhverskonar faggreinakennslu, enda löngu komið í ljós að deildarstjórn var nauðsynleg. Hér í FG tókum við fyrst upp fagstjóra en frá og með haustönn 2006 höfum við haft kennslustjóra faggreina og er ætlunin að auka vægi þeirra talsvert.

Við lestur þessara skýrslna sést að þær eru mjög ólíkar að gerð og gæðum. Það er mat skýrsluhöfundar að eðlilegt sé að staðla að einhverju leiti þessar skýrslur svo auðveldara sé að nota þær við stjórn skólans. Það mun einnig auðvelda skýrslugerð til muna að hafa leiðbeiningar að fara eftir. En hafa þer í huga að þetta eru fyrstu skýrslurnar eftir að tekið var upp nýtt kerfi millistjórnenda í skólanum haustið 2006 í kjölfar stofnanasamninga sama ár.

14.1* Skýrsla dönsku- og þýskudeildar fyrir skólaárið 2006-2007.

14.2* Eðlis- og efnafræðiskýrsla fyrir veturinn 2006-2007

14.3* Íslenskudeild skýrsla fyrir veturinn 2006-2007

14.4* Skýrsla íþróttadeildar skólaárið 2006-2007.

14.5* Skýrsla samfélagsgreina skólaárið 2006-2007

14.6* Skýrsla stærðfræðideildar skólaárið 2006-2007

14.7* Skýrsla um kennslu í viðskiptagreinum veturinn 2006-2007

14.08* Skýrsla raungreinadeildar(líffræði, jarðfræði og landafræði)skólaárið 2006-2007

14.09* Kennaraskýrsla Listnámsbraut veturinn 2006-2007

*** Þessar skýrslur eru ekki birtar á netinu en eru geymdar í skólanum**

14.10 Skýrsla forvarnafulltrúa september 2006 – maí 2007

Forvarnateymi

Forvarnateymi skólans hefur hist reglulega í allan vetur eða annan hvern þriðjudag. Það sem mest hefur verið rætt um eru m.a. skólaböllin. Við viljum leggja áherslu á næstu annir að allar upptökur nemendafélagsins verði algjörlega áfengislausar, þ.m.t. dansleikirnir. Nú þegar er búið að samþykka í skólaráði að næsta nýnemaball verði haldið í skólanum.

Skólaferðalög hafa líka borið á góma hjá forvarnateyminu. Okkur finnst ástæða til að taka upp í haust umræðu á meðal kennara hvaða reglur gilda í skólaferðalögum, hvort sem um er að ræða í innan- eða utanlandsferðum.

Skólaböllin

Nemendafélag skólans hefur staðið fyrir 5 dansleikjum sem haldnir hafa verið á skemmtistöðum í Reykjavík. Undirbúningurinn fyrir þessa dansleiki hefur verið nemendafélaginu til sóma. Dansleikirnir hafa þrátt fyrir það gengið misvel og við höfum þurft að láta sækja upp í 8 einstaklinga vegna ofurölvunar á balli. Allir dansleikirnir hafa haft það sammerkt að ölvun hefur verið töluverð.

Þegar árs hátíðin var haldin þá fengum við Sniglana til að vera með gæslu fyrir utan staðinn og þeir vörnuðu þeim inngöngu sem sjáanlega voru mikið ölvaðir eða voru með áfengi um hönd. Þetta gafst vel og létum við Sniglana endurtaka leikinn þegar lokaballið var haldið í apríl.

Markmiðið er að færa þessa dansleiki inni í skólann og láta nemendur taka mark á „ölvun ógildir miðann“. Nú hefur verið samþykkt að busaballið næsta haust verður í skólanum og gaman verður að sjá hvernig til tekst.

Samstarf

Reglulega hefur starfsmaður barnaverndarnefndar í Garðabæ boðað fund með lögreglunni, skólastjóra og námsráðgjafa Garðaskóla, starfsmanni kirkjunnar og mér. Þessir fundir hafa verið mjög góðir og að mínu mati mikilvægir. Þeir stuðla að góðu upplýsingaflæði milli þeirra sem vinna með ungu fólki í bænum.

Reykinganámskeið

Í samstarfi við Aðalbjörgu auglýsti ég námskeið fyrir þá sem vildu hætta að reykja en því miður gekk skráningin illa svo við ákváðum að fella niður námskeiðið í ár.

Galadansleikur

Samkvæmt venju var galadansleikur haldinn á haustönn. Hann gekk ágætlega en ég hefði viljað sjá fleiri nemendur. Ein hugmyndin er að í haust að öllum nemendum skólans sem lokið hafa 100 einingum verði sent bréf og þeim boðið á galadansleikinn og ítrekað verði í því bréfi að þetta er áfengislaus skemmtun.

DLT

Yfir 100 nemendur tóku þátt í DLT í ár og útkoman var sérlega skemmtileg. Það var mikið álag á nemendur um tíma, sérstaklega þegar fór að nálgast frumsýningu, og nemendur þöndu það misvel eins og gengur.

Ályktun

Á sameiginlegum fundi forvarna- og félagsmálafulltrúa í framhaldsskólum var samþykkt ályktun sem send var til lögreglu, sveitastjórna og skólameistara framhaldsskólanna um að leyfa ekki dansleiki lengur en til kl. 1 eftir miðnætti á virkum kvöldum. Allir skrifuðu undir þessa ályktun nema fulltrúar Mennaskólans í Reykjavík og Verslunarskóla Íslands.

14.11 Starfsbraut fyrir fatlaða nemendur í FG - Skýrsla um skólaárið 2006 – 2007

Nemendur og starfsfólk

Átta nemendur hófu nám á starfsbraut þetta skólaár sem er hið tíunda í sögu brautarinnar. Þrjú nemendur voru teknir inn síðastliðið haust, á öðru námsári voru fjórir nemendur, enginn nemandi á þriðja námsári og einn á því fjórða. Tveir nemendur eru með dæmigerða einhverfu, tveir eru með einkenni á einhverfurófi og þroskahömlun, tveir með þroskahömlun og tveir með alvarleg námsvandamál. Skólasókn flestra nemenda hefur verið afar góð á þessu skólaári. Í byrjun vorannar þurfti að vísa nemanda úr skóla vegna hegðunarerfiðleika og voru nemendur á brautinni sjö eftir það.

Fastráðnir starfsmenn við brautina voru Rósa Eiríksdóttir þroskaþjálfari, Hrafnhildur Ragnarsdóttir sérkennari og Guðrún Ingibjörg Hálfdanardóttir sérkennari sem sinnti auk kennslu starfi kennslustjóra. Þórdís Gunnarsdóttir var í starfi stuðningsfulltrúa.



Húsnæði og búnaður

Brautin er staðsett í stofu A 207 og kennslueldhús nýtt til eldhúspjálfunar og þjálfunar athafna daglegs lífs. Það hefur einnig verið notað til hóp- og einstaklingskennslu í bóklegum greinum og lífsleikni.

Kennsla á starfsbraut

Sem fyrr var kennsla skipulögð með hliðsjón af námskrá Menntamálaráðuneytisins fyrir starfsbrautir framhaldsskóla. Einnig var komið til móts við óskir nemenda og foreldra og stuðlað að því að gera nemendum kleift að nýta sér einhverja af þeim áföngum sem skólinn hefur í boði. Brautin fékk 73,5 kennslustundir til kennslu á haustönn og skiptust þær eftirfarandi:

Haustönn

Fag	Fjöldi kst.	Kennari	Fjöldi	Álag

			nem.	
Nám	Kennslustjórn	6,0	Guðrún Hálfðanardóttir	
	Sérkennsla, umsjónarkennari.	16,5		2
	Sérkennsla, umsjónarkennari	21	Hrafnhildur Ragnarsdóttir	3
	Sérkennsla, umsjónarkennari	21	Rósa Eiríksdóttir	3
	Íþróttir	1,5	Snjólaug Bjarnadóttir	7
	Íþróttir	1,5	Ingvar Arnarson	7
	Textílmennt	3,0	Ingibjörg Ólafsdóttir	3
	Myndlist	3,0	Jóhanna M. Tryggvadóttir	4
	Samtals:	73,5		

innan áfanga

Námsgrein:	Fjöldi nemenda af starfsbraut:
LKN 103	1
ÍþR 391	1
ÍþR 301	1
SJL 103	1
THL 103	2
TRÉ 183	2

Tveir nýnemar sóttu áfangann LKN 103 og fékk annar þeirra fylgd stuðningsfulltrúa í tímana. Einn nemandi sótti nám í myndlist og textíl og sótti tíma án fylgdar. Einn nemandi sótti tíma í textíl og fékk fylgd stuðningsfulltrúa. Tveir nemendur sóttu smíðaáfangann TRÉ 183, án fylgdar frá starfsbraut.

Nemendur í íþróttáföngum sóttu tíma án stuðnings frá starfsbraut.

Vorönn

Fag	Fjöldi kst.	Kennari	Fjöldi nem.	Álag
Kennslustjórn	6,0	Guðrún Hálfðanardóttir		
Sérkennsla, umsjónarkennari.	16,5		2	12%
Sérkennsla, umsjónarkennari	21	Hrafnhildur Ragnarsdóttir	3	17%
Sérkennsla, umsjónarkennari	21	Rósa Eiríksdóttir	3	17%
Íþróttir	1,5	Snjólaug Bjarnadóttir	7	17%
Íþróttir	1,5	Ingvar Arnarson	7	17%
Smíði	3,0	Guðlaugur Georgsson	5	17%

Myndlist	3,0	Jóhanna M. Tryggvadóttir	4	17%
Samtals:	<u>73,5</u>			

Nám innan áfanga

Námsgrein:	Fjöldi nemenda af starfsbraut:
THL 112	1
DAN 192	1
THL 143	1
ÍÞR 131	1
ÍÞR 301	1
SJL 103	1
SJL 203	1

Einn nemandi brautarinnar steig það skref að taka meirihluta náms síns innan áfanga en fékk stuðning við nám frá kennara af starfsbraut sem hafði umsjón með nemandanum. Sá nemandi stóð sig með ágætum og náði öllum áföngunum fjórum.

Einn nemandi sótti tíma í tveimur áföngum og stóð sig með ágætum.

Einn nemandi sýndi mjög alvarlega hegðun og var vikið tímabundið úr skóla á haustönn. Sú hegðun tók sig upp í byrjun vorannar og var nemandanum vikið úr skóla vegna alvarleika hegðunarinnar. Ljóst er að aðstaðan sem starfsemin á brautinni býr við gerir mjög erfitt fyrir þegar nemendur með hegðunarerfiðleika eru annars vegar. Ekki er hægt að taka nemendur út úr hópnum og búa þarf við mikil þringsli sem er streituvaldandi fyrir bæði nemendur og starfsmenn.



Sem fyrr var þeim nemendum kennt í hópnum sem eru svipaðir að getu í íslensku, heilsufræði, samfélagsfræði og ensku. Í samfélagsfræði á haustönn var hópur þjálfður í strætisvagnaferðum og í að fara á veitingastaði. Sem fyrr var lögð mikil áhersla á lífsleikni þar sem nemendafundir og vettvangsferðir vega þyngst auk einstaklings samtala og notkunar félagsháfnisagna. Stuttmyndagerð fór fram á vorönn sem lauk með þátttöku í stuttmyndakeppni starfsbrauta framhaldsskólanna í lok apríl.

Verklegt starfsnám var á báðum önnum og farið í vinnustaðaheimsóknir í Örva, Mjólkursamsöluna og IKEA. Nemandi á lokaári fékk starfsnám í mótuneyti kennara á haustönn og í versluninni IKEA á vorönn.



Vettvangsferðir / ferðalög

Á haustönn var farið í dagsferð í Hveragerði og í Ölfus. Nemendur fengu leiðsögn um

hverasvæðið og komu við í Upplýsingamiðstöð Suðurlands í Hveragerði þar sem gafst færi á að upplifa jarðskjálfta í jarðskjálftahermi. Snæddur var hádegisverður í Eden og síðan var farið í Ölfusréttir eftir hádegið þar sem menn komust í tæri við réttarstemmningu. Farið var á söngvakeppni starfsbrauta á Akureyri í nóvember og gist eina nótt. Fjórir nemendur fóru og tóku þátt í keppninni, tveir starfsmenn fylgdu og var farið norður í hópferðabifreið með hópi nemenda og kennara frá Flensborgarskóla í Hafnarfirði.



Vettvangsferðir á haustönn voru eftirfarandi: Í Hafnarfjörð í Hafnarborg og bæjarrölt, í Smáralind þar sem nemendur fengu verkefni í formi ratleiks, í IKEA þar sem nemendur leystu verkefni sem tengdust m.a. stærðfræði og í Árbæjarsafn þar sem skoðuð var sýningin Gömlu jólin. Síðasta dag annarinnar var farið í miðbæ Reykjavíkur og litið inn í gallerí og jólahús og borðað saman í hádegi.

Í janúar var starfsbrautin í Flensborgarskólanum í Hafnarfirði heimsótt og aðstaðan skoðuð en brautin fékk nýtt húsnæði sem tekið var í notkun

í byrjun skólaársins. Aðstaða brautarinnar er til mikils sóma og eitthvað sem mætti skoða sem fyrirmynd fyrir fyrirhugað framtíðarhúsnæði starfsbrautar við FG. Ætlunin er að bjóða gestgjöfunum hingað til okkar á haustönn 2007.

Farið var í heimsókn í hesthús þar sem nemendur fengu að grípa í að moka, kemba og snyrta hross, auk þess sem lagt var á og farið á hestbak. Farið var í bæjarferð og skoðuð sýning á vegum Listar án landamæra í Ráðhúsi Reykjavíkur þar sem Ísak Óli Sævarsson, einn nemandi brautarinnar, sýndi myndir. Farið var í Sögusafnið í Perlunni og svo í keilu þar sem tekinn var leikur og snædd pizza. Á lokadegi annarinnar var farið í bæinn og fylgst með Risessunni



vakna á þaki Hljómskálans, en það var atriði á listahátíð Reykjavíkur. Risessunni var svo fylgt upp Bankastræti og Skólavörðustíg upp að Hallgrímskirkju hvar hún lagði sig til svefnis.

Í vorferðalagi var farið um Hvalfjörð, staldrað við hjá kirkju Hallgríms og hlýtt á þjóðsöguna Rauðhöfða og síðan ekið í Borgarnes þar sem skoðaðar voru tvær sýningar í Landnámssetri en nemendur höfðu sumir lesið stutta útgáfu af Egils sögu. Sveimað var um slóðir Egils, með viðkomu

á Bjössaróló, og svo farið að Hreðavatni og rölt um stíga í skóginum við vatnið. Gist var í bústað í Munaðarnesi og þar farið í heitan pott, grínast og grillað um kvöldið. Daginn eftir var ekið um búsaðarlegar sveitir Borgarfjarðar, m.a. yfir brúna í Ferjukoti (sem sumum þótti hápunktur ferðarinnar!) farið að Hvanneyri og svo í Skorradal þar sem gengið var um skóg í hlíðinni, hlýtt á þjóðsögu, skyggnst yfir vatnið og ummerkja Skorradalsormsins leitað en án árangurs. Síðan var ekið um Dragháls yfir í Hvalfjörð þar sem í hádegi var snæddur málsverður í hótél Glymi. Nemendur og starfsmenn komu ánægðir heim eftir vel heppnaða ferð.

Félagslíf innan skólans

Nemendur starfsbrautar hafa ekki sýnt áhuga á að taka þátt í félagslífi skólans. Þeir sem hafa sótt dansleiki hafa sumir orðið sjokkeraðir eftir slíkar samkomur og það er því til mikilla bóta hvað varðar þátttöku í félagslífi ef orð skólameistara nú á síðasta kennarafundi annarinnar

ganga eftir að busaball á hausti komanda verði haldið innan skólans. Lýst er yfir ánægju með þetta og stuðningi við að viðburðir í félagslífinu verði fleiri á þessum nótum. Nemendur tóku þátt í íþróttadegi og Imbrudögum, flestir voru með á borðhaldi á árshátíð en enginn fór á dansleik á eftir.



Einn nemandi brautarinnar útskrifaðist þetta árið og tók þátt í dimission með tilheyrandi klæðnaði, fjöri og uppákomum yfir daginn og mætti einnig á kvöldverð og skemmtun um kvöldið í sal Samfylkingar í Hafnarfirði. Sá nemandi var fyrsti nemandi brautarinnar til að taka fylgdarlaust þátt í dimission, og kemur til vegna þess hve sjálfstæður hann er.

Einn viðburður á vetrinum stendur sérstaklega upp úr en það er stuttmyndakeppni starfsbrauta framhaldsskólanna sem haldin var 27.

apríl. Það kom í hlut okkar hér á starfsbraut FG að halda keppnina þar sem framlag okkar bar sigur úr bítum á fyrra ári. Keppnin var nú haldin í samvinnu við List án landamæra og fór fram í Háskólabíói. Að henni lokinni var komið saman í Urðarbrunni þar sem boðið var upp á hátíðarkvöldverð, skemmtiatriði úr Öskubusku, happdrætti og diskótek til miðnættis.



Keppnin tókst framúr-skarandi vel og var FG til mikils sóma. Starfsmenn og nemendur brautarinnar undirbjuggu viðburðinn vel, nemendur sáu um kynningar og fengu matráðskonur og skólaliða skólans með sér til hjálpar við framleiðslu á máltíð, auk tveggja nemenda skólans sem sáu um tæknimál á sýningu og diskótek og ekki síst leikara úr söngleiknum Öskubusku sem sýndu atriði og skemmtu sér svo hið besta með hópnum á

diskóteki. Sú sena gladdi okkur starfsbrautarstarfsmenn og vakti upp hugleiðingar um hvort unnt væri að ýta enn frekar undir aðstæður til að stuðla að blöndun fatlaðra og ófatlaðra nemenda innan skólans.

Eins og staðan er gefast ekki mörg tækifæri til þess í daglegu starfi en spurning hvort unnt sé að setja upp áfanga sem miðar að blöndun nemenda – t.d. leiklist eða þá að gera DLT-áfangann þannig úr garði að hugað sé sérstaklega að þátttöku starfsbrautar-nemenda. Þetta má setja upp sem tilraun á næstu önn, ekki síst vegna þess hve jákvæðir nemendur í Öskubuskuleikhóp voru í garð starfsbrautarnemenda.

Foreldrasamstarf

Foreldrasamstarf hefur verið með svipuðu sniði og fyrr og fór mest fram með samtölum í síma, tölvupósti, bréfasendingum og foreldrafundum. Foreldrar nýnema voru fengnir í viðtöl áður en kennsla hófst. Einnig var boðið upp á einstaklingsviðtöl með foreldrum á vorönn.

Heimsóknir á starfsbraut

Sem fyrr höfum við fengið heimsóknir á brautina. Má þar nefna hóp kennaranema sem sótti starfsnám í FG í vetur.

Eins og fyrr fengum við heimsóknir kennara, námsráðgjafa, foreldra og tíundubekkinga sem komu að kynna sér brautina með mögulegt nám í huga næsta vetur. 20 manna hópur kennara og nemenda 10. bekkjar í Öskjuhlíðarskóla komu í heimsókn á vorönn.

Eldri nemendum sem útskrifast hafa af brautinni var boðið í jólamat í desember og að þessu sinni voru okkur til samlætis skólameistari og aðstoðarskólameistari skólans.

Freyja Haraldsdóttir kom í heimsókn og flutti erindi um fötlun þar sem ýmsar umræður spunnust í hópnum.

Þrír nemendur úr lífsleiknihópum sinntu sjálfboðaliðastörfum á brautinni, ýmist með hjálparkennslu eða fylgd í mötuneyti í matarhléum.



Kynningar á starfsbraut - fundir

Á haustdögum var starfsbrautin kynnt fyrir nemendum í lífsleikniáföngum nýnema í FG.

Tveir nemendur brautarinnar undirbjuggu kynninguna og fóru í alla lífsleiknihópana ásamt kennslustjóra.

Haldnir voru 5 fundir vegna brottvísunar nemanda af starfsbraut. Lokafundur var með móður nemandans, forstöðumanni sambýlis, starfsmanni af svæðisskrifstofu Reykjaness og starfsmanni frá Sjónarhóli auk námsráðgjafa, skólameistara og aðstoðarskólameistara FG. Reynsla okkar af því máli sýnir að huga þarf vel að aðstæðum nemenda með hegðunarerfiðleika og svo að unnt sé að mæta öllum verði aðstaða brautarinnar að breytast, meðal annars hvað varðar að það verður að vera hægt að hafa nemanda algerlega sér í stofu eða herbergi. Einnig er ljóst að áfallahjálp sérfræðings er ekki opin og greið ef eitthvað gerist. Kennslustjóri sótti fund forsvarsmanna starfsbrauta í Flensborg, 29. mars og allir starfsmenn brautarinnar sóttu samstarfsfund með starfsmönnum starfsbrauta 30. mars á sama stað.

Kennslustjóri sótti fund um innritunarmál ásamt forsvarsmönnum starfsbrauta á höfuðborgarsvæðinu með Ásgerði Ólafsdóttur sérfræðingi í menntamála-ráðuneyti á vordögum.

Útskrifaðir nemendur – nýir

nemendur Einn nemandi lauk námi af starfsbraut nú í vor. Ein umsókn hefur borist um nám á brautinni næsta vetur en unnt er að taka inn 2-3 nemendur. Eins og á fyrri önn verður mikil breidd í hópnum hvað varðar



námsgetu og félagslega færni sem krefst mikillar skipulagningar á kennslu á næsta skólaári. Það kætir okkur hins vegar mjög að nú hefur verið skrifað undir samning um viðbyggingu þar sem nýtt og betra húsnæði bíður okkar. Mælt er með að horft verði til skóla þar sem aðstaða starfsbrauta er til fyrirmyndar – og má þar nefna Flensborgarskóla í Hafnarfirði eins og áður var nefnt. En þessu tengist einnig ákvarðanatöku um hversu fjölmenn deildin á að vera. Á fundi starfsmanna starfsbrautar FG með yfirmönnum skólans í apríl síðastliðnum bar þetta á góma og kennslustjóri lagði fram hugmyndir um að deildin verði með 12-16 nemendum í

fram tíðarhúsnæði. Einnig að skrykkjótt inntaka nýnema á brautina sé ekki góð – gerði faglegt starf erfitt og gerði félagsleg skilyrði nemenda erfiðari en ella. Ljóst er af viðbrögðum stjórnenda skólans að þessar hugmyndir um stærð á starfsbraut falla ekki að hugmyndum þeirra en niðurstaða í málið hlýtur að þurfa að vera ljós áður en húsnæði brautarinnar verður ákveðið.

Garðabæ, 21. maí 2007

Guðrún Ingibjörg Hálfanardóttir
kennslustjóri starfsbrautar FG

14.12 Skýrsla kennslustjóra á almennri braut ág. 2002 – maí 2007

Undirritaður var kennslustjóri á almennri braut í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ ofangreint tímabil. Í starfinu hefur mest áhersla verið lögð á nemendur á svonefndri almennri braut 1, þ.e. nemendur sem hafa fallið í samræmdum prófum í tveimur eða fleiri greinum – eða ekki tekið þau.

Ákveðið var að halda þessum nemum saman í hópi að mestu fyrsta árið og láta þá að nokkru leyti sitja áfanga sem sérsniðnir væru fyrir hópinn. Markmiðið var tvíþætt:

- a) Bæta sjálfsmynd nemanna og sýna þeim fram á að þeir gætu ráðið við nám í framhaldsskóla.
- b) Reyna með öllum tiltækum ráðum að halda þeim í skóla í fjórar annir hið minnsta. Litum við svo á að í því væri fólgin mikil forvörn, þar sem einstaklingum með skerta sjálfsmynd er mjög hætt við að villast af braut og lenda í óreglu og fíkniefnum. Hins vegar er mikill munur á þroska 16 ára unglings og 18 ára ungmennis.

Nemendur fóru í upprifjunaráfanga í þeim kjarnagreinum sem þeir höfðu fallið í (eða ekki tekið samræmt próf í) og var þá oftast haldið saman í hóp. Þeir sem höfðu náð áfanganum sóttu tíma í námsgreininni með öðrum nemendum skólans. Flest árin var nemunum kennd enska og stærðfræði á haustönn en síðan íslenska og danska á vorönninni. Þetta var þó svolítið breytilegt.

Að auki var áfangi sem nefndist KLV (kynning á list- og verkgreinum). Var hann miðaður við þá möguleika sem skólinn hafði upp á að bjóða í þessum greinum. Nemarnir fengu að kynna myndlist, textílið, trésmíði og auk þess myndvinnslu í tölvu. Var þessi áfangi misvinsæll; nemendur voru ánægðir með sumt en miður með annað en þó nokkrir nemendur áttuðu sig á því að þeir höfðu í rauninni áhuga á verklegu námi og hurfu frá okkur í iðnskóla. Það töldum við sigur á leið þeirra til þroska, hvort sem það var nú KLV að þakka eða ekki.

Auk þessa voru áfangar á borð við NÁM103 sem miðast við að hjálpa nemendum með dyslexíu að ná tókum á námi og STU102 og 202 sem eru aðstoð við heimanám og lestrarþjálfun.

Ef litið er á árangurinn af starfinu er hann mjög upp og ofan og undarleg áraskipti að því hvernig gekk. Annað árið voru hóparnir mjög meðfærilegir og hægt að ná upp góðum vinnuanda, hitt árið erfiðir viðfangs, uppreisnargjarnir og verkfælnir með afbrigðum.

En lítum á árangurinn eftir árum. Staða hópanna er miðuð við maí 2007.

Haustið 2002 byrjuðu 13 nemendur á AN-1. Tveir þeirra eru enn í skólanum. Komu báðir aftur eftir að hafa gert hlé á námi í tvær annir. Þeir hafa báðir lokið nær hundrað einingum og geta vel lokið stúdentsprófi.

Af þessum 13 nemum voru 8 fjórar annir eða fleiri í skólanum. Meðaltalið er 5,2 annir og þeir luku að meðaltali 8,3 einingum á önn.

Haustið 2003 hófu 12 nemendur nám á AN-1. Fjórir þeirra eru enn við nám hér. Þeir hafa allir gert hlé á námi eina eða tvær annir og hafa lokið 67–104 einingum.

Af þessum hópi voru átta fjórar annir eða fleiri í skólanum. Meðaltalið er 5 annir og þeir luku að meðaltali 8,4 einingum á önn.

Haustið 2004 hófu 17 nemendur nám á AN-1. Níu þeirra eru enn við nám hér. Þrjú hurfu héðan í aðra skóla. Þeir sem hér eru enn hafa flestir lokið 60–80 einingum; einn 40 og einn 94.

Af þessum hópi hafa einungis fimm horfið héðan eftir minna en fjögurra anna setu og þrjú þeirra fóru í nám við aðra skóla. Að meðaltali hafa nemandur í hópnum setið hér 4,5 annir (af 6 mögulegum) og lokið að meðaltali 10,8 einingum á önn.

Haustið 2005 hófu 16 nemendur nám á AN-1. Einungis tveir þeirra eru hér enn. Annar þeirra hefur lokið 64 einingum og stendur sig með þrjú. Hinum miðar hægar. Að meðaltali hafa nemandur úr þessum hópi setið hér 2,7 annir og lokið 8,6 einingum.

Haustið 2006 hófu 17 nemendur nám á AN-1. Fjórtán þeirra eru hér enn. Lítil reynsla er komin á gengi þessa hóps í skólakerfinu en hann var býsna erfiður viðfangs. Að meðaltali hafa nemandur setið hér 1,8 annir og lokið 11,4 einingum á önn.

15. Ytra mat - lokaorð

Í úttektum menntamálaráðuneytisins á sjálfsmatsaðferðum skólanna eru tíu atriði lögð til grundvallar. Lítum nú á þessi atriði í tengslum við FG.

Sjálfsmat skal vera:

1. Formlegt

Lýsing á aðferðum við sjálfsmat þarf að liggja fyrir í sjálfsmatsskýrslu, skólanámskrá og hugsanlega í fleiri skriflegum gögnum frá skólanum. Fram þarf að koma hvort um er að ræða viðurkennda sjálfsmatsaðferð eða samsetta og aðlagða aðferð. Gera þarf grein fyrir hvernig að sjálfsmatinu er staðið í heild. Í lýsingunni þarf að koma fram hverjir stjórna verkinu, hverjir vinna það á hverjum tíma og til hverra það nær.

Fyrir liggur sjálfsmatsáætlun og var reynt að fylgja henni í hvívetna. Aðferð við sjálfsmat er margþætt og samansett. Að mínu mati uppfyllir það skilyrði menntamálaráðuneytisins.

2. Altækt

Sjálfsmatið skal ná til allra helstu þátta skólastarfsins, þ.e. markmiða, stjórnunar, náms, kennslu, námsmats, nemenda, starfsfólks, aðbúnaðar og ytri tengsla. Ekki er þó gert ráð fyrir að skólar geti tekið jafn ítarlega á öllum þáttum á hverju ári.

Eins og sést í skýrslunni var matið viðamiklari og bar víða niður og uppfyllir vel þau markmið að matið sé altækt. Ekki er gert ráð fyrir að matið verði að öllu leyti jafn viðmiklari á næsta ári.

3. Áreiðanlegt

Mikilvægt er að sjálfsmatið byggi á traustum gögnum og áreiðanlegum mælingum. Gögn úr bókhaldi skólans, t.d. námsferilsskrá og fjarvistaskrá, þurfa að vera tiltæk. Skólar geta þó ekki í öllum tilvikum byggt á tölulegum gögnum, en þurfa þá að meta starf sitt með öðrum hætti, eins og viðhorfakönnunum meðal ólíkra hópa, t.d. meðal nemenda, starfsfólks, foreldra, viðtökuskóla, almennings, atvinnulífs og brautskráðra nemenda.

Við matið var stuðst við fjölda gagna. Einkunnir, kannanir ytri og innri aðila og fjarvistargögn. Ekki voru öll gögnin mælanleg en stuðst var við slík gögn eins og kostur var.

4. Samstarfsmiðað

Allt starfsfólk þarf með einum eða öðrum hætti að koma að vinnu við sjálfsmatið. Við skipulagningu og undirbúning sjálfsmatsins þarf að kynna öllum starfsmönnum umfang verkefnisins. Jafnframt þarf að nást sátt um framkvæmd þess. Verkaskipting þarf að vera skýr og sömuleiðis stjórnun og ábyrgð. Á þessu stigi þarf að hafa í huga þátttöku nemenda, foreldra og annarra hagsmunaaðila í sjálfsmatinu.

Allir starfsmenn komu að sjálfsmatinu með einum eða öðrum hætti. Nemendur svöruðu kennsukönnunum og sátu opna fundi. Starfsmenn svöruðu tveimur könnunum og tóku þátt í starfi gæðahópa. Forráðamönnum var boðið á fundi hér um starfsemi skólans en gera má betur í að kanna viðhorf forráðamanna til þess starfs sem hér fer fram.

5. Umbótamiðað

Í sjálfsmatsskýrslu þarf að birta aðgerða- og starfsáætlun um þær umbætur í skólastarfinu sem vinna þarf að í kjölfar sjálfsmats. Einnig þarf að birta upplýsingar um hvernig markmiðum umbótaáætlunar verði náð. Viðmið um hvað bættur árangur felur í sér þurfa að vera skilgreind.

Skólinn hefur síðan 2002 sett sér deilimarkmið og skráð hvernig hefur gengið að ná þeim. Þessi deilimarkmið og árangur samhliða þeim voru birt í síðustu sjálfsmatsskýrslu. Sú breyting var gerð árið 2007 að í stað deilimarkmiða er sett fram framkvæmdaáætlun og skráð hvernig gengur að ná þeim. Deilimarkmið frá 2005 og 2006 og framkvæmdaáætlun 2007 og 2008 eru birt í skýrslunni.

6. Árangursmiðað

Skólinn skal vinna að því að meta hvort markmiðum skólans hafi verið náð og hvaða árangri skólastarfið hefur skilað út frá viðmiðum sem hann hefur sett sér. Þetta geta t.d. verið viðmið um námsárangur, vellíðan, umgengni, fjarvistir og brottfall.

Skólinn hefur síðan 2002 sett sér deilimarkmið og skráð hvernig hefur gengið að ná þeim. Þessi deilimarkmið og árangur samhliða þeim voru birt í síðustu sjálfsmatsskýrslu. Sú breyting var gerð árið 2007 að í stað deilimarkmiða er sett fram framkvæmdaáætlun og skráð hvernig gengur að ná þeim. Deilimarkmið frá 2005 og 2006 og framkvæmdaáætlun 2007 og 2008 eru birt í skýrslunni.

7. Stofnana- og einstaklingsmiðað

Sjálfsmatið þarf að beinast bæði að stofnuninni sjálfri og einstaklingum innan hennar. Sem dæmi um þetta má nefna mat á frammistöðu skólans í samanburði við aðra, t.d. á samræmdum prófum og mat á stjórnun og kennslu.

Í rannsókn á starfsánægju sem HRM framkvæmdi fyrir skólann er skólinn borinn saman við aðra skóla og starfsánægjuvísitölu Íslands. Gert er grein fyrir niðurstöðunum í kafla þar að lútandi.

8. Lýsandi

Í sjálfsmatsskýrslu þarf að vera stutt hnitmiðuð lýsing (texti, myndir, töflur) á starfsemi skólans. Lýsingin þarf að hafa tengsl við markmiðssetningu.

Sjá inngang þessarar skýrslu.

9. Greinandi

Í sjálfsmatsskýrslu þarf að birta styrk- og veikleikagreiningu, sem sett er fram kerfisbundið við hvern þátt matsins og síðan í samantekt í lokin.

Tilgangur alls sjálfsmats er að meta styrkleika og veikleika stofnunarinnar. Framkvæmdaáætlun er síðan ætlað að taka á þeim veikleikum sem fram koma.

10. Opinbert

Fyrirfram þarf að ákveða hverjir hafa aðgang að tilteknum þáttum sjálfsmatsins en sjálfsmatsskýrslu þarf að birta opinberlega. Hér þarf að tryggja að haldin séu í heiðri ákvæði gildandi laga, m.a. um meðferð persónuupplýsinga.

Ekki koma fram í skýrslunni viðkvæm atriði um einstaklinga. Skýrslan er birt á heimasíðu skólans.

Sjálfsmat er ekki lengur eitthvað sem skólstjórnendur og starfsmenn eru hræddir við. Það er nú órjúfanlegur hluti skólastarfsins. Ekki þó svo að ekki megi gera betur á því sviði. Sífelld koma fram nýjar hugmyndir og nýjar aðferðir og skólafólk má ekki vera hrætt við að leita út fyrir skólann eftir aðstoð við að blása nýju lífi í skólastarfið.

Ýmislegt hefur breyst síðan vinna við sjálfsmat hófst í FG. Sumt af því sem við byrjuðum með hefur verið lagt af en annað hefur unnið sér fastan sess. Kennslumat hefur verið framkvæmt á hverri önn í mörg ár og er nú fastur hluti af umbótarstarfi innan skólans. Stefnuskra og framkvæmdaáætlanir eru birtar á heimasíðu skólans og uppfærðar og endurskoðaðar reglulega. Opnir fundir með nemendum eru einnig á hverri önn og skólanámskra er í stöðugri þróun og svo mætti áfram telja.

Í raun hefur heimasíða skólans breytt hvað mestu í skólastarfinu undanfarin ár.

Upplýsingastreymi hefur gjörbreytt og nú geta nemendur og forráðamenn fylgst með hvað gerist innan skólans og náð sér í flestar þær upplýsingar sem þá vanhagar um á netinu.

Sjálfsmatsáætlun 2006-2007 var birt á netinu og sama má segja um þessa skýrslu og nú er sjálfsmatsáætlun 2007-2008 einnig komin á netið.

Það er von mín að skýrsla þessi gefi glögga og áreiðanlega mynd af sjálfsmati Fjölbrotaskólans í Garðabæ.

Kristinn Þorsteinsson aðstoðarskólameistari,
október 2007.